FRÉTTABLAÐIÐ

195. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 2020

Strákarnir okkar lutu í gras 1-5 gegn Belgíu í Þjóðadeild UEFA í gærkvöldi þar sem stjörnum prýtt lið Belgíu gekk á lagið í seinni hálfleik eftir fínar rispur íslenska liðsins framan af leiknum. Michy Batshuayi sem fagnar hér einkar snyrtilegu öðru marki sínu og fjórða marki Belga reyndist Íslendingum erfiður og skoraði tvö mörk gegn Íslandi, annan leikinn í röð. MYND/AFP

Hefja aftur kaup á gjaldeyri

Lífeyrissjóðirnir munu ekki framlengja samkomulag sitt við Seðlabankann um að halda að sér höndum í erlendum fjárfestingum. Hefur varað í sex mánuði en rennur út í næstu viku. Gæti sett þrýsting á gengið.

VIÐSKIPTI Samkomulag Seðlabanka Íslands við lífeyrissjóðina, um að þeir myndu gera hlé á gjaldeyriskaupum sínum vegna fjárfestinga sjóðanna erlendis, verður ekki framlengt þegar það rennur út í næstu viku.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er enginn vilji til þess á meðal lífeyrissjóðanna að þeir haldi áfram að sér höndum í erlendum fjárfestingum. Er það sameiginlegur skilningur á meðal forsvarsmanna helstu sjóðanna að samkomulagið við Seðlabankann verði því ekki endurnýjað.

Tilgangur þess hefur verið að bregðast við miklum samdrætti útflutnings af völdum kórónaveirufaraldursins og stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði.

20%

lækkun hefur orðið á gengi krónunnar gegn evru það sem af er þessu ári.

Þótt lífeyrissjóðirnir hafi að mestu gert hlé á erlendum fjárfestingum undanfarna sex mánuði hefur gengi krónunnar gefið eftir um liðlega 20 prósent gagnvart evru á árinu. Þá nemur hrein gjaldeyrissala Seðlabankans úr gjaldeyrisforða sínum yfir 200 milljónum evra, jafnvirði 33 milljarða króna, frá upphafi faraldursins og hafa þau inngrip bankans spornað gegn enn meiri gengisveikingu en ella.

Lífeyrissjóðirnir hafa á undanförnum árum stóraukið við erlendar fjárfestingar sínar eftir að losað var um fjármagnshöftin. Að jafnaði hafa gjaldeyriskaup þeirra numið að meðaltali um 10 milljörðum króna á mánuði.

Ef umfang gjaldeyriskaupa lífeyrissjóðanna verður með einhverjum sambærilegum hætti þegar samkomulagið við Seðlabankann rennur úr gildi, er ljóst að það gæti að óbreyttu skapað mikinn þrýsting á gengi krónunnar.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið undir lok síðasta mánaðar að hann gerði ráð fyrir því að sjóðirnir myndu áfram sýna samfélagslega ábyrgð í gjaldeyriskaupum svo lengi sem farsóttin varir. „Ég held að fæstir vilji að sjóðurinn sem þeir greiða í standi í gjaldeyriskaupum sem veikja gengið og skapa óstöðugleika og verðbólgu.“ – hae / sjá Markaðinn

Lífeyrissjóðir meti öll áhrifin

VIÐSKIPTI Ef tíðni flugsamgangna minnkar mikið í framtíðinni mun það hafa neikvæð áhrif á verðmæti ýmissa eigna sem eru í eigu lífeyrissjóða. Þetta segir Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku banka.

„Ég er ekki viss um að það minnki áhættu eignasafna að taka ekki þátt í útboði Icelandair ef það leiðir til að það heppnist ekki,“ segir Marinó. Mikilvægt sé að sjóðirnir meti væntа ávöxtun og áhættu sem felst í að taka þátt eða ekki þátt í útboði.

Stjórnir flestra stærstu sjóðanna hafa sótt fjárfestafundi Icelandair. Það þykir óvanalegt og til marks um að þetta er ekki eins og hver önnur fjárfesting. Einn stjórnarmaður segir að honum sé „til efs að lífeyrissjóðakerfið hafi staðið frammi fyrir jafn erfiðri ákvörðun“ um langt skeið. – þfh, hae / sjá Markaðinn

Veður



Hægari vindur og víða léttskýjað í dag, en dálitlar skúrir SV-lands. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig. Vaxandi sunnanátt og fer að rigna á S- og V-landi í kvöld. SJÁ SÍÐU 16

Efla á nefnd um lögregluefirlit.

Bæta á eftirlit með lögreglu

STJÓRNSÝSLA Fyrirhugað er að gera breytingar á hlutverki nefndar um eftirlit með lögreglu, en dómsmálaráðherra hefur óskað eftir umsögnum um slík áform í samráðsgátt stjórnvalda.

Þar kemur fram að í fyrirhuguðu frumvarpi um breytingar á lögreglulögum verði leitast við að gera störf nefndarinnar skilvirkari, meðal annars með tímafrestum,

» Til skoðunar er að nefnd um eftirlit með lögreglu verði heimilað að komast að sjálfstæðri, efnislegri niðurstöðu í málum.

bættum aðgangi nefndarinnar að gögnum og einfaldari leiðum til að ljúka málum. Þá komi til skoðunar að nefndinni verði heimilað að komast að sjálfstæðri, efnislegri niðurstöðu í einstökum málum, en núverandi valdsvið nefndarinnar gerir ekki ráð fyrir því að nefndin fjalli efnislega um mál. Hlutverk hennar er að vísa málum til réttra yfirvalda og tryggja að þau séu skráð með fullnægjandi hætti.

Þá er fyrirhugað að starfsemi lögregluráðs verði lögfest og ákvæði um valdbeitingu og meðferð valdbeitingartækja og skotvopna verði sett í lögreglulög. **– aá**

Gleðilegan fisk



Eliza Reid forsetafrú og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, gæða sér á fiski í Sælkerabúðinni Bitruhálsi. Smakkið er hluti af markaðsátakinu Fishmas, sem miðar að því að auka vitund fólks um ágæti íslenska fisksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðalmeðferð í máli Samherja

DÓMSMÁL Aðalmeðferð fer fram í dag í máli Samherja annars vegar, og Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra fyrirtækisins, hins vegar, gegn Seðlabanka Íslands. Þinghaldið hefst klukkan 9 í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Samherja, eftir hádegi hefst svo meðferð í máli Þorsteins Más gegn bankanum.

» Samherjamenn mæta Seðlabankanum í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Samherji krefst meira en 300 milljóna króna í bætur vegna aðgerða bankans gegn fyrirtækinu. Fimmtán milljóna króna stjórnvaldssekt bankans á Samherja var felld úr gildi í Hæstarétti árið 2018, þá hafði sérstakur saksóknari tvívegis vísað meintum brotum fyrirtækisins á gjaldeyrislögum aftur til bankans. **– ab**

Færri eignast hunda en vilja vegna skorts

Mikill áhugi er meðal landsmanna á að eignast hund og hefur eftirspurnin aukist svo mikið að tala má um að hundaskortur sé í landinu. Formaður Hundaræktarfélagsins segir það vera stóra ákvörðun að eignast hund.

SAMFÉLAG „Við höfum fundið fyrir auknum áhuga og það er greinilega að aukast að fólk langi í hund," segir Herdís Hallmarsdóttir, formaður Hundaræktarfélags Íslands, en Fréttablaðið hefur undanfarið fengið fjölda ábendinga um að hundaskortur ríki hér á landi. „Það virðast allir finna fyrir þessum aukna áhuga, bæði er hringt meira til okkar og spurst fyrir og ræktendur tala um aukinn fjölda fyrirspurna um hvolpa," segir Herdís.

„Vinsælustu tegundirnar sem við fáum spurningar um þessa dagana eru þessar „flatnefja tegundir". Annars koma oft fyrirspurnir um labrador, cavalier, miniature schnauzer, íslenskan fjárhund og golden retriever," bætir hún við.

Á Facebook má finna fjölda hópa þar sem fram fer umræða um hunda, en einnig þar sem fram fer sala á hundum og hvolpum. Til að mynda hóparnir Hvolpar til sölu, þar sem meðlimir eru tæplega tuttugu þúsund og HRFÍ hvolpar til sölu, sem telur um fjórtán þúsund meðlimi. Í báðum þessum hópum má sjá fjölda fyrirspurna um hvolpa til sölu og væntanleg got, en erfitt virðist vera að anna eftirspurninni sem til staðar er.

Samkvæmt upplýsingum frá Hundaræktarfélagi Íslands voru nýskráðir hvolpar frá upphafi þessa árs til síðustu mánaðamóta 643 talsins og fæddust þeir í 140 gotum. Flestir voru af labrador-kyni, 170 talsins, og því næst miniature schnauzer, 121 hvolpur.

Herdís segir það ekki endilega neikvætt að eftirspurn eftir hundum og hvolpum sé meiri en framboðið. „Fókus ræktanda á ekki að vera á það að anna eftirspurn heldur á heilbrigði," útskýrir hún. „Við ræktun þarf að gæta að því grundvallarmarkmiði að rækta heilbrigða hunda með gott og dæmigert skap," bætir hún við.

Herdís Hallmarsdóttir, formaður Hundaræktendafélags Íslands, hefur fundið fyrir auknum áhuga á hundahaldi að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Það virðast allir finna fyrir þessum aukna áhuga.

Herdís Hallmarsdóttir, formaður Hundaræktendafélags Íslands

Spurð hvort biðlistar séu eftir hundum segir Herdís að það að fá sér hund sé ekki eins og að kaupa sér nýjan hlut. „Þetta er ekki fyrstur kemur, fyrstu fær, eða eins og að fara í röð úti í búð," segir hún.

„Það er stór ákvörðun að fá sér hvolp og félagið vill biðla til fólks sem er í slíkum hugleiðingum að gefa sér góðan tíma til að kynna sér þær fjölmörgu tegundir sem til eru og spyrja sig hvort hundakynið henti þeim aðstæðum sem viðkomandi getur boðið hundinum upp á," segir Herdís.

Þá segir hún ræktendur velja vel heimili fyrir hvern hvolp og því sé mikilvægt að veita sem mestar upplýsingar þegar sóst er eftir því að fá hvolp. „Ræktendur eru að para saman einstaklinga og hunda svo því markvissari, upplýstari og fókuseraðri sem fyrirspurnir einstaklinga eru, því líklegri eru þeir til að vera rétti aðilinn."

birnadrofn@frettabladid.is

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALA

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

20-70% AFSLÁTTUR

ÚT

ALA

MÖGNUÐ TILBOÐ

STILLANLEG HEILSURÚM
20-35% AFSLÁTTUR
SÝNINGARRÚM
FRÁ 250.680

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

ÚTSALA
VERÐDÆMI

GRACE 160 CM RÚM
ÚTSÖLUVERÐ
72.220
VERÐ ÁÐUR 106.340
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

ÚTSALA
VERÐDÆMI

AVIANA 160X200CM RÚM
ÚTSÖLUVERÐ
127.168
VERÐ ÁÐUR 187.780
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

ÚTSALA
VERÐDÆMI

ALPINE PILLOWTOP
183X213 CM RÚM
ÚTSÖLUVERÐ
222.166
VERÐ ÁÐUR 375.572
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM
20-70% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL, GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Manninum var sleppt úr gæsluvarðhaldi í upphafi árs og er í farbanni.

Einn ákærður fyrir manndráp

LÖGREGLUMÁL Héraðssaksóknari hefur ákært rúmlega fimmtugan karlmann fyrir morð með því að kasta manni fram af svölum í Úlfarsárdal í desember í fyrra, en þetta kemur fram í frétt RÚV um málið. Ákæran var gefin út 3. júní síðastliðinn.

Líkt og áður hefur verið greint frá lést karlmaður á sextugsaldri eftir að honum var kastað fram af svölum fjölbýlishúss þann 9. desember en fimm erlendir karlmenn sem voru á staðnum voru handteknir. Fjórum þeirra var sleppt í kjölfarið en maðurinn sem nú er ákærður var úrskurðaður í gæsluvarðhald. **– fbl**

Um 22 prósent ekki í trúfélagi

SAMFÉLAG Skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar fækkar lítilega samkvæmt nýjum tölum frá Þjóðskrá sem miðast við 1. september síðastliðinn. Alls eru 230.657 einstaklingar nú skráðir í þjóðkirkjuna en þeir voru 231.154 þann 1. desember á síðasta ári og nemur fækkunin því 0,2 prósentum. Næstflestir meðlimir eru í kaþólsku kirkjunni eða 14.680 og fjölgaði meðlimum þar um tæpt 1 prósent milli ára.

Af stærstu trúfélögunum hefur verið mikil aukning hjá Siðmennt en meðlimum hefur fjölgað þar um rúm 11 prósent frá því í fyrra og eru nú 3.871 talsins. Þá fækkar meðlimum Zuism verulega eða um tæp 18 prósent og teljast meðlimir nú 1.033 talsins.

Skráð trúfélög eru nú 51 talsins. Hið nýjasta er Lakulish jóga á Íslandi sem stofnað var á árinu og telur 38 meðlimi.

Alls eru 54.703 Íslendingar skráðir með ótilgreint trúfélag, eða 14,9 prósent og fjölgar þeim talsvert milli ára.

Þeir sem standa utan trúfélaga eru síðan 27.068 talsins eða 7,3 prósent þjóðarinnar. Samtals eru því 22,2 prósent Íslendinga ekki skráð í trúfélag, eða kjósa að standa utan þeirra. **– þþ**

Fjarðabyggð vill hætta rekstri hjúkrunarheimila

AUSTURLAND Framkvæmdaráð hjúkrunarheimilanna í Fjarðabyggð mælir með því að þjónustusamningi bæjarins við ríkið verði sagt upp.

Taprekstur hafi vaxið mikið frá 2014 og ekki sé útlit fyrir annað en að hann aukist enn frekar á næsta ári. Bæjarráð tekur undir þetta. Framkvæmdaráðið telur uppsögnina vera „neyðarúrræði við núverandi aðstæður“.

> **Taprekstur hefur verið á Uppsölum og Hulduhlíð síðan 2014.**

Akureyri, Vestmannaeyjar og Höfn sögðu upp sínum þjónustusamningum á árinu og renna þeir út um áramót eða skömmu síðar. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur þegar ákveðið að ríkið taki yfir hjúkrunarheimilin á Akureyri en þar starfa á þriðja hundrað manns.

Eyjamenn og Hornfirðingar hafa ekki fengið svör varðandi framtíð sinna hjúkrunarheimila en starfshópur ráðherra um þessi málefni lýkur störfum í nóvember.

Eydís Ásbjörnsdóttir segir Fjarðabyggð greiða tugmilljónir króna á ári með heimilunum Uppsölum á Fáskrúðsfirði og Hulduhlíð á Eskifirði. Bæjarstjórinn, Karl Pétur Óttarsson, sendi ráðuneytinu bréf í sumar með kröfugerð vegna uppsafnaðs taprekstur heimilanna. **– khg**

Stórar breytingar og fjárhagur í mínus á dagskrá kirkjuþings

Kirkjuráðsmaður segir sóknargjöld þurfa að hækka um 40 prósent til að þjóðkirkjan geti haldið úti eðlilegu starfi um landið. Kirkjuþing hefst á morgun og mun fást við stórar breytingar eins og aukið sjálfstæði í fjármálum. Mynd af trans Jésú verður sennilega ekki til umræðu þó að margir prestar séu óánægðir.

TRÚMÁL Kirkjuþing verður sett á Grand Hóteli á fimmtudag og fram haldið frá síðasta hausti að ræða stórar breytingar innan kirkjunnar. Efst á baugi verður samkomulagið um meiri aðskilnað kirkjunnar og íslenska ríkisins, ný þjóðkirkjulög og fjármál kirkjunnar.

Dómsmálaráðherra lagði fram ný þjóðkirkjulög til kirkjuráðs á mánudag. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur á Selfossi og kirkjuráðsmaður, telur að lögin verði til umræðu en sennilega ekki afgreidd fyrr en í nóvember.

Axel segir verri fjárhagslegan grundvöll kirkjunnar stærsta málið sem kirkjan standi frammi fyrir og að það verði ekki leyst á einu kirkjuþingi. „Rekstrarlega séð hefur ríkið farið illa með þjóðkirkjuna, söknirnar og öll trúfélög í landinu,“ segir hann. „Það endar ekki vel fyrir samfélög þegar trú er svelt því hún er límið sem heldur þeim saman.“

Eigi þetta helst rætur til frystingar sóknargjalda frá árunum eftir hrun. Telur Axel vanta um 40 prósent upp á til að hægt sé að halda eðlilegu starfi um land allt. Gjaldið sé um 900 krónur í dag en þurfi að vera um 1.500 krónur. Sé þessi „skuld“ nú komin upp í nokkra milljarða. „Það er órætt í kirkjunni hvernig við ætlum að reka okkur,“ segir hann og að sala jarða geti ekki gengið til lengdar því það sé sveltistarfsemi.

Rætt verður um kjaramál presta; greiðslur fyrir útfarir og kistulagningar, en samkvæmt nýjum lögum þurfa þeir að innheimta þær sjálfir. Þá verður rætt um gjaldskrá fyrir aukaverk presta, svo sem fermingar og skírnir, en eins og Fréttablaðið greindi frá í ágúst hefur hún þegar verið hækkuð um 8,5 prósent.

Kirkjuráð fékk ný þjóðkirkjulög á mánudag og verða þau til umræðu á þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þetta er mjög róttækt og mörgum þykir sérstakt að velja barnastarf sem vettvang.**
>
> Skúli Ólafsson, sóknarprestur í Neskirkju

Mynd Sunnudagaskólans af Jésú með brjóst og varalit hefur valdið nokkrum usla. Þeir háværustu í umræðunni standa utan þjóðkirkjunnar en þó hafa nokkrir innan hennar látið að sér kveða, til dæmis Skúli Ólafsson, sóknarprestur í Neskirkju, sem gagnrýnir framsetninguna. Hann á þó ekki von á því að málefnið komi upp á þinginu, að minnsta kosti muni hann sjálfur ekki bera upp ályktun um breytingar á kynningarstarfinu.

„Það eru það stór mál sem liggja fyrir að mér finnst sennilegt að það verði ekki mikið farið út fyrir málaskrána,“ segir Skúli. En þó séu margir fleiri prestar óánægðir með myndina og að þessu hafi verið haldið innan lítils hóps á Biskupsstofu. „Margir eru ósáttir við að það skuli ekki hafa verið talað við fleiri áður en þetta var birt. Þetta er mjög róttækt og mörgum þykir sérstakt að velja barnastarf sem vettvang.“

Aðrir taka harðar til orða. Halldór Gunnarsson, fyrrverandi sóknarprestur í Holti, vill að biskup fái áminningu á þinginu. Halldór er hins vegar ekki kirkjuþingsfulltrúi eins og Skúli.

kristinnhaukur@frettabladid.is

„Ég á auðveldara með að eignast vini“

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Námskeið hefjast:

10 til 12 ára 26. sept. 10.00-13.00 8 skipti með viku millibili
13 til 15 ára 22. sept. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
13 til 15 ára 12. okt. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
16 til 19 ára 23. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
16 til 19 ára LIVE ONLINE 1. okt kl 18.00-21.00 8 skipti með viku millibili
20 til 25 ára 24. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
20 til 25 ára LIVE ONLINE 8. okt. Kl 18.00-21.00 2x í viku í 4 vikur
18 til 25 ára 9.-11.okt. HELGARNÁMSKEIÐ kl 8.30-16.30

Dale Carnegie

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

Libero

Bleyjur fyrir barnið þitt

Libero fyrir framtíð barnanna

Allar Libero vörur eru Svansmerktar og við leggjum mikla áherslu á umhverfismál í öllu ferli bleyjunnar, allt frá vali á birgjum, efnum og framleiðsluaðferðum yfir í förgun og kolefnisfótsporið í heild. Sama hvaða Libero bleyju þú kaupir, þá getur þú verið viss um að valið verður gott út frá umhverfissjónarmiðum.

ÞESSI VARA ER SVANSMERKT fyrir umhverfið og heilsuna

ASTHMA ALLERGY NORDIC SELECTED WITH CARE

Segir staðfestingu NPA-samninga háða samþykki Jöfnunarsjóðs

FÉLAGSMÁL Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, segir bæinn hafa eitt hæsta hlutfall NPA-samninga hérlendis og að þessum hluta málaflokksins sé vel sinnt hjá bænum.

Greiðsluþátttaka íbúa á hjúkrunarheimilum sé ekki á könnu sveitarfélagsins heldur á ábyrgð ríkisins.

Undanfarið hefur Fréttablaðið fjallað um mál Erlings Smith, sem er lamaður og hefur verið vistaður á hjúkrunarheimilinu Hömrum í meira en tvö og hálft ár. NPA-samningi hans var rift og ekkert bólar á nýjum.

Erling þarf sólarhringsumönnun en vill ekki dvelja á Hömrum. Þar að auki skerðast tekjur hans og vistunargjöldin eru svo há að hann getur ekki greitt þau.

Haraldur segir mál einstaklinga í þjónustu hjá bænum trúnaðarmál og sér sé óheimilt að tjá sig um þau.

> **Það fer enginn inn á hjúkrunarheimili tilneyddur og öllum er frjálst að fara þaðan.**
>
> Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar

„Hins vegar get ég upplýst að það fer enginn inn á hjúkrunarheimili tilneyddur og öllum er frjálst að fara þaðan. Slíkur einstaklingur ætti þá rétt á almennri þjónustu sveitarfélagsins og heilsugæslunnar miðað við þarfir viðkomandi," segir hann.

Hvað nýja NPA-samninga varðar segir hann að staðfesting þeirra og hluti fjármögnunar sé háð samþykki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem greiði 25 prósent af kostnaðinum.

„Jöfnunarsjóður hefur ekki samþykkt auknar fjárheimildir á þessu ári til að greiða fyrir neina nýja NPA-samninga.

Starfsemi Mosfellsbæjar í þjónustu við fatlað fólk er að öðru leyti í samræmi við lög, reglur, samþykktir sveitarfélagsins og fjárheimildir hvers árs," segir Haraldur. **– khg**

Styrktarsjóðurinn var stofnaður árið 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fastir styrkir til Styrktarsjóðs gagnrýndir

GARÐABÆR Garðabæjarlistinn gagnrýnir fasta styrki bæjarins til Styrktarsjóðs Garðasóknar. En samkvæmt samþykktum sjóðsins hefur bæjarsjóður Garðabæjar skuldbundið sig til að jafna árlegt framlag sóknarinnar.

Styrktarsjóðurinn var stofnaður árið 1995 og er ætlað að veita íbúum Garðabæjar sem orðið hafa fyrir áföllum, svo sem slysum eða veikindum, fjárhagslega aðstoð. Einnig að styrkja þá til náms sem vilja sinna líknar- og forvarnamálum og fleiru.

Bent er á að sjóðurinn standi nú í 20 milljónum króna og hafi ávaxtað fé sitt um 1,4 milljónir króna milli ára. Framlag Garðabæjar hafi verið 1,6 milljónir.

„Við teljum þeim peningum betur varið í að styrkja félagsþjónustu bæjarins," segir bæjarfulltrúinn Ingvar Arnarsson í bókun. Óeðlilegt sé að styrktarsjóðurinn hafi fjárveitingarvald úr bæjarsjóði. **– khg**

Á sjötta tug fengu rangar niðurstöður

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknir segir að engar upplýsingar í vinnuskjali frá Sjúkratryggingum Íslands kalli á viðbrögð heilbrigðisyfirvalda um gæði skimunar hjá Krabbameinsfélaginu umfram þá skoðun sem er þegar hafin. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Embætti landlæknis, Sjúkratryggingum Íslands og Krabbameinsfélagi Íslands.

> **Landlæknir telur ekkert í nýfundnu vinnuskjali kalla á viðbrögð heilbrigðisyfirvalda, umfram þá skoðun sem þegar er hafin.**

Krabbameinsfélag Íslands hefur nú farið yfir 2.200 leghálssýni af þeim sex þúsund sem þarf að endurskoða vegna mistaka sem voru gerð við greiningu. Sigríður Sólan Guðlaugsdóttir, kynningarstjóri Krabbameinsfélagsins, greinir frá þessu í samtali við Vísi.

Alls hafa 52 konur með vægar frumubreytingar verið kallaðar inn, en áður hafði verið greint frá því að um 30 konur hefðu verið kallaðar inn, þar sem þær hefðu fengið ranga niðurstöðu. Ein þeirra er nú með ólæknandi krabbamein. **– fbl**

Stefna á tólf skaðaminnkandi hjúkrunarrýmí fyrir aldraða

Viðræður Reykjavíkurborgar við heilbrigðisráðuneytið um skaðaminnkandi hjúkrunarrýmí fyrir eldri borgara eru á lokastigi. Stefnt verður á að opna tólf hjúkrunarrýmí sem yrðu mögulega í gistiskýlinu við Lindargötu, þar sem ekki verður gerð krafa um edrúmennsku. Aðstandandi segir þetta löngu tímabært.

VELFERÐARMÁL Viðræður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytin um rekstur skaðaminnkandi hjúkrunarúrræða fyrir aldraða, eru nú á lokastigi. Ef svo fer sem horfir verða opnuð tólf hjúkrunarrýmí sem verða mögulega í gistiskýlinu við Lindargötu. Stefnt er að því að Reykjavíkurborg sjái um reksturinn til að byrja með, en svo verði rýmin í höndum ríkisins.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, segir ánægjulegt að málið sé komið svona langt. „Það er okkar stefna að vera með skaðaminnkandi nálgun fyrir alla. Það er allra síst hægt að ætla að fólk, sem er komið í þá stöðu að það þurfi hjúkrunarrýmí, hætti allri neyslu áður en það fær þjónustu," segir Heiða Björg. „Ég held að við getum öll verið sammála um að ef skaðaminnkun á einhvers staðar við, þá er það þarna."

Forsagan er löng en hjúkrunarheimili hafa engan áhuga haft á að taka við heimilislausum. Viðræður milli ríkisins og borgarinnar hófust í kjölfar niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis frá árinu 2018. Í kjölfarið tók til starfa stýrihópur sem lagði mat á vandann. Viðræðurnar hafa svo staðið yfir síðan í mars. Þegar þeim lýkur fer málið á borð borgarstjóra og heilbrigðisráðherra. Í kjölfarið yrði svo gerður þjónustusamningur við Sjúkratryggingar.

Í minnisblaði sem lagt var fyrir velferðarráð borgarinnar nýverið kemur fram að reiknað sé með þrettán stöðugildum og kostnaði upp á 183 milljónir króna á ári, þar af myndi ríkið greiða tæpar 130 milljónir.

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála hjá Reykjavíkurborg, segir að stefnan sé að bæta upp það pláss sem færi undir hjúkrunarrýmin í gistiskýlinu. „Við höfum opnað annað neyðarskýli úti á Granda, síðan er stefnan að koma sem flestum í varanlegt húsnæði, þeim hefur fækkað sem þurfa að leita í gistiskýlið," segir Berglind.

Stefnt er að því að hjúkrunarrýmin verði í húsnæði gistiskýlisins við Lindargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það er allra síst hægt að ætla að fólk, sem er komið í þá stöðu að það þurfi hjúkrunarrýmí, hætti allri neyslu áður en það fær þjónustu.**
>
> Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs

Hjúkrunarrýmin sem um ræðir yrðu frábrugðin öðrum að því leyti að þar myndi starfa fólk með reynslu af skaðaminnkandi úrræðum fyrir fólk í neysluvanda. „Þegar horft er til annarra landa, þá vinna slíkar hjúkrunardeildir út frá skaðaminnkandi hugmyndafræði. Viðkomandi fær einn bjór í hádeginu og annan á kvöldin." Það yrði útfært betur þegar rýmið verður opnað.

Sérfræðingar velferðarsviðs hafa talið á bilinu 12 til 17 einstaklinga sem í dag uppfylla skilyrðin til að nota hjúkrunarrýmin, flestir hafast nú þegar við í gistiskýlinu. „Einhverjir eru undir 67 ára, en vegna þessa lífernis eru komnar töluverðar öldrunarbreytingar."

Aðstandandi sem Fréttablaðið ræddi við segir að úrræði á borð við þetta sé löngu tímabært. Núverandi kerfi styðji ekki nógu vel við aldraða einstaklinga í neyslu, þeir geti verið erfiðir inni á hefðbundnum hjúkrunarheimilum. Þá geti verið gerðar óraunsæjar kröfur um edrúmennsku. Helst þurfi að gera meira, til dæmis með því að efla þjónustuíbúðir. **arib@frettabladid.is**

Minniháttar frágangur eftir í mörgum verkum

REYKJAVÍK Búið er að klára 43 verk af 91 sem íbúar Reykjavíkur kusu um í verkefninu Hverfið mitt. Kosningarnar fóru fram síðasta haust og alls bárust meira en þúsund hugmyndir.

Samkvæmt upplýsingum frá borginni er staðan á verkefnunum nokkuð góð. Í mörgum tilvikum á eftir að klára minni háttar frágang, þar á meðal gróðursetningu, en slíkir verkþættir eru gjarnan unnir á haustin.

Verkefnin eru margvísleg, allt frá ærslabelg í Gufunesi yfir í innrauða sánu í Grafarvogi.

Aðeins einu verki af sjö er lokið í Grafarholti en þeim verður lokið á næstu vikum. Þá er þremur verkum af ellefu lokið í Hlíðunum, en mörg verkefnin eru á Klambratúni og vegna lengri undirbúningstíma fóru þau verk í síðar í útboð.

Salerni á útivistarsvæðinu í Gufunesi eru dýrasta verkefnið, þær framkvæmdir standa enn yfir. Hæsta verkið er fimm metra há róla við Ægisíðu. Eitt verkefni er í biðstöðu, en það er minnisvarði um brostin loforð Reykjavíkurborgar, sem íbúar á Kjalarnesi vilja reisa.

Framkvæmdalok samkvæmt útboði á öllum verkum er 15. október næstkomandi og hafa verktakar þann tíma til að ljúka verkum sínum. **– ab**

Fimm metra há róla hefur verið sett upp við Ægisíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

enox®
enjoy life
Þýskt gæðamerki

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Fermingargjöfin er fundin!

Rafmagnsvespa ENOX V7
Verð aðeins

169.900 kr

3903101

Enox V7. Hámarkshraði er stilltur á 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km. Viðhaldsfrír Lithium 48V24AH rafgeymir tryggir endingu í minnst 800 hleðslu

Rafmagnsvespa ENOX EM215
Verð aðeins

199.900 kr

Án skráningarkostnaðar 3903100

ENOX EM215. Hámarkshraði er 45 km/klst., drægni á rafhlöðu er allt að 60 km. Graphene rafgeymir tryggir endingu í minnst 1.000 hleðslur. Gerð fyrir hraðhleðslu og hægt að ná 80% hleðslu á 1-2 klst., 100% hleðsla næst á 3-4 tímum.

Nett og nútímaleg hönnun sem hefur vakið mikla athygli. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvæn farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun.

Fáanlegar í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og á husa.is

Tveggja ára framleiðsluábyrgð er á öllum Enox rafmagnsvespum.

Kolesnikova er andvíg Lúkasjenkó.

Reif vegabréfið við landamærin

HVÍTA-RÚSSLAND Hvítrússneska stjórnmálakonan Maria Kolesnikova er sögð vera í haldi á landamærum að Úkraínu. Þetta er haft eftir ríkisfjölmiðlum í Hvíta-Rússlandi.

Kolesnikova var við mótmæli um helgina þegar grímuklæddir menn námu hana á brott. Hún var þá að mótmæla spillingu forsetans Alexanders Lúkasjenkó sem hefur verið sakaður um stórfellt kosningasvindl í kjölfar nýafstaðinna kosninga.

Að sögn sjónarvotta var Kolesnikova þvinguð inn í sendiferðabíl og ekið með hana að landamærum Hvíta-Rússlands og Úkraínu. Samkvæmt fréttastofu BBC kom Kolesnikova í veg fyrir að hún yrði neydd til að fara yfir landamærin með því að rífa vegabréf sitt og fleygja því út um bílgluggann. **– atv**

Rhea Chakraborty hefur neitað sök.

Grunuð um að vera viðriðin andlát kærasta

INDLAND Indverska fíkniefnalögreglan hefur handtekið Bollywood-leikkonuna Rhea Chakraborty í tengslum við andlát kærasta hennar, Sushant Singh Rajput.

Rajput fannst látinn í íbúð sinni um miðjan júnímánuð og í yfirlýsingu frá lögreglu kom fram að hann hefði stytt sér aldur. Fjölskylda hans sendi hins vegar ábendingu til lögreglu þar sem Chakraborty var sökuð um að hafa hvatt hann til sjálfsvígs.

Ásamt Chakraborty hafa bróðir hennar og leigusali Rajput einnig verið handteknir. Ekki er gefið upp hverjar ákærur á hendur þeim séu. **– atv**

Frumvarp Breta brýtur gegn alþjóðalögum

BRETLAND Brandon Lewis, Norður-Írlandsmálaráðherra bresku ríkisstjórnarinnar, viðurkenndi í gær að fyrirhugaðar breytingar á Brexit-samningnum brytu gegn alþjóðalögum.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á útgöngusamningi Bretlands úr Evrópusambandinu verður lagt fyrir þingið í dag. Lýsti Lewis því yfir í neðri málstofu breska þingsins að frumvarpið bryti alþjóðalög lítillega en að Bretar myndu virða anda samningsins.

Miklar deilur hafa sprottið upp vegna frumvarpsins og spurði Theresa May, fyrrverandi forsætisráðherra, hvernig aðrar þjóðir gætu í framtíðinni treyst Bretum í samningaviðræðum. **– atv**

Bílarnir sem bjarga eiga heimilinu



Faðir heldur á syni sínum til að skoða brunabíla sem komnir eru til að bjarga heimili þeirra í sunnanverðri Kalifornía í Bandaríkjunum. Skógareldar í þessu fjölmennasta ríki Bandaríkjanna hafa eyðilagt rúmlega 8.000 ferkílómetra lands. Hitinn er mikill og segja borgaryfirvöld í Los Angeles að hitinn þar í borg hafi komist í 49,4 gráður á sunnudaginn. Rúmlega fjórtán þúsund slökkviliðsmenn berjast við eldana um allt ríkið. MYND/EPA

Önnur tilraun til að banna umskurð drengja í Danmörku

Innanríkisráðherra Danmerkur hefur lagt fram frumvarp um að banna umskurð drengja í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum. Gyðingar í landinu mótmæla frumvarpinu harkalega og segja það stefna trúnni í landinu í mikla hættu. Eitt til tvö þúsund drengir eru umskornir á hverju ári í Danmörku.

DANMÖRK Danska þingið tekur nú til umræðu frumvarp um að banna umskurð drengja. Innanríkisráðherrann Simon Emil Ammitzboll-Bille lagði frumvarpið fram í ágúst og hefur það vakið mikla andstöðu hjá gyðingum. Samkvæmt frumvarpinu verður umskurður bannaður til átján ára aldurs, nema læknisfræðileg ástæða liggi að baki.

„Að mínu mati ætti það ekki að vera löglegt að skera litla drengi vegna gamallar trúarlegrar hefðar," skrifaði ráðherrann á samfélagsmiðla. „Það er mín einlæga skoðun að fólk eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt yfir líkama sínum og að ungir menn eigi að fá að ráða hvort þeir séu umskornir eða ekki."

Ammitzboll-Bille situr í ríkisstjórn fyrir flokkinn Fram, sem er frjálslyndur miðjuflokkur. Aðrir minni flokkar, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, hafa þegar lýst yfir stuðningi við bann á umskurði. Þar á meðal Sósíalistaflokkurinn og Danski þjóðarflokkurinn. Sósíaldemókratar, sem leiða vinstri stjórnina, hafa hins vegar ekki gefið upp afstöðu sína, né hægriflokkurinn Venstre, sem er sá langstærsti í stjórnarandstöðunni. Samanlagt hafa þessir tveir flokkar þó meirihluta þingmanna.

Henri Goldstein, leiðtogi Gyðingasamfélagsins í Danmörku, mótmælir frumvarpinu harðlega og segir það mestu hættu sem að gyðingum hefur steðjað í landinu frá stríðslokum. Segir hann það meðal annars verra en hryðjuverkaárásina á Sýnagóguna miklu í Kaupmannahöfn árið 2015.

„Samfélag gyðinga mun hægt en örugglega leysast upp því að við munum ekki geta iðkað okkar trú," sagði Goldstein í útvarpsviðtali. „Umskurður er ekki aðeins stundaður af mjög trúuðum gyðingum, heldur nánast öllum gyðingum."

Skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti Dana styður bann við umskurði drengja. MYND/GETTY

> **Það er mín einlæga skoðun að fólk eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt yfir líkama sínum og að ungir menn eigi að fá að ráða hvort þeir séu umskornir eða ekki.**
>
> Simon Emil Ammitzboll-Bille innanríkisráðherra

Árlega eru á bilinu eitt til tvö þúsund drengir umskornir í Danmörku, flestir gyðingar og múslimar.

Skoðanakannanir gerðar á árunum 2014 til 2018 sýna allar að yfirgnæfandi meirihluti Dana styður bann við umskurði. Hefur stuðningurinn mælst frá 74 upp í 86 prósent. Læknasamtök Danmerkur mælast til þess að umskurður sé ekki gerður á börnum en styðja þó ekki bann. Heldur ekki Siðaráð danska þingsins.

Hér á Íslandi hefur umskurður einnig verið til umræðu. Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt fram frumvarp þess efnis en það ekki verið afgreitt úr nefnd. Rabbínar á Norðurlöndum og víðar mótmæltu frumvarpinu harkalega og sögðu það gefa hættulegt fordæmi fyrir heiminn. Íslenska þjóðkirkjan lagðist einnig gegn frumvarpinu en heilbrigðisstarfsfólk, Siðmennt og fleiri studdu það.

kristinnhaukur@frettabladid.is

F&F

RÝMINGARSALA

AÐEINS Í SMÁRALIND

70%

afsláttur

AF ÖLLUM F&F VÖRUM

HAGKAUP

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Hugrekki

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Fólk sem gerir mannréttindavernd að ævistarfi þarf að búa yfir persónueinkennum og þreki sem fáum er gefið. Þeir sem vilja aðeins vera mannréttindafrömuðir þegar það hentar pólitískri rétthugsun eru ótrúverðugir. Kjarkur og staðfesta hvað sem á dynur eru því með mikilvægustu mannkostum talsmanna mannréttinda, enda sigla þeir yfirleitt á móti straumnum þegar mest liggur við.

Með ákvörðun um að þiggja heimboð til Tyrklands hefur forseti Mannréttindadómstóls Evrópu ekki aðeins haldið í heiðri órofa hefð sem myndast hefur innan réttarins og á rót sína að rekja til þess sjónarmiðs að öll aðildarríkin séu jafngildir aðilar að því merkilega alþjóðasamstarfi sem varð til um eflingu mannréttinda í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld. Með heimsókninni fékk hann líka tækifæri til að tala bæði við fremjendur mannréttindabrota og unga kynslóð fólks sem býr við skert tjáningarfrelsi, skert réttaröryggi og stórskaddað lýðræði.

Róbert Spanó gat sagt sér að heimsóknin færi fyrir brjóstið á meginþorra manna, enda ofbýður flestum það niðurrif á réttarríkinu og sjálfstæði dómsvaldsins sem ríkisstjórn Erdogans hefur staðið fyrir í landinu með tilheyrandi brotum á réttindum borgaranna. Það þarf sterk bein til að ræða mannréttindi við Erdogan með allan heiminn á móti sér.

Efnistökin í erindum sem dómsforsetinn flutti í Tyrklandi hafa ekki orðið til í tómarúmi. Róbert átti erindi við tyrknesk stjórnvöld, við tyrkneska dómarastétt og við tyrkneskt fræðasamfélag. Við stjórnmálamenn ræddi hann mikilvægi réttarríkisins og sjálfstæðis dómsvaldsins, við verðandi dómara ræddi hann mikilvægi mannréttindalöggjafar Evrópu, dómafordæmin frá Strassborg og grundvallarhlutverk innlendra dómstóla í mannréttindavernd. Í háskólasamfélaginu fjallaði hann um tjáningarfrelsi og akademískt frelsi við nemendur og kennara, sem ekki hafa aðstöðu til að upplifa slíkt frelsi á hverjum degi. Hann gat sagt upphátt það sem þau hefðu viljað segja, við stjórnendur sem vikið hafa fjölda fræðafólks úr starfi fyrir skoðanir sínar. Hann tók við heiðursdoktorsnafnbót til að sýna að hann meinti hvert orð.

Það verður erfitt að mæla árangur heimsóknarinnar og áhrif hennar til framtíðar. Skaðinn af því að brjóta hefðina og sitja heima hefði hins vegar skilað sér strax, í enn stirðari samskiptum við þetta ódæla aðildarríki og erfitt að sjá hvernig það hefði samrýmst markmiðum Evrópuráðsins. Öfugt við það sem sumir virðast halda er hlutverk dómstólsins ekki að fara með ófriði á hendur einstökum aðildarríkjum sínum.

Mannréttindadómstóll Evrópu er eins og aðrir dómstólar að því leyti að skoðanir geta verið skiptar um einstaka mál, eða hvort hann sé að fara of langt í eina átt eða aðra. Hann hefur það þó fram yfir íslenska dómstóla að vera kominn út úr fílabeinsturninum og búinn að draga tjöldin frá. Hægt er að fylgjast með málflutningi við yfirdeild hans í rauntíma á netinu og forseti hans heimsækir aðildarríkin og talar við fólkið. Hann byggir brýr í stað þess að halda fjarlægð og sýnir með því að mannréttindi eru afl til sameiningar en ekki sundrungar.

Það þarf sterk bein til að ræða mannréttindi við Erdogan með allan heiminn á móti sér.

Halldór

Frá degi til dags

Snákaolía

Mikið var um dýrðir þegar forstjórar Isavia og Samgöngustofu undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um samstarf sem felst í því að prófa íblöndun repjuolíu á stórvirk tæki á Keflavíkurflugvelli. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hellti síðan flösku af repjuolíu í tryllitæki sem keyrði svo um flugvallarsvæðið á meðan fyrirmennin klöppuðu. Þetta er nýjasta leið yfirvalda til þess að finna einhver not fyrir repjuolíuna sem virðist vera einhvers konar snákaolía iðnaðarins. Ef tilraunin gengur upp verður þó minna eftir af repjuolíu til að blanda við malbik á vegum landsins.

Samherji TV

Fyrstu fréttir um viðbúnað á Suðurlandi voru á þá leið að um væri að ræða sjónvarpsþætti á vegum MTV en þeim kenningum var kollvarpað þegar PR-meistarinn Þorbjörn Þórðarson sást flóttalegur á setti. Ekki hefur sést tangur né tetur af rannsóknarlögreglumanninum Jóni Óttari. Að því er Fréttablaðið kemst næst er um að ræða byltingarkennda heimildamynd á vegum Samherja-TV þar sem sannleikurinn mun loks koma fram. Mikill viðbúnaður er á tökustað og eru viðstaddir skimaðir reglulega fyrir COVID-19 og ættartengslum við Helga Seljan í leiðinni.

Hver á að greiða fyrir stöðugleika krónunnar?

Daði Már Kristófersson
prófessor við hagfræðideild HÍ

Kostnaður Íslands af kórónafaraldrinum verður umtalsverður. Mikill samdráttur hefur orðið í ferðaþjónustu, þessari grunnstoð hagkerfisins. Ekki er útlit fyrir að um hægist fyrr en seint á næsta ári. Atvinnuleysi mun aukast mikið á þessu ári. Staðan er samt sem áður sterk. Viðskiptajöfnuður er enn jákvæður. Skuldastaða ríkisins er góð, bæði sögulega og í alþjóðlegum samanburði. Og gengi krónunnar mun stöðugra en í fyrri áföllum, í skjóli gjaldeyrisvaraforða og fjárfestingahafta á lífeyrissjóði.

Stjórnvöld búa að þessu. Þau hafa svigrúm til að grípa til mótvægisaðgerða fyrir fyrirtæki og heimili til að draga úr áfallinu. Í undangengnum hagsveiflum hefur slíku ekki verið til að dreifa. Viðskiptahalli hefur gjarnan verið mikill, skuldastaða erfið og ómögulegt hefur reynst að verja gengi krónunnar – sem jafnan hefur gefið mikið eftir. Það hefur aftur leitt til verðbólguskota, samdráttar í kaupmætti og aukins kostnaðar fyrir lántakendur.

Miklu skiptir fyrir almenning að stjórnvöld viðhaldi árangri sínum í að verja gengi krónunnar. Kostnaðurinn við að viðhalda stórum gjaldeyrisvaraforða og takmarka gjaldeyrisviðskipti er því að öllum líkindum réttlætanlegur. Spurningar vakna hins vegar um hver á að bera þennan kostnað.

Seðlabankinn leitaði til lífeyrissjóðanna um að gera hlé á gjaldeyrisviðskiptum sínum, fyrst til 17. mars og svo til 17. september, sem sjóðirnir samþykktu. Ljóst er að áframhald þarf að verða á þessum takmörkunum – að öllum líkindum vel fram á næsta ár.

Lífeyrissjóðirnir eru stórir á íslenskum fjármagnsmarkaði. Eðlilegt var að leita fyrst til þeirra um aðstoð við að verja krónuna. Verði niðurstaðan hins vegar sú að takmarka þurfi gjaldeyrisviðskipti yfir lengra tímabil er nauðsynlegt að ræða aðkomu annarra fjármagnseigenda. Gengisstöðugleiki er hagsmunamál allra. Eðlilegt er að spyrja hvort launþegar einir eigi að bera kostnaðinn af stöðugleikanum eða hvort sömu leikreglur eigi að gilda um alla fjármagnseigendur.

Gengisstöðugleiki er hagsmunamál allra.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ekkert eftirlit með eftirlitinu?

Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

Aðvörun: Í þessari grein er orðið „eftirlit“ svo margtuggið að það mætti halda að enginn hafi annast eftirlit með með skrifunum. Það er í stuttu máli kórrétt og sennilega ámælisvert.

Ef maður gúgglar orðin „eftirlit brást“ fást fjölmargar leitarniðurstöður. Ef tekin eru handahófskennd dæmi virðast menn til dæmis telja að eftirlit hafi brugðist á sviði starfsemi vistheimila, opinberra innkaupa, umhverfismála, heilbrigðismála, fjármálastofnana, reksturs sendiráða, dýravelferðar og matvæla, fiskeldis, landamæragæslu og mannvirkjagerðar. Ef lesið er milli línanna vaknar oft grundvallarspurningin hvort það sé virkilega svo að enginn hafi eftirlit með eftirlitinu? Margar ástæður geta reynst vera fyrir því að eftirlit bregst. Til að mynda taldi ein af rannsóknarnefndum Alþingis að slíka ástæðu mætti rekja til útbreidds skeytingarleysis í umgengni við eftirlit, skilningsleysi á því hvað gerir eftirlit virkt og trúverðugt og áhrifa pólitískra ráðninga. Önnur rannsóknarnefnd taldi ekkert mikilvægara en að eftirlitsaðilar væru óháðir og eftirlitsheimildir þeirra væru ótvíræðar.

En er ekki til skilvirkari leið til eftirlits með eftirliti en eftiráeftirlit sem skilar eftirlitsniðurstöðu sem efnislega felur í sér að einhver annar hafi brugðist við eftirlit?

Hvað gerist þegar eftirlit bregst?

Þegar eftirlit hefur brugðist getur komið til þess að Ríkisendurskoðun eða umboðsmaður Alþingis dragi af því ályktanir. Endapunkturinn er oft sá að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ályktar um brestina. Fjölmiðlar taka við og við skrælingjarnir eigum ekki orð yfir því allsherjareftirlitsleysi sem ríkir. Sumir ganga svo langt að kalla eftir afsögn einhvers eða jafnvel refsingu. Það eru oft endalok málsins.

Af hverju gerum við þetta ekki betur?

En er ekki til skilvirkari leið til eftirlits með eftirliti en eftiráeftirlit sem skilar eftirlitsniðurstöðu sem efnislega felur í sér að einhver annar hafi brugðist við eftirlit? Svarið við spurningunni er jákvætt, bæði skilvirkara og vandaðra eftirlit með eftirliti er ekki bara til, heldur er það í notkun á Íslandi. „HA!“ mundi einhver eflaust segja, „getur það verið?“

Um síðustu áramót voru 269.825 fólksbílar skráðir á Íslandi og eigendur þeirra fara með bílinn í reglulega skoðun á skoðunarstöð. Skoðunarstöðvum hefur verið falið að hafa eftirlit með því að ökutæki séu í ásættanlegu ásigkomulagi enda getur notkun þeirra verið frekar hættuleg. Til að skoðunarstöð sé heimilt að stunda bifreiðaskoðun þarf hún hafa hafa fengið svokallaða faggildingu. Í grófum dráttum er faggilding ekkert annað en vottorð um að starfsemi skoðunarstöðvarinnar sé í lagi, starfsmennirnir viti hvað þeir eru að gera og „eitthvað annað“ sé ekki að hafa áhrif á niðurstöðu skoðunar. Til að skoðunarstöð fái faggildingu og viðhaldi henni þarf hún að uppfylla ýmis skilyrði. Skilyrðin eru í grundvallaratriðum ákveðin á alþjóðlegum vettvangi og stefna þau að því að auka traust neytenda á vörum og þjónustu. Þegar ég fer með bílinn í skoðun get ég treyst því að einhver hefur eftirlit með skoðunarstöðinni. Því þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því að kaupa köttinn í sekknum og halda út á þjóðveginn á stórhættulegu tæki eða labba ella heim eftir að skráningarnúmerið hefur að ósekju verið fjarlægt af bílnum.

Og hvað svo?

En þá kynni einhver að spyrja: „Fyrst fargsnyrpling er til (Innskot: Það getur verið erfitt að muna orðið faggilding) af hverju hafa ekki allir eftirlitsaðilar faggildingu?“ Á því eru margar skýringar og meðal þeirra eru lítil meðvitund um tilvist faggildingar, takmarkaður skilningur á faggildingu, meðal annars af hálfu stjórnvalda og neytenda, og sérstakur áhugi þeirra sem hafa eftirlit á því að sæta ekki of miklu eftirliti sjálfir og þá helst aðeins eftirliti frá þeim sem þeir þekkja.

Dealer
TILBOÐSVERÐ:
19.900 kr.
Verð áður: 27.260 kr.
Nowy Styl Group
Nettur og vandaður skrifborðstóll með einföldum stillingum. Hentar vel þar sem unnið er í styttri tíma í einu.

To-Sync
TILBOÐSVERÐ:
69.900 kr.
Verð áður: 99.875 kr.
DAUPHIN
Vandaður skrifborðsstóll með allar helstu stillingar. Stóllinn hentar vel á skrifstofuna eða heimilið.

ID Mesh
TILBOÐSVERÐ:
109.900 kr.
Verð áður: 150.548 kr.
vitra.
Þægilegur og smekklegur skrifborðsstóll á skrifstofuna. Stóllinn sameinar fallega hönnun og vinnuvistfræðilega eiginleika. Hann hefur allar helstu stillingar og fjölstillanlega 3D arma.

5 AÐ LÁGMARKI ÁRA ÁBYRGÐ
Sími: 540 2000 // Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði
Pennin Húsgögn

Hefja leik á EM áhugakylfinga

GOLF Karla- og kvennalið Íslands í golfi hefja í dag leik á Evrópumóti áhugakylfinga þar sem karlalandsliðið keppir í Hollandi en kvennalandsliðið í Svíþjóð. Vegna kórónaveirufaraldursins eru færri keppnislið en vanalega og færri kylfingar í hverju liði. Að þessu sinni keppa fjórtán lið í karlaflokki og tólf í kvennaflokki í stað tuttugu liða eins og vanalega.

Í kvennaflokki eru þær Heiðrún Anna Hlynsdóttir úr Golfklúbbi Selfoss, Saga Traustadóttir úr GR og Andrea Bergsdóttir og Hulda Clara Gestsdóttir sem leika fyrir hönd GKG. Greg Brodie, afreksstjóri GSÍ, mun verða með kvennalandsliðinu í Uppsölum í Svíþjóð þar sem heimakonur hafa titil að verja.

Í karlaflokki eru Kristófer Karl Karlsson úr GM, Aron Snær Júlíusson úr GK og Hákon Örn Magnússon og Dagbjartur Sigurbrandsson úr GR. Þeim til aðstoðar verður Ólafur Björn Loftsson, aðstoðarafreksstjóri GSÍ og er keppt á Hilversumsche-vellinum rétt fyrir utan Amsterdam. **– kpt.**

Þurfa að greiða 575 milljónir

FÓTBOLTI Andrea Agnelli, forseti Juventus og samtaka félagsliða í Evrópu, greindi frá því í gær að samtökin gerðu ráð fyrir að félög sem kepptu í Evrópukeppninni á síðasta ári þyrftu að endurgreiða 575 milljón evra skaðabætur til sjónvarpsrétthafa vegna COVID-19 faraldursins. Samtök félagsliða í Evrópu funduðu í gær þar sem Agnelli ræddi áhrif faraldursins á rekstur knattspyrnuliða í Evrópu.

Um miðjan mars var ákveðið að stöðva keppni í flestum deildum. Stöðvunin stóð yfir í nokkra mánuði áður en komist var að samkomulagi um að hefja keppni á ný fyrir luktum dyrum. Fyrir vikið komu litlar tekjur á leikdegi inn til liðanna á sama tíma og styrktaraðilar reyndu að draga í land. Um leið var ákveðið að flýta þyrfti leikjum í Evrópukeppnum og ákveðið að fara beint í útsláttarkeppni í stað tveggja leikja, heima og að heiman eins og tíðkast hefur undanfarna áratugi.

Fyrir vikið hafa sjónvarpsréttarhafar stærstu deilda heims krafist skaðabóta. Agnelli sagði samtökin vera að leggja lokahönd á samning við UEFA um skaðabætur upp á 575 milljónir evra.

„Félagslið í Evrópu eru að horfa upp á það að innkoma liðanna mun minnka um fjóra milljarða evra á næstu tveimur árum." **– kpt**

Landslagið hefur breyst mikið í Vesturbænum undanfarið

Miklar breytingar hafa orðið hjá bæði karla- og kvennaliði KR í körfubolta síðustu mánuðina. Nú síðast tilkynnti Kristófer Acox, lykilleikmaður karlaliðsins, að hann ætlaði að róa á önnur mið. Deila körfuboltadeildar KR og Kristófers er á borði lögmanna og óvíst er hvar hann mun spila á komandi tímabili.

KR varð Íslandsmeistari sjötta skiptið í röð 2018 en fáir úr því liði munu leika með því í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KÖRFUBOLTI Það hefur ýmislegt gengið á í herbúðum körfuboltadeildar KR síðan kórónaveiran skall með þunga á heiminn í mars síðastliðnum. Fljótlega eftir að ákveðið var að hætta keppni í körfuboltanum hér heima vegna faraldursins, var tilkynnt að þjálfarar meistaraflokka félagsins, Benedikt Rúnar Guðmundsson og Ingi Þór Steinþórsson, myndu hætta störfum hjá félaginu. Ekki var mikið fjaðrafok í kringum brottför Benedikts, en lesa mátti úr viðbrögðum Inga Þórs við uppsögninni að hann væri allt annað en sáttur við viðskilnaðinn.

Vitað var að reynslumestu leikmenn karlaliðsins lægju undir feldi og Darri Freyr Atlason, sem ráðinn var þjálfari KR karlamegin, sagði í samtölum við fjölmiðla eftir að hann tók við stjórnartaumunum hjá liðinu að hann myndi gefa eldri leikmönnum liðsins andrými til að hugsa næstu skref á ferli sínum.

Endaði það svo að Laugarnesgengið tvístraðist þar sem Helgi Már Magnússon ákvað að vera um kyrrt, en Jón Arnór Stefánsson söðlaði um yfir lækinn og gekk til liðs við Val.

Jakob Örn Sigurðarson ákvað að vera áfram í Vesturbænum og bróðir hans, Matthías Orri, og Björn Kristjánsson ætla að gera slíkt hið sama. Brynjar Þór Björnsson er tekinn við sem yfirþjálfari yngri flokka hjá körfuboltadeildinni og ætlar að spila áfram. Þá munu Veigar Áki Hlynsson, Eyjólfur Ásberg Halldórsson og Þorvaldur Orri Árnason taka slaginn með uppeldisfélaginu.

Sprengju var varpað inn í körfuboltasamfélagið á Íslandi í upphafi þessarar viku þegar Kristófer Acox tilkynnti að ágreiningur hans við körfuboltadeild KR væri kominn á það stig að hann ætlaði að yfirgefa sína heimahaga. Mátti lesa úr Instagram-færslu Kristófers að deilan hefði verið bæði langvinn og hörð. Heimildir Fréttablaðsins herma að deilan sé komin til lögmanna sem séu að freista þess að finna farsæla lausn á málinu.

KR-ingar sendu frá sér yfirlýsingu á mánudagskvöldið þar sem félagið sagði sig fullvisst um að önnur félög hefðu borið víurnar í samningsbundinn leikmann sinn. Það væri ámælisvert að mati Vesturbæinga en engar aðgerðir voru boðaðar til þess að leita réttar þeirra í þeim efnum.

» Kristófer Acox hefur verið í samningaviðræðum við körfuboltadeild KR síðustu tvær vikurnar um uppgjör á launagreiðslum og nýjan samning. Þær viðræður hafa siglt í strand.

Kristófer hefur verið sterklega orðaður við Valsmenn, en Hlíðarendafélagið fann sig knúið til þess að bregðast við fréttaflutningi þar sem fram kom að félagið væri í viðræðum við samningsbundinn leikmann. Hlíðarendafélagið sagði það ekki á rökum reist. Kristófer samdi við KR fyrir ári síðan en sá samningur, sem var til tveggja ára, var ekki sendur inn til körfuboltasambands Íslands, KKÍ, og fordæmi dómstóls sambandsins þar sem málin standa þannig eru á þá leið að leikmaðurinn sé laus allra mála. Stjarnan, Grindavík og Tindastóll hafa einnig verið nefnd til sögunnar sem líklegir næstu áfangastaðir á ferli Kristófers.

Breyttar forsendur í væntingum hjá kvennaliðinu á leiktíðinni

Kvennamegin hefur landslagið breyst enn meira en hjá karlaliðinu í Vesturbænum og útlit fyrir að liðið sem var í baráttu um deildarmeistaratitilinn síðasta vor og tapaði í bikarúrslitum fyrir Skallagrími muni vera á hinum enda töflunnar á komandi keppnistímabili.

Hildur Björg Kjartansdóttir er farin í Val, Sanja Orozovic í Skallagrím, Sóllilja Bjarnadóttir í Breiðablik og Ástrós Lena Ægisdóttir er farin í nám til Danmerkur. Margrét Kara Sturludóttir mun ekki leika með KR-liðinu en mun líklega vinna bak við tjöldin með liðinu og Unnur Tara Jónsdóttir er í tímabundnu leyfi vegna anna í vinnu. Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna.

Danielle Rodriguez ákvað að einbeita sér að þjálfaraferli sínum. Danielle er komin inn í þjálfarateymi karlaliðs Stjörnunnar og í þjálfun yngri flokka þar, ásamt því að vera aðstoðarþjálfari Benedikts með íslenska kvennalandsliðið.

Leikmannahópur liðsins er eins og sakir standa þunnskipaður og óreyndur í meistaraflokkskörfubolta á hæsta getustigi. Spænski þjálfarinn Francisco Garcia tók við keflinu af Benedikt og KR hefur samið við Taryn McCutcheon, frá Bandaríkjunum, og finnsku landsliðskonuna Anniku Holopainen um að leika með liðinu. Þá verða Perla Jóhannsdóttir og Eygló Kristín Óskarsdóttir í lykilhlutverkum hjá liðinu í vetur. Það verður spennandi að sjá framvindu mála í Vesturbænum fram að því að deildakeppnin hefst í byrjun október.

hjorvaro@frettabladid.is

Belgar léku reynslulítið lið Íslands grátt í seinni hálfleik

FÓTBOLTI Reynslulítið lið Íslands sem átti fínar rispur framan af var kafsiglt í seinni hálfleik í 1-5 tapi gegn Belgíu ytra í gærkvöldi. Belgar gerðu út um leikinn snemma í seinni hálfleik og átti íslenska liðið í stökustu vandræðum með sóknarlotur Belga eftir það. Ísland er því án stiga eftir tvo leiki í Þjóðadeildinni, stigi á eftir Danmörku sem er næsti andstæðingur Íslands.

Erik Hamrén gerði sjö breytingar á íslenska liðinu frá naumu tapi gegn Englandi um helgina. Líkt og um helgina vantaði fjölmarga lykilleikmenn í íslenska liðið í gær. Hinn átján ára gamli Andri Fannar Baldursson fékk eldskírn sína og Ari Freyr Skúlason bar fyrirliðabandið í Brussel. Þá tók Ögmundur Kristinsson sér stöðu í markinu í fjarveru Hannesar Þórs Halldórssonar.

Hólmbert Aron Friðjónsson sem fékk tækifærið í gær, kom Íslandi yfir með langskoti á 10. mínútu leiksins. Skotið tók stefnubreytingu af varnarmanni og var óverjandi fyrir Koen Casteels í marki Belga.

Það entist ekki lengi því á 13. mínútu var Axel Witsel búinn að jafna metin af stuttu færi eftir frákast, þegar Ögmundur varði aukaspyrnu Dries Mertens. Fjórum mínútum síðar var Michy Batshuayi búinn að koma Belgum yfir, aftur af stuttu færi, eftir frákast frá skoti Belga sem Ögmundur varði en íslenska vörnin náði ekki að hreinsa.

Nýliðinn Andri Fannar umkringdur belgískum varnarmönnum. MYND/EPA

Staðan var 2-1 í hálfleik fyrir Belga en í upphafi seinni hálfleiks gerði Mertens út um leikinn eftir góða sókn. Við það opnuðst flóðgáttirnar í vörn Íslands og bættu Belgar við tveimur mörkum áður en leikurinn var flautaður af. Batshuayi var aftur á ferðinni með snyrtilegu hælspyrnumarki og stuttu fyrir leikslok innsiglaði ungstirnið Jeremy Doku sigur Belga með fimmta markinu.

Byrjun íslensla liðsins í gær og kaflar í fyrri hálfleik lofuðu góðu en þegar Belgar gengu á lagið voru þeir tveimur númerum of stórir fyrir íslenska liðið. **– kpt.**

FÓLK

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 2020

Hollur morgunverður getur verið hressilegur drykkur sem er búinn til úr gulrótum og engifer. Sömuleiðis er hafragrautur saðsamur og góður. ➔6

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

Karitas María er viðskiptafræðingur og vinsæll einkaþjálfari. Hún hefur öðlast betri líðheilsu og endurheimt með Feel Iceland kollageni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undraverður árangur

Heilsubót af Feel Iceland kollageni kom Karitas Maríu Lárusdóttur þægilega á óvart. Hún er laus við stirðleika í liðum og endurheimtir þrek sitt fljótt. ➔2

Karitas María vaknaði iðulega stirð í fingrum og fótum en eftir að hún fór að taka inn Feel Iceland kollagen hvarf stirðleikinn nánast eins og dögg fyrir sólu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kollagenið frá Feel Iceland er mikið notað á mínu heimili og í raun af allri stórfjölskyldunni sem er yfir sig hrifin af árangrinum," segir Karitas María Lárusdóttir, viðskiptafræðingur, einkaþjálfari og kennari hjá World Class.

Karitas byrjaði að bæta Feel Iceland kollageni við morgunmatinn fyrir um hálfu ári.

„Ég hafði þá heyrt um margvíslegan ávinning kollagens fyrir heilsuna og vissi sem var að eftir 25 ára aldurinn fara birgðir kollagens í líkamanum þverrandi. Ég fór því að setja kollagen út í hafragrautinn eða þeytinginn á morgnana, fyrst vegna þess að það hefur yngjandi áhrif á húðina en hitt kom svo ánægjulega á óvart hvað liðheilsan batnaði fljótt sem og meltingin," segir Karitas sem átti áður við stirðleika að stríða fyrst eftir að hún vaknaði á morgnana.

„Ég fann nánast strax hversu miklu fljótari ég var að jafna mig í liðunum á morgnana. Ég vaknaði ekki lengur stíf í fingrum og fótum því sá stirðleiki beinlínis hvarf eftir að ég fór að taka inn kollagenið frá Feel Iceland," segir Karitas um áþreifanlegan árangurinn.

„Ávinningurinn er eiginlega undraverður því ég var oft lengi í gang á morgnana en nú er engin fyrirstaða lengur, liðirnir eru mjúkir og sveigjanlegir. Ég er líka mun fljótari að ná endurheimt eftir æfingar. Ég kenni spinning og var oft súr í lærunum eftir stífa hjólatíma en nú finn ég ekki lengur fyrir slíkri þreytu og get tekið hörkuæfingu strax daginn eftir eins og ekkert sé."

Gaman að sjá árangur

Karitas hefur starfað við þjálfun hjá World Class síðan 2009.

„Heilsa og hollt mataræði hefur alltaf verið áhugamál hjá mér. Þegar ég var lítil æfði ég fótbolta, handbolta, ballett og dans og var hvað lengst í handbolta þar sem ég spilaði bæði með Gróttu og Stjörnunni fram undir tvítugt. Þá var ég orðin of mikil pæja fyrir handboltann og fór í ræktina,"

Karitas tekur líka inn Age Rewind frá Feel Iceland sem er eintök húðmeðferð með kollageni.

> **Ávinningurinn er eiginlega undraverður því ég var oft lengi í gang á morgnana en nú er engin fyrirstaða lengur, liðirnir eru mjúkir og sveigjanlegir.**

segir Karitas og skellir upp úr.

„Þegar ég fór að æfa í World Class fékk ég mikinn áhuga á spinning og eitt leiddi af öðru þar til áhugamálið var orðið að vinnu. Ég sinni viðskiptafræðinni því lítið í dag en aðstoða stundum Iceland Tax Free, fyrirtæki sem við hjónin eigum ásamt vinafólki okkar, sem endurgreiðir ferðamönnum virðisaukaskattinn. Í því er auðvitað ládeyða núna en það á allt eftir að lifna við aftur," segir Karitas sem einnig var flugfreyja hjá Icelandair þar til kórónaveiran setti ferðalög heimsins í salt.

„Sem þjálfara finnst mér langskemmtilegast þegar ég sé árangur hjá kúnnunum mínum að bættri heilsu og líkamsformi. Ég hlakka því mikið til að byrja með heita tíma og hjólatíma í nýju World Class-stöðinni sem opnar senn í Vatnsmýrinni. Þar verð ég með opna hóptíma til áramóta, sem og í World Class í Smáralind, en á nýárinu fer ég að taka að mér einkaþjálfun að nýju," upplýsir Karitas sem brátt sér fyrir endann á fæðingarorlofi með tíu mánaða dóttur sinni, en fyrir á hún son og stjúptvíbura.

Síðan í sumarbyrjun hefur Karitas haldið úti mömmuþjálfun undir berum himni.

„Mér datt í hug að bjóða konum sem væru á svipuðum stað og ég, nýbúnar að eignast börn, í hópþjálfun utan húss. Þetta er styrktar- og þolþjálfun í bland, ég leiðbeini mömmunum og passa krílin á meðan þær gera æfingarnar; er bæði barnapía og þjálfari," segir Karitas sem njóta mun hverrar stundar með mömmunum fram í miðjan september en tekur svo stöðuna með framhaldið.

Karitas útbjó þessa girnilegu orkuskál sem hún bætti kollageni saman við.

Orkuskál í byrjun dags

Hálfur frosinn banani
100 g jarðarber
100 g bláber
1 msk. vanilluskyr
1 dl Oatly-haframjólk
2 skeiðar Feel Iceland kollagen

Hrærið saman svo úr verði þykkur grautur. Toppið með bláberjum, döðlukurli, banana, múslí og kókosmjöli.

„Hver veit nema ég fari af stað með fleiri mömmutíma. Þetta er vel þegin líkamsrækt, ekki síst út af COVID-19 því ekki allir vilja fara með hvítvoðungana sína í líkamsræktarstöð og úti er auðveldara að halda fjarlægð. Oft er þetta líka besta pásan sem mæðurnar fá, þegar börnin fá sér blund í kerrunni og þær fá að æfa í ró og spekt."

Stórfjölskyldan á kollageni

Ásamt því að setja Feel Iceland kollagen út í hafragrautinn og morgunþeytinga hrærir Karitas því líka út í morgunkaffið. Það gerir maðurinn hennar líka, Gylfi Einarsson, fyrrum atvinnumaður í fótbolta.

„Það var víst ég sem kom Gylfa á bragðið með Feel Iceland kollagenið og hann fann strax mikinn mun á liðheilsu sinni og endurheimt. Mamma er líka farin að taka inn Feel Iceland og pabbi sem er alltaf í golfi og stirður í skrokknum. Það er eðlilegt að gefa kollageninu tvær til þrjár vikur til að virka, en sjálf fann ég strax mun á liðum og endurheimt þegar ég fór að taka inn kollagenduftið," upplýsir Karitas.

Hún tekur líka inn Age Rewind frá Feel Iceland.

„Það er gott fyrir húð, hár og neglur og ég bætti því við eftir að hormónaflæði við brjóstagjöf hafði slæm áhrif á húðina. Age Rewind er með viðbættri hyaluron-sýru sem gegnir lykilhlutverki í að gefa húðinni raka og C-vítamíni sem styður við kollagenframleiðslu líkamans. Mér finnst það gera húðinni gott og hún ljómar nú meira en áður," segir Karitas sem er með þykkt og fallegt hár svo af ber.

„Hárið er svo sannarlega heilbrigt og gljáandi af kollageninu og það vex hratt eins og alltaf. Það er hins vegar mamma sem kvartar undan því að aukinn hárvöxtur vegna kollagensins sé henni dýr því nú þurfi hún alltaf að vera í litun," segir Karitas og hlær.

Fylgstu með æfingum og uppskriftum Karitasar Maríu á Instagram: @karitas.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

ÚTSALA

-SÍÐUSTU DAGAR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

Afsláttarborðin eru að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!

Einnig fáanleg í barna-stærðum

icebreaker

30-50% afsláttur

100% Merino ullarfatnaður. Stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.

OSPREY

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur

30-50% afsláttur

GSI OUTDOORS

30% afsláttur

Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita- og kælibrúsar, broddar o.fl.

30-50% afsláttur

FERRINO

PeakPerformance

30-40% afsláttur

KEEN

GÖNGUSKÓR OG SANDALAR

20-50% afsláttur

ALLAR singing rock **OG** GRIVEL **VÖRUR**
MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

ggsport.is

Í vefverslun okkar má finna meira úrval af vönduðum vörum á frábæru verði!

GG·sport

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartímar útsölu: virka daga 10:30-18 og laugardag 11-18

Tryggir að líkaminn sé í lagi

Í hröðum heimi er streita og álag. Því er nauðsyn að taka inn vítamín og bætiefni til að tryggja að líkaminn sé í toppstandi. Bætiefnaskortur getur valdið þreytu, sleni, þrekleysi og jafnvel vanheilsu.

Áhrifavaldurinn Þórunn Ívarsdóttir er ein af þeim sem hlúa að heilsu og velliðan með vítamínum og steinefnum frá Gula miðanum.

„Mér finnst gott að taka inn eitt alhliða fjölvítamín eða múltívítamín. Þá tryggi ég að líkami minn sé að innbyrða vel samsetta blöndu af bætiefnum," segir Þórunn sem tekur inn Múltí Vít frá Gula miðanum sem inniheldur tólf vítamín og tíu steinefni.

„Dagleg inntaka Múltí Vít byggir upp líkamann og stuðlar að hreysti og góðri heilsu. Ofan á það finnst mér gott að breyta til og taka inn mismunandi bætiefni eftir árstíma eða því hvernig mér líður hverju sinni. Til dæmis finn ég mikið fyrir verkjum í liðum og þá er algjört grundvallaratriði fyrir mig að taka inn blöndu af glúkósamíni," upplýsir Þórunn.

Liðaktín Forte frá Gula Miðanum er ný og kraftmikil blanda virkra efna sem vinnur saman að bættri heilsu og hámarksárangri.

„Blandan inniheldur ekki bara glúkósamín heldur líka kondróitín. Með því að taka þessi tvö efni saman hjálpar maður líkamanum að viðhalda uppbyggingu brjósks. Þessi tvö efni hafa möguleika á að hægja á brjóskskemmdum í liðum og draga úr sársauka. Einnig inniheldur blandan túrmerik sem er bólgueyðandi, dregur úr sársauka og mýkir upp stífa liði," útskýrir Þórunn.

Hún gætir þess einnig að taka inn D-vítamín þegar sumri hallar og skammdegið tekur við.

„Undanfarið hef ég fundið mikinn mun á mér við að taka inn D-vítamín en eins og við vitum sést lítið til sólar stóran hluta ársins. D-vítamín er oft kallað sólarvítamín vegna þess að húðin framleiðir það þegar hún verður fyrir áhrifum útfjólublárra geisla. D-vítamín er nauðsynlegt til að skjaldkirtill og fleiri kirtlar líkamans starfi eðlilega," segir Þórunn.

Áhrifavaldurinn Þórunn Ívarsdóttir notar vítamín og bætiefni frá Gula miðanum til að byggja upp líkamann og stuðla að hreysti og góðri heilsu.

Virt og vistvæn vítamín

Guli miðinn er breið vítamín- og bætiefnalína sem flestir þekkja í sjón. Henni hefur verið pakkað og hún seld á Íslandi í næstum 30 ár. Vítamín og bætiefni Gula miðans eru þróuð með þarfir Íslendinga í huga. Úrvalið er breitt og hægt er að finna hinar ótrúlegustu blöndur vítamína og steinefna frá Gula miðanum. Það var Örn Svavarsson, stofnandi Heilsu, sem vann með það að leiðarljósi að finna bestu mögulegu hráefni og kenndi Íslendingum að nota jurtir og um virkni þeirra. Því með réttum vítamínum og bætiefnum er hægt að stuðla að bættri heilsu og betri líðan.

Vörunum frá Gula miðanum er pakkað í dökk glerglös til að varðveita gæði innihaldsefnanna sem best og verja þau gegn birtu, sólarljósi og mengun frá plastumbúðum. Allar umbúðir Gula miðans eru endurvinnanlegar og mega glösin fara í endurvinnslu glers og tapparnir í endurvinnslu plasts. Vörur Gula miðans eru framleiddar í samstarfi við bandarískt fyrirtæki og hefur Heilsa starfað með því í rúma þrjá áratugi. Fyrirtækið er gamalt og rótgróið með gífurlega reynslu í þróun og framleiðslu á vítamínum og bætiefnum.

Sjá nánar á gulimidinn.is



Getur aukið sölu á hollustu

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Noregi eru þær að með því að breyta skipulagi í matvöruverslunum og auka úrval og lækka verð á ávöxtum og grænmeti sé hægt að fá fólk til að borða meira af þeim.

Það er töluverður félagslegur munur á neyslumynstri Norðmanna þegar kemur að ávöxtum og grænmeti og sterk fylgni á milli meiri neyslu á ávöxtum, berjum og grænmeti og aukinnar menntunar. Þessi munur gæti verið ein af ástæðunum fyrir því að tekjulægra fólk er almennt við verri heilsu en fólk með hærri tekjur.

Ástæður sem neytendur gefa upp fyrir því að borða ekki nóg af ávöxtum og grænmeti eru mjög ólíkar og nefna þeir meðal annars lélegt aðgengi, lítil gæði, gleymsku og áhyggjur af leifum af skordýraeitri og áburði. En rannsakendur ákváðu að prófa hvort aukið úrval og aðrar breytingar í verslunum gætu fengið fólk sem annars borðaði þetta ekki, til að breyta hegðun sinni. Fjallað var um rannsóknina á vefnum Science Norway.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að hægt sé að hafa áhrif á valkosti fólks með því að höfða til undirmeðvitundarinnar og ýta því á vingjarnlegan hátt að

Norsk rannsókn sýnir að með réttri hönnun matvöruverslana sé hægt að auka sölu á hollustu. MYND/GETTY

betri kostum. Athugað var hvort slíkar aðferðir virkuðu í fjórum norskum matvörukeðjum, KIWI, Meny, Joker og Spar. Tilgangurinn var að sjá hvort hægt væri að ýta neytendum í átt að heilbrigðari valkostum og minnka þannig félagslegan mun á heilbrigði.

Ávextir og grænmeti fengu bestu staðsetninguna í þessum verslunum og deildirnar voru staðsettar eins nálægt inngönginum og hægt var, svo þetta væri það fyrsta sem þú sæir þegar þú kæmir inn í verslunina. Þessar vörur fengu líka meira pláss og tóku 15-20% af öllu plássi í búðinni. Úrvalið var um leið aukið verulega og í verslunum KIWI var einnig nokkrum sinnum boðið upp á 15% afslátt, auk þess sem boðið var upp á afsláttarkerfi fyrir ávexti og grænmeti.

Sala á sítrusávöxtum jókst mest, en svo á vínberjum, eplum og banönum. Ber urðu líka mikið vinsælli en áður og sala á salötum, tómötum og laukum jókst líka eftir að úrvalið var aukið til muna.

Alls jókst sala á ávöxtum og grænmeti um 15% frá 2015 til 2019. Mesta aukningin varð í sölu á grænmeti, 20%, en sala á ávöxtum jókst um 9%. Í verslunum KIWI jókst hún mest, um 34%.

Í þeim sýslum Noregs þar sem menntunarstigið er hæst selst rúmlega tvöfalt meira af grænmeti og ávöxtum en þar sem það er lægst. En aukningin á sölu á ávöxtum og grænmeti var hins vegar mest í þeim sýslum sem hafa lægsta menntunarstigið.

Í sýslunum með hæsta menntunarstigið jókst sala um 16%, en þar sem það er lægst jókst hún um allt að 254%. Þegar þessar tölur eru leiðréttar fyrir fólksfjölda er aukningin 11% þar sem menntunarstigið er hæst og 14% þar sem það er lægst. Rannsakendur segja að þetta sýni að hönnun matvöruverslana geti haft áhrif á neytendur sem eru ekki eins duglegir að velja hollari kosti meðvitað og segja að það sé mikilvægt að hjálpa neytendum að velja vel.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. september 2020

33. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX TUDOR TAGHeuer LONGINES NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Hléi á gjaldeyriskaupum lýkur
Lífeyrissjóðirnir ætla ekki að samþykkja að framlengja samkomulag við Seðlabankann um að halda að sér höndum í erlendum fjárfestingum.
2

Erum ekki í eftirspurnarkreppu
Vandinn er ekki of mikill sparnaður heimila og fyrirtækja, heldur hefur orðið framboðsskellur. Óttast er að lífeyrissjóðir séu að skapa nýja snjóhengju.
4

Þyrfti umdeilda virkjunarkosti
Helstu tækifæri Íslands í orkuskiptum liggja á sviði vegasamgöngumála. Líklegt er að nýting umdeildra virkjanakosta sé forsenda orkuskipta í samgöngum.
6

Marel keypt fyrir 99 milljarða
Kaupin á TREIF voru fyrstu stóru kaupin hjá Marel eftir að fyrirtækið var skráð tvíhliða á hlutabréfamarkað í Hollandi sumarið 2019.
10

Brostnar forsendur
Það er galið að ætlast til þess að launahækkanir samkvæmt núverandi kjarasamningum standi óhaggaðar, segir framkvæmdastjóri SAF.
14

Stendur og fellur með sjóðunum

Stjórnendur Icelandair hafa þurft að sitja fyrir svörum um bjartsýnar rekstraráætlanir. Sjóðirnir sjaldan staðið frammi fyrir jafn erfiðri ákvörðun. Forstjóri Icelandair vill fjölbreyttari hluthafahóp þegar óvissa minnkar. •→8

Ef tíðni flugsamgangna minnkar mikið í framtíðinni mun það hafa neikvæð áhrif á verðmæti ýmissa eigna sem eru í eigu lífeyrissjóða.

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sjóðir Stefnis í hóp stærstu hluthafa Kviku

Tveir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis eru komnir í hóp stærstu hluthafa Kviku banka eftir að hafa undir lok síðasta mánaðar keypt samanlagt rúmlega 2,6 prósenta hlut í fjárfestingabankanum. Sjóðir Stefnis, sem er sjóðastýringarfélag í eigu Arion banka, voru fyrir kaupin ekki á meðal hluthafa í Kviku.

Samkvæmt nýjum lista yfir alla hluthafa Kviku banka, sem Markaðurinn hefur séð, eiga hlutabréfasjóðirnir Stefnir – ÍS 15 og Stefnir – ÍS 5 samanlagt rúmlega 54 milljónir hluta að nafnverði í bankanum. Eru sjóðirnir því ellefti stærsti hluthafi Kviku, en miðað við gengi bréfa bankans í dag er hlutur þeirra í sameiningu metinn á liðlega 570 milljónir króna.

Stefnir keypti hlutinn af fjölmörgum stjórnendum og starfsmönnum Kviku, meðal annars Marinó Erni Tryggvasyni, forstjóra bankans, og Ármanni Þorvaldssyni, aðstoðarforstjóra, eftir að þeir nýttu sér áskriftarréttindi sín í bankanum í liðnum mánuði og seldu þau bréf áfram skömmu síðar. Sjóðir Stefnis keyptu hlutabréfin á genginu 10 krónur á hlut.

Kvika banki hagnaðist um 924 milljónir króna eftir skatt á fyrri árshelmingi og nam arðsemi eigin fjár tæplega tólf prósentum. Eigið fé bankans er 16,7 milljarðar og eiginfjárhlutfallið rúmlega 26 prósent. Afkomuáætlun Kviku gerir ráð fyrir að hagnaður á árinu verði á bilinu 1.700 til 2.300 milljónir króna fyrir skatta. Heildareignir í stýringu Kviku nema 514 milljörðum og hafa aukist um 88 milljarða á árinu.

Stærstu hluthafar bankans eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, félag í eigu Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur fjárfestis, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Vátryggingafélag Íslands. Hlutabréfaverð Kviku stóð í tæplega 10,6 krónum á hlut í gær og hefur lækkað um rúmlega eitt prósent það sem af er árinu.

Marinó Örn Tryggvason er forstjóri Kviku banka.

570

milljónum króna nemur virði eignarhlutar sjóða Stefnis í Kviku, miðað við núverandi hlutabréfaverð bankans.

Greint var frá því í Markaðinum síðastliðið sumar að Kvika banki hefði undir lok júní hafnað skriflegri beiðni TM um að hefja formlegar sameiningarviðræður. Þær áttu, samkvæmt tillögum TM, meðal annars að grundvallast á þeim skilmálum að tryggingafélagið yrði metið á nokkuð hærra verði en Kvika við mögulegan samruna félaganna. Stjórn Kviku taldi hins vegar engar forsendur til að hefja formlegar viðræður á þeim grunni.

Gert var ráð fyrir því í uppleggi TM að skiptihlutföllin yrðu þannig að hlutafé tryggingafélagsins yrði í kringum 55 prósent í sameinuðu félagi, á meðan hlutafé Kviku banka yrði þá á móti liðlega 45 prósent. Miðað við það áttu hlutabréf Kviku að vera metin á tæplega 10,2 krónur á hlut. **– hae**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Lífeyrissjóðirnir ætla ekki að framlengja hlé á gjaldeyriskaupum

Lífeyrissjóðirnir munu ekki samþykkja að framlengja samkomulag sitt við Seðlabankann um að halda að sér höndum í erlendum fjárfestingum. Hefur varað í sex mánuði en mun renna út í næstu viku. Gæti sett þrýsting á gengið en ólíklegt er að sjóðirnir muni standa að stórfelldum gjaldeyriskaupum.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Samkomulag Seðlabanka Íslands við lífeyrissjóðina, um að þeir myndu gera hlé á gjaldeyriskaupum sínum vegna fjárfestinga sjóðanna erlendis, verður ekki framlengt þegar það rennur út í næstu viku. Samkvæmt heimildum Markaðarins er enginn vilji til þess á meðal lífeyrissjóðanna að þeir haldi áfram að sér höndum í erlendum fjárfestingum, og er það sameiginlegur skilningur á meðal forsvarsmanna helstu sjóðanna að samkomulagið við Seðlabankann verði því ekki endurnýjað.

Tilkynnt var í júní að samkomulag bankans og lífeyrissjóðanna frá því í marsmánuði hefði verið framlengt um þrjá mánuði til viðbótar, eða til 17. september. Tilgangur þess er að bregðast við miklum samdrætti útflutnings af völdum kórónaveirufaraldursins og stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði.

Núverandi samkomulag milli sjóðanna og Seðlabankans rennur að óbreyttu út eftir rúmlega viku. Ekki stóðu þó allir lífeyrissjóðir að síðasta samkomulagi, samkvæmt heimildum Markaðarins, meðal annars var Gildi ekki í þeim hópi.

Á fundi sem Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri átti með stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjórum um miðjan júní síðastliðinn, voru uppi talsverðar efasemdir hjá sjóðunum um að verða við beiðni hans um að fallast á hlé á gjaldeyriskaupum í þrjá mánuði til viðbótar. Samkvæmt heimildum Markaðarins kom skýrt fram í máli sumra fulltrúa stærstu sjóðanna á þeim fundi að þetta yrði í síðasta sinn sem þeir myndu undirgangast slíkt samkomulag við Seðlabankann.

Þótt lífeyrissjóðirnir hafi að mestu gert hlé á erlendum fjárfestingum undanfarna sex mánuði – þeir hafa samt staðið að gjaldeyriskaupum til að standa við þegar gerðar skuldbindingar sínar – hefur gengið krónunnar gefið eftir um liðlega 20 prósent gagnvart evru á árinu. Þá nemur hrein gjaldeyrissala Seðlabankans úr gjaldeyrisforða sínum yfir 200 milljónum evra, jafnvirði 33 milljarða króna á núverandi gengi, frá upphafi faraldursins og hafa þau inngrip bankans spornað gegn enn meiri gengisveikingu en ella.

Seðlabankastjóri hefur sagt að hann geri ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir muni halda áfram að sýna samfélagslega ábyrgð í gjaldeyriskaupum sínum svo lengi sem farsóttin varir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

200

milljónum evra nemur hrein gjaldeyrissala Seðlabankans frá upphafi faraldursins.

Lífeyrissjóðirnir hafa á undanförnum árum stóraukið við erlendar fjárfestingar sínar eftir að losað var um fjármagnshöftin. Að jafnaði hafa erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna numið að meðaltali um 10 milljörðum króna á mánuði. Erlendar eignir sjóðanna hafa á þessum tíma aukist um þriðjung og eru nú um 32 prósent af heildareignum þeirra, en þær námu yfir 5.300 milljörðum króna í lok júlí.

Ef umfang gjaldeyriskaupa lífeyrissjóðanna verður með einhverjum sambærilegum hætti þegar samkomulagið við Seðlabankann rennur úr gildi er ljóst að það gæti skapað mikinn þrýsting á gengi krónunnar. Ólíklegt verður hins vegar að teljast að lífeyrissjóðirnir sjái hag sínum borgið við núverandi kringumstæður með því að standa að stórfelldum erlendum fjárfestingum, ekki hvað síst með hliðsjón af því að nafngengi krónunnar gagnvart evru hefur ekki verið lægra frá árinu 2013.

Í viðtali við Fréttablaðið þann 27. ágúst síðastliðinn benti seðlabankastjóri á að lífeyrissjóðirnir hefðu áður verið að nýta sér mikinn og stöðugan viðskiptaafgang þjóðarbúsins síðustu ár og fjárfesta hann erlendis. „Þannig var jafnvægi tryggt á gjaldeyrismarkaði fyrir tíma COVID. Nú hefur afgangurinn horfið og viðbúið að ef sjóðirnir halda áfram að fjárfesta með sama hætti þá mun það annaðhvort koma með gengislækkun eða ganga á gjaldeyrisforða Seðlabankans," sagði Ásgeir.

Þá sagðist hann gera ráð fyrir því að sjóðirnir myndu áfram sýna samfélagslega ábyrgð í gjaldeyriskaupum svo lengi sem farsóttin varir. „Kannski verður ekki lögð ein lína fyrir alla sjóði en allir hljóta þeir að átta sig á því hver staðan er. Ég held að fæstir vilji að sjóðurinn sem þeir greiða í standi í gjaldeyriskaupum sem veikja gengið og skapa óstöðugleika og verðbólgu."

Söluhagnaður upp á 800 milljónir

Eignarhaldsfélagið Fiskisund bókfærði söluhagnað upp á rúmlega 800 milljónir króna vegna sölu á öllum eignarhlut félagsins í laxeldisfyrirtækinu Arnarlaxi sem gengið var frá í byrjun síðasta árs.

Fiskisund, sem er í eigu Einars Arnar Ólafssonar, Sigrúnar Hjartardóttur, fyrrverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, og Kára Þórs Guðjónssonar fjárfestis, seldi allan hlut sinn, sem þá nam 8,4 prósentum, til norska laxeldisrisans SalMar fyrir 1,7 milljarða króna. Tryggingafélagið TM seldi SalMar einnig sinn hlut, alls 3,9 prósent, fyrir 790 milljónir.

Í ársreikningi eignarhaldsfélagsins er bókfærður söluhagnaður upp á 837 milljónir og var þetta eina salan í hlutdeildarfélagi á árinu.

Einar Örn Ólafsson, einn eigenda.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 822 milljónum króna og eigið fé í lok ársins var jákvætt um 2.150 milljónir.

Félagið á eignarhluti í öðrum félögum sem eru bókfærðir á 1,1 milljarð króna og aðrar fjárfestingaeignir, svo sem verðbréf, sem bókfærðar eru á 870 milljónir króna.

Fiskisund kom að kaupum á 90 prósenta hlut í bílaþvottastöðinni Löðri vorið 2019 ásamt fjárfestingafélögunum Eini, sem er í eigu Einars Arnar, og Helgafelli, sem er í eigu Ara Fenger, Bjargar Fenger og Kristínar Vermundsdóttur.

Þá á félagið helmingshlut í upplýsingatæknifyrirtækinu Premis og Kexi Hosteli, sem rekur meðal annars samnefndan gististað í miðbæ Reykjavíkur, auk þess að eiga óbeinan hlut í Dælunni, sem var seld út úr Festi á síðasta ári, og umhverfisþjónustunni Terra.

Stjórn félagsins lagði til að greiddur yrði arður til hluthafa að fjárhæð 150 milljónir króna á þessu ári. Í fyrra var greiddur arður upp á 760 milljónir. **– þfh**

IÐNÞING 2020

nýsköpun

er leiðin fram á við

Bein útsending frá Iðnþingi 2020
föstudaginn 18. september kl. 13.00–14.30

Landsmönnum öllum er boðið á Iðnþing 2020 í beinni útsendingu föstudaginn 18. september kl. 13.00–14.30. Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins nú þegar þörf er á viðspyrnu í efnahagslífinu. Á Iðnþingi 2020 verður kastljósinu beint að því hvernig við mætum áskorunum um fjölgun nýrra starfa. Þar gegnir nýsköpun veigamiklu hlutverki, hvort heldur er í rótgrónum fyrirtækjum eða nýjum sprotafyrirtækjum. Tækifærin liggja víða og á þinginu verður horft til þess hvernig nýsköpun getur drifið vöxt framtíðar.

Þátttakendur í dagskrá

Árni Sigurjónsson
formaður SI

Sigurður Ragnarsson
forstjóri ÍAV

Hilmar Veigar Pétursson
forstjóri CCP

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir
aðstoðarforstjóri CRI

Katrín Pétursdóttir
forstjóri Lýsis

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Guðmundur Fertram Sigurjónsson
forstjóri Kerecis

Björn Lárus Örvar
yfirmaður rannsókna og nýsköpunar ORF Líftækni

Ingólfur Bender
aðalhagfræðingur SI

Ágústa Guðmundsdóttir
annar tveggja stofnenda Zymetech

Guðrún Hafsteinsdóttir
ein af eigendum Kjöríss

Sigríður Mogensen
sviðsstjóri hugverkasviðs SI

Fida Abu Libdeh
annar tveggja stofnenda GeoSilica

Eyjólfur Magnús Kristinsson
forstjóri Advania Data Centers

Þórður Magnússon
stjórnarformaður Eyris

Óskar Þórðarson
annar af stofnendum Omnom Chocolate Reykjavík

Jónína Guðný Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri viðskipta- og þjónustusviðs Terra

Sesselja Ómarsdóttir
framkvæmdastjóri lyfjagreiningardeildar Alvotech

Kolbrún Hrafnkelsdóttir
stofnandi Florealis

Hjörtur Erlendsson
forstjóri Hampiðjunnar

Logi Bergmann
fundarstjóri

Skráning á www.si.is

2020 ÁR NÝSKÖPUNAR

SI Samtök iðnaðarins

Ferðamenn hættu að koma til landsins og það olli framboðsskelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við erum ekki í eftirspurnarkreppu

Vandinn er ekki of mikill sparnaður heimila og fyrirtækja, heldur er um að ræða framboðsskell. Ferðamenn koma ekki til landsins. Launahækkanir muni ekki gagnast þeim fyrirtækjum sem berjast í bökkum. Óttast er að lífeyrissjóðir skapi nýja snjóhengju.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

COVID-19 olli ekki eftirspurnarkreppu. „Við þær aðstæður er ekki nægur vilji á meðal heimila og fyrirtækja til að eyða og fjárfesta, og sparnaðarvilji of mikill. Neysla og önnur umsvif verða minni en efni standa til. Það sem við er að etja er að stofni til framboðsskellur. Ferðamenn koma ekki til landsins, útflutningstekjur féllu skyndilega og hömlur eru á sumum innlendum umsvifum. Þetta minnir um margt á aflabrest fyrir nokkrum áratugum sem er klassískur framboðsbrestur," segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, sagði nýverið að nú væri eftirspurnarkreppa og til að mæta þeim vanda yrði að halda uppi eftirspurn í samfélaginu þannig að fyrirtæki lifi „og við komumst sæmilega heil í gegnum þetta." Markaðurinn ræddi við þrjá sérfróða um málið.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir að um sé að ræða framboðs- og eftirspurnarskell á sama tíma. „Eftirspurnarskellurinn er ekki vegna þess að ráðstöfunartekjur hafi skyndilega minnkað, heldur vegna þess að fólk breytti um neysluhegðun í kjölfar heimsfaraldursins. Það er rót vandans. Þetta er því ekki eftirspurnarkreppa í hefðbundnum skilningi."

Verðmætasköpun hrunið

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku, tekur ekki undir að nú sé hefðbundin eftirspurnarkreppa. Vandinn sé að verðmætasköpun í hagkerfinu hafi hrunið í kjölfar COVID-19. Ferðaþjónustan hafi skapað um þriðjung af gjaldeyristekjum sem nú skili sér ekki til þjóðarbúsins. „Eftirspurn verður ekki aukin við þessar aðstæður nema með frekari skuldsetningu ríkissjóðs," segir hann og bendir á að takmörk séu fyrir því hve langt sé hægt að ganga, enda hamli það hagvexti.

Jón Bjarki segir að það að viðhalda eftirspurn leiki vissulega stórt hlutverk í að kreppan verði ekki dýpri en efni standi til. Lækkun stýrivaxta og aukin ríkisútgjöld örvi eftirspurn. „Í ljósi þess að þetta er í grunninn framboðsskellur þarf áherslan að vera á að laga framboðshliðina, létta hömlum af innlendri starfsemi og leggja auk þess áherslu á að skapa ný störf með bættu aðgengi að fjármagni, stuðla að hagfelldum skilyrðum til atvinnurekstrar og gera nýsköpun hærra undir höfði. Til skemmri tíma er hægt að ráðast í sveiflujafnandi aðgerðir eins og mannvirkjagerð, eins og verið er að gera."

Taki á rót vandans

Anna Hrefna segir að nauðsynlegt sé að ráðast í aðgerðir sem taki á rót vandans. „Það þarf að koma atvinnustarfsemi í eðlilegt horf eins fljótt og auðið er til að vinna gegn atvinnuleysi. Með þeim hætti má koma í veg fyrir að niðursveiflan skapi ekki eftirspurnarvanda með tíð og tíma. Það getur gerst ef margir verða atvinnulausir í lengri tíma," segir hún.

Aðspurð hvort launahækkanir séu hluti af lausninni, líkt og formaður BHM telur, segir Anna Hrefna að sú hækkun muni ekki gagnast þeim fyrirtækjum sem séu í hvað mestum vanda. Það séu enn hömlur á rekstri þeirra fyrirtækja sem berjast í bökkum og því muni slíkar lausnir ekki duga til.

Anna Hrefna segir að við þessar aðstæður ætli stjórnvöld ekki að skera niður þjónustu heldur að halda henni uppi með aukinni skuldsetningu. Fara þurfi varlega í að hækka bætur í ljósi þess að hið opinbera eigi erfitt með að viðhalda núverandi þjónustu. „Það myndi kalla á auknar álögur sem bitnar á fjölgun starfa," segir hún.

Þurfum að skulda minna

Agnar Tómas tekur ekki undir það sem sumir hafa haldið fram að sársaukalítið sé að skuldsetja ríkissjóð enn frekar til að örva hagkerfið á næstunni. „Rannsóknir sýna að þegar skuldsetning stærri ríkja fer yfir 60-70 prósent af landsframleiðslu byrjar það að hamla hagvexti, með því að ryðja úr vegi einkafjárfestingum sem aftur fækkar arðbærum fjárfestingum," segir hann.

Lítið land eins og Ísland þarf, að hans sögn, að standa betur að vígi en stærri ríki, til að laða að erlenda fjárfesta og halda fjármagni inni í hagkerfinu. „Við getum ekki leyft okkur að skulda nálægt því jafn mikið og stærri myntsvæði, við núverandi áætlanir munum við skulda talsvert meira en minni myntsvæði eins og til dæmis Ástralía, Nýja Sjáland og Noregur. Langtímavextir þar eru jafnframt miklu lægri en hér, undir einu prósenti í öllum tilvikum. Sömuleiðis þarf gjaldeyrisvaraforðinn að vera hlutfallslega stærri en í öðrum ríkjum með sjálfstæða mynt, því smæð markaðarins gerir hann óáhugaverðari fyrir erlenda fjárfesta og um leið of lítinn fyrir íslenska lífeyrissjóðskerfið. Þau skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að fjármagn kjósi að vera hér. Einkum í ótryggu ástandi," segir Agnar Tómas.

Skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu munu fara úr 30 prósentum af landsframleiðslu í 64 prósent á næstu þremur árum, samkvæmt nýrri fjármálastefnu. Agnar Tómas segir að hagkerfið glími meðal annars við þann vanda að raungengi á mælikvarða launa sé hátt og eigi eftir að hækka á næsta ári þegar launahækkanir taka gildi. „Það gerir það að verkum að viðspyrnan verður enn erfiðari og tímafrekari og þrýstingur á frekari veikingu krónunnar meiri," segir hann.

Lífeyrissjóðir hafa samið við Seðlabankann um að gera hlé á gjaldeyriskaupum. „Lífeyrissjóðakerfið, sem er feikilega stórt, er að safna í nýja snjóhengju sem gefur einnig slæm skilaboð út á við til þeirra erlendu aðila sem vilja fjárfesta á Íslandi," segir Agnar Tómas.

Við erum í flókinni stöðu

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku, segir að vandi íslenska hagkerfisins kristallist í því að á sama tíma og verðmætasköpun hagkerfisins hefur hríðfallið er ekki samtímis hægt að hækka laun, ýta undir aukna innflutningsdrifna neyslu með aukinni skuldsetningu ríkissjóðs og halda svo uppi háu sparnaðarstigi sem bæði íþyngir atvinnulífinu og setur þrýsting á krónuna. „Lausnin er ekki fólgin í því að ganga á gjaldeyrisforðann til lengri tíma, því þá minnkar traustið á krónuna og verðbólguvæntingar hækka. Við erum í flókinni stöðu. Ef ferðaþjónustan tekur vel við sér á næsta ári gæti vandamálið horfið en ef það gerist ekki, gætum við verið í verulegum vanda – það þarf að ræða hreinskilið um lausnir til að minnka líkur á að við lendum þar.

Meiri munur á milli launþega og atvinnulausra en áður

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir að vegna þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna þeirra sem hafi vinnu hafi aukist, meðal annars vegna lægri stýrivaxta, geri það að verkum að afkoma þeirra sem hafi vinnu og þeirra sem séu án hennar sé „meira misskipt en við höfum áður dæmi um í íslenskri hagsögu."

Eftirspurnarskellurinn er ekki vegna þess að ráðstöfunartekjur hafi skyndilega minnkað heldur vegna þess að fólk breytti um neysluhegðun í kjölfar heimsfaraldursins.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

Rannsóknir sýna að þegar skuldsetning stærri ríkja fer yfir 60-70% af landsframleiðslu byrjar það að hamla hagvexti, með því að ryðja úr vegi einkafjárfestingum sem aftur fækkar arðbærum fjárfestingum.

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku

Þetta minnir um margt á aflabrest fyrir nokkrum áratugum sem er klassískur framboðsbrestur.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

Fyrir öll verkefni.
Veldu Sprinter.

Fjölhæfur Sprinter hentar fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.
Kynntu þér ólíkar útfærslur og eiginleika sem henta þínum rekstri.

Rekstrarleiga verð frá

152.000 kr. án vsk./mán.

Innifalið eru tryggingar, bifreiðagjöld, þjónustuskoðanir,
sumar- og vetrardekk ásamt geymslu á dekkjahóteli.
Mv. 36 mán. samning og 30.000 km. akstur á ári.

Hafðu samband og við finnum rétta bílinn fyrir þig.

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz atvinnubíla
á Facebook og Instagram

Markaðsvirði Kviku er 22 milljarðar.

Kvika hafi náð góðum árangri í þjónustutekjum

Rekstur Kviku banka er stöðugur og bankinn hefur siglt greitt í gegnum COVID-faraldurinn hingað til. Þetta kemur fram í nýjasta verðmati Jakobsson Capital á Kviku banka, sem Markaðurinn hefur undir höndum. Verðmat Jakobsson Capital á Kviku er nú tæplega 25,3 milljarðar króna en það var 24,4 milljarðar við útgáfu síðasta verðmats í júní. Hækkar verðmatið því um 3,5 prósent. Verðmatsgengi er nú 11,8 sem er 10,8 prósentum yfir núverandi markaðsgengi.

368

milljónir króna voru þjónustutekjur Kviku umfram útgjöld.

Greinandi Jakobsson Capital segir að hagkerfið hafi verið að mestu frosið frá miðjum mars og fram til loka apríl. Því hafi verið viðbúið að samdráttur yrði í hreinum þjónustutekjum. Það varð hins vegar ekki raunin því þjónustutekjur Kviku jukust um 3,5 prósent milli árshluta. Meirihluta þjónustutekna Kviku má rekja til eignastýringar sem gefur stöðugra tekjustreymi en fyrirtækjaráðgjöf.

„Oftast er stefnt að því í rekstri fjárfestingarbanka að þjónustutekjur séu jafnar föstum rekstrarkostnaði. Þannig að bankinn geti staðið undir sér án fjármunatekna," segir í verðmatinu en þjónustutekjur Kviku umfram útgjöld námu 368 milljónum króna á fyrri hluta ársins.

„Það verður að teljast góður árangur í ljósi þess að aðstæður voru krefjandi á fyrri hluta ársins. Þegar að þjónustutekjur standa undir föstum rekstrarkostnaði er hvert brot úr prósenti í virkum vaxtamun aukning í arðsemi eigin fjár."

Vandi Kviku snýr því ekki að grunnrekstri, að mati greinandans. Hann snýr frekar að því hvernig hægt er að ná háum vaxtamun með núverandi samsetningu efnahagsreikningsins.

KKV, breskt dótturfélag Kviku banka, hefur tekið við 394 milljóna punda eignastýringu þar í landi. Greinandinn segir að vegna sjónarmiða um þjóðhagsvarúð og samkeppnislaga hafi innlendir viðskiptabankar ekki getað stækkað mikið nema með því að sameina ótengda og ólíka fjármálaþjónustu.

„Hins vegar hamlar lítið vexti í eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf eða öðrum eiginfjárléttum og sérhæfðum bankarekstri. Skref Kviku kemur þeim sem fylgjast með bankarekstri ekki á óvart. Framangreindu skrefi er náð með „innri vexti". Þannig fylgir nokkur kostnaður stofnun en nær engin „fjárfesting". Ef allt gengur eftir mun stofnun KKV auka þjónustutekjur og arðsemi til lengri tíma." – **þfh**



Fjöldi rafmagnsbíla á Íslandi þyrfti að margfaldast á næstu árum ef markmið Parísarsamkomulagsins eiga að nást. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umdeilda virkjanakosti þarf að nýta til að draga úr útblæstri

Helstu tækifæri Íslands í orkuskiptum liggja á sviði vegasamgöngumála að mati Samorku. Til að anna aukinni eftirspurn raforku við aukna notkun rafmagnsbíla þarf að auka rafmagnsframleiðslu á Íslandi um 10 prósent á næstu 10 árum. Líklegt er að nýting umdeildra virkjanakosta sé forsenda orkuskipta í samgöngum.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Til að Ísland nái markmiðum Parísarsamkomulagsins um samdrátt útblásturs gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum fram til ársins 2030, þarf að bæta við uppsettu afli sem nemur 300 megavöttum á næstu tíu árum. Það þýðir að auka þarf uppsett afl á Íslandi um tíu prósent næsta áratuginn. Þetta er niðurstaða greiningar sem unnin var fyrir Samorku, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, en samtökin héldu ársfund sinn í Hörpu í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun koma tveir virkjanakostir einkum til greina, sem hugsaðir eru til að anna aukinni eftirspurn tengda orkuskiptum á næstu árum. Er þar í báðum tilfellum um að ræða umdeilda virkjanakosti á Þjórsársvæðinu, sem er nú þegar stærsta aflsvæði Landsvirkjunar. Báðir kostir eru fullhannaðir og hægt að ráðast í uppbyggingu á þeim með skömmum fyrirvara, samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun. „Landsvirkjun mun án vafa leika lykilhlutverk í orkuvinnslu þjóðarinnar áfram og fylgjast vel með þróuninni í orkuskiptum," segir Ragnhildur Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Í fyrsta lagi er um að ræða Hvammsvirkjun. Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar yrði sú virkjun ámóta Búðarhálsvirkjun, með tilliti til uppsetts afls, eða 93 megavött. Orkuvinnsla Hvammsvirkjunar yrði þó um fjórðungi meiri, eða um 720 megavattstundir á ári. Hvammsvirkjun var færð í nýtingarflokk árið 2015. Hins vegar skilaði Skipulagsstofnun af sér áliti árið 2018 þar sem fram kom að umhverfisáhrif virkjunarinnar yrðu verulega neikvæð. Virkjunin myndi nýta frárennsli Búrfellsvirkjunar sem er staðsett ofar í Þjórsá og því er hægt að stýra rennsli, og þar með lónstöðu Hvammsvirkjunar, með nokkurri nákvæmni.

Í annan stað er um að ræða Búrfellslund þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 30 vindmyllur, sem gætu skilað allt að 120 megavöttum af uppsettu afli. Búrfellslundur er hins vegar í biðflokki sem stendur, en endurhönnun þessa virkjanakosts er nú til skoðunar í fjórða áfanga rammaáætlunar.

Þessir tveir virkjanakostir gætu því skilað allt að 213 megavöttum af uppsettu afli og færu því langt með að uppfylla þá orkuþörf sem Samorka telur að sé fyrir hendi, til að markmið Parísarsamkomulagsins um minnkun útblásturs vegna samgangna náist.

En það er vitaskuld ekki nóg að byggja bara upp virkjanir til að draga úr útblæstri, því bílafloti landsins þarf einnig að endurnýjast á sama tíma. Samorka áætlar að á árinu 2030 þurfi tveir af hverjum þremur bílum á götunni á Íslandi að vera rafknúnir, eða um 145 þúsund bílar.

Í dag samsvarar samanlagður fjöldi rafmagnsbíla, tvinnbíla og metanknúinna bíla, innan við tíu prósentum af bílaflota landsins. Þau vatnaskil urðu hins vegar í febrúar á þessu ári að í fyrsta sinn varð fjöldi nýskráðra bíla knúinn endurnýjanlegum orkugjöfum meiri en þeirra sem nota bensín eða dísil sem eldsneyti.

Það sem af er ári eru nýskráningar bensín- og dísilbíla nokkurn veginn jafnar skráningu allra annarra tegunda bíla, samkvæmt tölfræði Samgöngustofu.

Til viðbótar við þær virkjanir sem þyrftu að rísa til að anna aukinni eftirspurn rafmagns, áætlar Samorka að fjárfesta þurfi fyrir 15 milljarða á ári næstu tíu árin í ýmsum raforkuinnviðum, svo sem hleðslustöðvum fyrir rafbíla, til að markmiðin náist. Í nýlegri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er meðal annars vikið að uppbyggingu hleðslustöðva fyrir rafbíla. Fyrirhugað er að verja 1,75 milljarði króna á fimm ára tímabili til ársloka 2023 til „uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum."

Töluvert virðist bera á milli í fjárfestingaþörf samkvæmt mati Samorku og þeirra fjármuna sem hið opinbera hefur eyrnamerkt uppbyggingu innviða. Þó verður að hafa í huga að ekki er endilega augljóst að hið opinbera þurfi að standa að baki allri þeirri fjárfestingu sem þörf er á. Þannig er það líka hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda að fella niður virðisaukaskatt á heimahleðslustöðvar fyrir rafbíla. En engu að síður virðist mat Samorku sýna að nokkuð vanmat sé fyrir hendi á fjárfestingaþörf vegna raforkuinnviða í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Draga þarf úr útblæstri um 37 prósent

Parísarsamkomulagið miðar meðal annars að því að draga úr útblæstri vegna samgangna á landi um 21 prósent, miðað við heildarlosun árið 2005. Útblástur vegna samgangna á landi hefur hins vegar aukist nokkuð síðan þá, ekki síst vegna mikillar aukningar í akstri ferðamanna hér á landi. Því þarf samdráttur útblásturs gróðurhúsalofttegunda á Íslandi nú að nema um 37 prósentum á næstu tíu árum. Samorka áætlar að ef áðurnefndur 37 prósenta samdráttur næst að fullu, muni þjóðarbúið spara sér 20 til 30 milljarða á ári vegna minni innflutnings á eldsneyti, þó að sú tala sé vitaskuld háð olíuverði á hverjum tíma.

66%

bíla þurfa að vera rafknúnir 2030 vegna Parísarmarkmiða.

15

milljarða fjárfestingu á ári næstu 10 ár í raforkuinnviði.

91%

af allri orkunotkun innanlands eru endurnýjanleg.

-35%

AF H1 RAFMAGNSBORÐUM



Plötur til á lager
í svörtu, hvítu,
eik og beyki

Fætur til á lager
í svörtu, hvítu
og gráu

H1 RAFMAGNSBORÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ
59.900 KR.

120cm borð
Verð nú 59.900 kr.
Listaverð 93.500 kr.

140cm borð
Verð nú 62.900 kr.
Listaverð 97.500 kr.

160cm borð
Verð nú 64.900 kr.
Listaverð 100.500 kr.

180cm borð
Verð nú 66.900 kr.
Listaverð 103.500 kr.

MYNDFORM GRAFÍK

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

Áhafnasamningar hafa nú þegar lækkað launakostnað um minnst 15 prósent að raunvirði samkvæmt kynningargögnum Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sitja fyrir svörum um samkeppnishæfni

Fjárfestar og ráðgjafar spyrja stjórnendur Icelandair um rekstraráætlanir, Boeing-samninga og flotamál. Áætlanir bjartsýnar að sögn viðmælenda og ekki gengið nógu langt í hagræðingu. Mikilvægt að fá kjölfestufjárfesti að útboðinu.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stjórnendur Icelandair Group hafa unnið hörðum höndum að því að búa til fjárhagsleg skilyrði og móta framtíðarsýn svo að fyrirhugað hlutafjárútboð beri árangur. Rekstraráætlanir Icelandair eru þó sagðar heldur bjartsýnar til lengri tíma litið og ekki var gengið nógu langt í hagræðingu launakostnaðar. Enn er óvissa um framtíð flotans, sem er lykilatriði. Þá er nauðsynlegt að tryggja þátttöku kjölfestufjárfestis í fyrirhuguðu hlutafjárútboði svo að niðurstaðan verði ekki sú að lífeyrissjóðir verði áfram með tögl og hagldir í íslenska flugfélaginu.

Þetta segja viðmælendur Markaðarins, en þeir koma úr röðum lífeyrissjóða, eru ráðgjafar mögulegra fjárfesta með reynslu af flugrekstri, forsvarsmenn verðbréfasjóða og eins stórir einkafjárfestar, sem hafa setið fjárfestafundi með stjórnendum Icelandair.

„Ef fjárfestir tekur þátt í hlutafjárútboðinu getur vel verið að bréfin hækki á næstu tveimur árum. En á þessum tímamótum er ekki nóg fyrir langtímafjárfesta eins og lífeyrissjóði að hugsa til örfárra ára. Þeir þurfa að spyrja hvar félagið verður eftir tíu ár," sagði einn viðmælandi.

Icelandair freistar þess að auka hlutaféð um 20 milljarða króna með hlutafjárútboði og hefur félagið náð samkomulagi við Íslandsbanka og Landsbankann um sölutryggingu. Þannig munu bankarnir kaupa hlutafé fyrir allt að 6 milljarða króna ef ekki næst að selja allt sem boðið er út.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa átt sér stað þreifingar við erlenda fjárfesta sem hafa sýnt hlutafjárútboðinu áhuga. Enn er þó óljóst hvort áhuginn sé svo mikill að hann leiði til þátttöku þeirra í útboðinu, en stjórnendur Icelandair höfðu ekki – áður en söluferlið hófst formlega – haft miklar væntingar til þess að erlendir sjóðir myndu sýna útboðinu áhuga. Þá hefur um nokkurt skeið verið vitað að PAR Capital, sem var stærsti hluthafinn í Icelandair þegar faraldurinn skall á, muni ekki taka þátt.

Stjórnir flestra stærstu lífeyrissjóðanna hafa sótt fjárfestafundi með stjórnendum Icelandair. Það þykir óvanalegt og er til marks um að þetta er ekki eins og hver önnur fjárfesting. Einn viðmælandi sem situr í stjórn lífeyrissjóðs sagði að honum væri „til efs að lífeyrissjóðakerfið hefði staðið frammi fyrir jafn erfiðri ákvörðun" um langt skeið.

Viðmælendur segja jákvætt að hlutabréfin verði boðin út á genginu einn. „Það er vissulega slæmt fyrir núverandi hluthafa en það sem skiptir núna mestu máli er heildarupphæðin sem félagið fær úr útboðinu, burtséð frá genginu. Eftir því sem þeir ná meiru inn, því líklegra er að gengið hækki," komst einn viðmælandi að orði.

> **Þetta er ekki nægt fé til að ráðast í uppbyggingu á flota. Það þarf að gerast undir eins ef ætlunin er að vera með í samkeppninni.**

Útboðsgengið er um 40 prósentum lægra en markaðsgengi bréfanna þegar tilkynnt var um útboðið í byrjun, um miðjan ágúst. Eins og Markaðurinn greindi frá er það nokkuð lægra gengi en stjórnendur Icelandair höfðu horft til að miða ætti við í hlutafjárútboðinu.

Íslensk stjórnvöld settu það sem skilyrði fyrir því að veita Icelandair ríkisábyrgð á allt að 16,5 milljarða lánalínu, að gengið yrði sem lengst í að þynna út eignarhlut núverandi hluthafa þegar ráðist yrði í útboð flugfélagsins.

Fram kom í umfjöllun Markaðarins að stjórnendur Icelandair hefðu ákveðið að fjárfestum í útboðinu myndu bjóðast áskriftarréttindi, sem samsvara allt að fjórðungi af nýjum útgefnum hlutum, til þess að koma til móts við sjónarmið stjórnvalda. Þau lögðu áherslu á að aðkoma ríkisins væri ekki hugsuð til að bjarga hluthöfum.

Skammtímaspáin íhaldssöm

Áætlanir Icelandair gera meðal annars ráð fyrir að flugframboð félagsins aukist jafnt og þétt. Árið 2024 verði framboðið komið í sama horf og það var árið 2018. Þá er gert ráð fyrir að tekjur félagsins hafi hækkað upp í 1,6 milljarða dala árið 2024 og verði þannig um 3 prósentum hærri en þær voru í fyrra.

EBIT, rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, tekur hressilega við sér árin 2023 og 2024 og verður kominn í 175 milljónir dala árið 2024. Til samanburðar var EBIT 134 milljónir dala árið 2015 og 113 milljónir dala árið 2016.

Viðmælendur Markaðarins segja jákvætt að áætlanir Icelandair til næstu tveggja ára séu raunhæfar. „Spáin fyrir næstu tvö ár er íhaldssöm og ætti að mínu viti að geta gengið," segir einn viðmælandi sem hefur starfað á flugmarkaði um langt skeið. „En þeir gefa sér

Sjóðirnir reikni með afleiddum áhrifum

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku banka og einn ráðgjafa Icelandair Group fyrir útboðið, segir að lífeyrissjóðir verði að meta áhættuna af því að taka þátt í útboðinu og einnig af því að taka ekki þátt. Það geti haft neikvæð áhrif á verðmæti ýmissa eigna sem eru í eigu sjóðanna ef útboðið heppnast ekki.

Fram í máli Gylfa Magnússonar, prófessors og forseta viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, á málþingi í gær að gríðarleg áhætta væri fólgin í fjárfestingu í Icelandair um þessar mundir.

„Þetta er ansi djarft skref fyrir lífeyrissjóðina," sagði Gylfi og bætti við að sjóðirnir eigi að fjárfesta með það að markmiði að skila lífeyrissjóðum ávöxtun.

„Þeir mega náttúrulega ekki fjárfesta til að bjarga einhverri innlendri atvinnugrein eða krísu. Það eru eiginlega einhverjir aðrir sem verða að gera það," sagði hann. Heppilegra væri að finna fjárfesti sem hefði meira tapsþol en lífeyrissjóðirnir og væri betur tengdur fluggeiranum.

Spurður um þetta sjónarmið segir Marinó Örn mikilvægt fyrir lífeyrissjóði, og aðra fjárfesta, að skoða hver áhætta eignasafna þeirra sé og hvernig hún breytist með einstökum fjárfestingaákvörðunum.

„Ef að tíðni flugsamgangna minnkar mikið í framtíðinni, sem verður líklega niðurstaðan ef ekki verður starfrækt flugfélag sem notar Keflavíkurflugvöll sem tengipunkt milli Evrópu og Bandaríkjanna, þá mun það hafa neikvæð áhrif á verðmæti ýmissa eigna sem eru í eigu lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta," segir Marinó.

Í því felst líka mikil áhætta að hans sögn. Lífeyrissjóðir eiga að meta mögulegar fjárfestingar út frá væntri ávöxtun og mati á áhrifum fjárfestinga á áhættu eignasafna þeirra.

„Ég er ekki viss um að það minnki áhættu eignasafna að taka ekki þátt í útboði Icelandair ef það leiðir til þess að útboðið heppnist ekki. Varðandi aðra fjárfesta þá tel ég mikilvægt að allir fjárfestar, hvort sem það eru lífeyrissjóðir eða aðrir, innlendir eða erlendir, meti væntа ávöxtun og áhættu sem felst í að taka þátt eða ekki þátt í útboði," segir Marinó.

Tekjur á tiltækan sætiskílómetra
US Cent



Kostnaður á tiltækan sætiskílómetra
US Cent



Ef það verður mikil samkeppni er ljóst að það mun hafa áhrif á tekjuáætlanir félagsins þegar flugmiðaverð fer þá lækkandi.

svakalega aukningu á árunum 2023 og 2024 og þá á bara allt að vera í himnalagi.“

Þeir sem rýnt hafa í áætlanir Icelandair hafa áhyggjur af því að félagið sé enn með innbyggðan kostnað eins og fullþjónustufélög (e. legacy) en tekjulíkanið sé meira í ætt við lággjaldafélög. Ekki hafi verið gert nóg til að samræma kostnað við tekjulíkanið.

Lykilmælikvarðar í rekstri flugfélaga eru annars vegar tekjur á tiltæka sætiskílómetra (RASK) og hins vegar kostnaður á tiltæka sætiskílómetra (CASK).

Áætlanir Icelandair Group gera ráð fyrir að árið 2024 verði tekjur á tiltækan sætiskílómetra (RASK) um 11 prósentum hærri en þær voru árið 2018. Þessar áætlanir þykja nokkuð bjartsýnar að sögn viðmælenda Markaðarins en stjórnendur Icelandair hafa meðal annars rökstutt aukningu RASK með vísan til þess að tekjustýringarkerfi félagsins hafi sýnt verulegan árangur. „Það þyrfti að sjá frekari gögn um þetta og hvernig þróunin hefur verið,“ segir einn viðmælandi.

Annar segir veikleika í tekjuáætlunum félagsins. Forsendurnar virðist vera að félagið verði eitt á sínum markaði og engar ógnanir séu í samkeppni í tengiflugi yfir hafið.

„Það er hins vegar stórt EF og Icelandair er verðtaki á þessum markaði. Ef það verður mikil samkeppni er ljóst að það mun hafa áhrif á tekjuáætlanir félagsins þegar flugmiðaverð fer þá lækkandi.“

Ekki nógu langt gengið

Með sveigjanlegri kjarasamningum og auknu vinnuframlagi áhafna, ásamt öðrum hagræðingaraðgerðum, áætlar Icelandair að kostnaður á hvern sætiskílómetra (CASK) muni á árinu 2024 hafa lækkað um samtals 10 prósent miðað við árið 2018.

Áhafnasamningar hafa nú þegar lækkað launakostnað um minnst 15 prósent að raunvirði samkvæmt kynningargögnum Icelandair. Aftur á móti er gert ráð fyrir að launahækki um 3,5 prósent á ári í takt við almennar launahækkanir á vinnumarkaði. Þannig hefur launakostnaður verið lækkaður um 56 milljónir dala, miðað við framleiðslustig ársins 2018, en hann mun hækka um alls 42 milljónir dala fram til ársins 2024.

Sumir viðmælendur Markaðarins telja að ekki hafi verið gengið nógu langt í hagræðingu á launakostnaði.

„Launahlutinn af þessari CASK-lækkun, þessi samkeppnisjöfnuður sem Icelandair er að reyna að ná, eyðist eiginlega út fram til ársins 2024. Það er ekki gott,“ segir einn viðmælandi.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, sagði í samtali við Fréttablaðið í ágúst að Icelandair gerði ráð fyrir ákveðnum verðlagshækkunum eins og hefur verið undanfarin ár.

„Ef sú forsenda gengur eftir munu önnur félög einnig glíma við verðlagshækkanir. Með þeim aðgerðum sem við munum fara í verður félagið mjög samkeppnishæft á þeim markaði sem það starfar á,“ sagði Bogi Nils.

Annar viðmælandi veltir fyrir sér hvers vegna áhafnasamningar hafi verið gerðir til einungis fimm ára.

„Gefum okkur að viðsnúningurinn takist og afkoma félagsins verði komin í ásættanlegt horf eftir þrjú eða fjögur ár. Hvernig í ósköpunum ætlarðu að semja um hagstæða framlengingu á áhafnasamningum þegar allt leikur í lyndi?“ spyr hann.

Þá gagnrýnir enn annar að kostnaðarlíkan Icelandair hafi ekki verið sett í samhengi við kostnaðarlíkan keppinauta á borð við Wizzair. Svör stjórnenda Icelandair um að sumir keppinautar séu ekki samanburðarhæfir séu ekki fullnægjandi.

Efasemdir um Boeing-samningana

Þá eru uppi efasemdir um samkomulagið sem Icelandair gerði við flugvélaframleiðandann Boeing. Það kveður á um að íslenska flugfélagið, sem er nú þegar með sex Boeing 737 MAX vélar í flota sínum, kaupi alls tólf MAX-vélar í stað sextán, fái aukinn afslátt við kaup á þeim sex flugvélum sem á eftir að afhenda og fébætur. Samkomulagið við Boeing bætti lausafjárstöðu Icelandair Group um 260 milljónir dollara, jafnvirði um 35 milljarða króna.

„Þetta eru ekki góðir samningar að mínu mati. Það er greinilegt að félagið hefur verið upp við vegg og í tímaþröng,“ segir einn viðmælandi. Hann vísar til þess að Icelandair hefði getað neitað að taka við þremur MAX-vélum þar sem Boeing braut skilmála um að afhendingartöf yrði ekki lengri en 12 mánuðir.

„Hvers vegna er þá verið að taka við fjórum vélum?“ spyr hann. Fjárbindingin sem felst í því að taka við vélunum geti komið í bakið á Icelandair ef kórónafaraldurinn dregst á langinn.

Stjórnendur Icelandair munu hafa gefið þær skýringar að samkomulagið hafi verið besta mögulega niðurstaðan. Mikilvægt sé að fá fébætur frá Boeing sem fyrst til að styrkja lausafjárstöðuna og þá sé óvíst hvort málaferli gegn Boeing beri árangur. Lögð var áhersla á að eyða sem mestri óvissu fyrir útboðið.

„Mér finnst það ekki alveg nógu sterk rök því eins og staðan er í dag skiptir ekki öllu máli hvort þú tapir dómsmáli eftir nokkur ár,“ segir einn viðmælandi.

Flotamálin eru lykilatriði

Áður en kórónafaraldurinn hófst var Icelandair að móta framtíðarstefnu í flotamálum. Sú vinna er enn í gangi og mun henni ekki ljúka fyrir hlutafjárútboðið.

„Flotamálin eru aðalatriði í þessu. Allt annað bliknar í samanburði,“ segir einn viðmælandi með víðtæka reynslu úr fluggeiranum. Hann bendir á að meðalaldur flugvéla Icelandair sé mjög hár. Gömlu vélarnar séu óhagkvæmar í rekstri, meðal annars vegna þess að mikil viðhaldsþörf geri flugfélaginu erfitt fyrir að halda áætlun.

„Ef Icelandair ætlar að keppa á þessum Atlantshafsmarkaði, þá verður varan að vera samkeppnishæf. Nú þegar búið er að draga úr framboði þá snýst þetta mikið um hver er með bestu vöruna og besta verðið.“

Einn viðmælandi lýsir ákvörðun Icelandair um að taka MAX-vélar inn í flotann sinn sem „afskaplega óheppilegri ákvörðun“, meðal annars vegna þess að vélarnar hafa ekki drægni til að fljúga á alla áfangastaði flugfélagsins í Norður-Ameríku. Icelandair þurfi því að halda gömlum og óhagkvæmum vélum í flotanum.

Vill meiri fjölbreytileika í hluthafahópinn þegar óvissan minnkar

Markaðurinn bar nokkur atriði, sem fjárfestar og ráðgjafar þeirra hafa nefnt í tengslum við hlutafjárútboðið, undir Boga Nils Bogason, forstjóra Icelandair Group. Spurður hvort ekki sé æskilegt að tryggja þátttöku kjölfestufjárfestis, svo að lífeyrissjóðir fari ekki með mikinn meirihluta, segir Bogi Nils að markmiðið sé að fá meiri fjölbreytileika í hluthafahópinn í kjölfar útboðsins og þegar óvissan hefur minnkað.

„Vorið 2019 kom PAR Capital inn sem stór hluthafi í Icelandair Group. Sjóðurinn hefur sérhæft sig í fjárfestingum í flug- og ferðaþjónustufyrirtækjum í tugi ára og gengið mjög vel allt þar til kórónaveirufaraldurinn skall á og hafði gríðarleg áhrif á fyrirtæki í þessum atvinnugreinum. Það að sjóður eins og PAR Capital, sem er mjög virtur sjóður í Bandaríkjunum, skyldi sjá tækifæri í viðskiptalíkani Icelandair Group segir sína sögu.

Í kjölfar hlutafjárútboðs og þegar óvissan vegna COVID-19 minnkar hafa stjórnendur og stjórn Icelandair Group fullan hug á því að ná inn meiri fjölbreytileika í hluthafahóp félagsins eins og tókst vorið 2019,“ segir Bogi Nils.

Þeir sem rýnt hafa í áætlanir Icelandair hafa áhyggjur af því að félagið sé enn með innbyggðan kostnað eins og fullþjónustufélög (e. legacy) en tekjulíkanið sé meira í ætt við lággjaldafélög. Ekki hafi verið gert nóg til að samræma kostnað við tekjulíkanið. Hvað finnst þér um það?

„Viðskiptalíkan Icelandair byggir ekki á lággjaldamódelinu. Við gætum lækkað einingakostnað á morgun um 20% með því að

Bogi Nils Bogason

fjölga sætum um borð í okkar vélum, en við teljum að með því myndu einingatekjur lækka enn meira en sem nemur kostnaðarlækkuninni. Við höfum staðsett okkur á markaðnum í ljósi þess umhverfis, sem við störfum í, ekki síst hvað varðar íslenskan vinnumarkað.

Viðskiptalíkanið okkar býður upp á góða tengimöguleika og tímasetningar, ásamt öðru vöruframboði sem hámarkar virði viðskiptavina okkar á lykilmörkuðum. Viðskiptamódel félagsins hefur sannað sig með góðri afkomu til margra ára og félagið hefur staðið af sér krefjandi aðstæður í gegnum tíðina, bæði hvað varðar samkeppnisumhverfið og aðra utanaðkomandi þætti.“

Er það ekki veikleiki fyrir hlutafjárútboðið, og eins fyrir rekstrargrundvöll Icelandair, horft fram í tímann, að ekki hafi tekist að fá neina kröfuhafa til að afskrifa hluta af skuldum sínum eða breyta þeim í hlutafé?

„Fyrir heimsfaraldur COVID-19 var efnahagur félagsins sterkur bæði hvað varðar eiginfjárhlutfall og lausafjárstöðu. Fjármögnun félagsins var á mjög samkeppnishæfum kjörum enda hafði félagið byggt upp gott viðskiptasamband við sína lánveitendur og lagt fram góð veð og sterka veðstöðu gegn hagstæðum kjörum lána. Þegar ljóst var að COVID-19 faraldurinn myndi ekki ganga yfir á nokkrum vikum fékk félagið til liðs við sig reynda sérfræðinga á sviði fjárhagslegrar endurskipulagningar flugfélaga frá bandarísku ráðgjafafyrirtækinu Seabury Securities. Seabury hefur komið að endurskipulagningu fjárhags flugfélaga víða um heim undanfarna áratugi.

Breyting á skuldum í hlutafé hefur helst verið til umræðu hjá þeim flugfélögum þar sem viðamikil vanskil höfðu og hafa safnast upp og hefur þeim hluta þá verið breytt í hlutafé. Icelandair Group hafði hins vegar verið í skilum við alla þá kröfuhafa sem um ræðir. Þá hafa einhver flugfélög sem voru með óveðtryggð skuldabréf breytt slíkum kröfum í hlutafé. Icelandair Group var ekki með nein slík skuldabréf útgefin heldur var tryggingastaða mótaðila sterk.

Í ofangreindum viðræðum við hagaðila hefur félagið leitast eftir því að ná sem hagstæðastri lausn þar sem áherslan hefur verið á að aðlaga afborganir að áætluðu sjóðsstreymi á meðan starfsemi félagsins er verulega skert og það er að byggja reksturinn upp aftur eftir fordæmalausa tíma.

Lækkun lánaafborgana og annarra samningsskuldbindinga Icelandair á því tímabili sem starfsemi þess er skert, er mikilvægur þáttur í þeim fjölbreyttu aðgerðum sem félagið hefur gripið til á undanförnum mánuðum og mun leggja markaðan skerf til þess verkefnis að tryggja að Icelandair komist með öruggum hætti í gegnum þessa óvissutíma og geti þannig gegnt veigamiklu hlutverki í viðspyrnu íslensks hagkerfis.“

Spáin fyrir næstu tvö ár er íhaldssöm og ætti að mínu viti að geta gengið.

„Þetta er langstærsta áskorunin fram undan. Nú er verið að safna hlutafé til að koma félaginu á réttan stað, en þetta er ekki nægt fé til að ráðast í uppbyggingu á flota. Það þarf að gerast undir eins ef ætlunin er að vera með í samkeppninni.“

Hótanir stéttarfélaga vekja spurningar

Þá væri óheppilegt, að mati sumra viðmælenda Markaðarins, ef niðurstaða útboðsins yrði sú að lífeyrissjóðir hefðu tögl og hagldir í flugfélaginu.

„Er framtíðin björt með þannig eignarhaldi? Nei, það þarf að fá inn kjölfestufjárfesti úr einkageiranum sem þorir að taka á málunum. Ríkisrekstur í flugi gengur ekki upp og rekstur undir stjórn lífeyrissjóða er ekki mjög ósvipaður.“

Tilraunir stéttarfélaga til þess að hafa áhrif á fjárfestingar lífeyrissjóða vekja einnig spurningar um hversu heppilegt það er að lífeyrissjóðir séu ráðandi afl í hluthafahópnum. „Hvað ætla sjóðirnir að gera þegar kemur að endurnýjun áhafnasamninga? Níðast á félagsmönnum eða gera málamiðlanir í rekstrinum? Þetta er ávísun á eilífa togstreitu.“

Vel samið við færsluhirða

Einn viðmælanda Markaðarins taldi Icelandair til tekna að hafa náð samningi við stærsta færsluhirðinn, en hann felur í sér óbreytt greiðsluflæði fram á næsta ár. Óhagstætt greiðsluflæði frá færsluhirðum var ein af ástæðunum á bak við fall WOW air.

Flugmiðakaup með kreditkortum munu því áfram skila sér inn á reikninga Icelandair með aðeins örfárra daga töf. Á öðrum fjórðungi næsta árs, þegar félagið hyggst hefja uppbyggingu á flugrekstri, lengist greiðslutöfin um fáeina daga. Það er ekki talin veigamikil breyting í stóra samhenginu.

Í uppfærðri fjárfestakynningu sem Icelandair sendi frá sér fyrir helgi birtust meðal annars svör við 57 spurningum sem hafa komið upp á fundum með fjárfestum í söluferlinu og eins í aðdraganda þess. Þær komu að stórum hluta frá Arctica Finance, sem er ráðgjafi lífeyrissjóðanna Birtu, LSR og Gildis, en verðbréfafyrirtækið hafði óskað eftir svörum við meira en 200 spurningum sem það hafði komið á framfæri við Icelandair. Ráðgjafi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, næststærsta hluthafa Icelandir Group, er hins vegar Deloitte.

Fram kemur í kynningunni að lausafjárstaða félagsins muni versna um 144 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 20,1 milljarðs króna, á þriðja fjórðungi þessa árs. Það er verulegt frávik miðað við fjórðungana sem komu á undan og munu koma á eftir, samkvæmt áætlunum félagsins.

Markaðurinn sendi fyrirspurn til Icelandair þar sem spurt var hvort stóran hluta af þessu útflæði lausafjár mætti rekja til uppgjörs vegna þeirra samninga sem náðust við færsluhirða. Í svari frá Icelandair kemur fram að það sé ekki rétt skilið að um sé að ræða uppgjör við færsluhirða „heldur er rúmlega þriðjungur af þessari fjárhæð vegna áætlaðra endurgreiðslna flugmiða og um þriðjungur vegna lækkunar á skammtímaskuldum.“

Þá kom einnig fram í svörum flugfélagsins við fyrirspurnum fjárfesta, sem birt voru í uppfærðri fjárfestakynningu, að samningar við kröfuhafa væru ekki háðir neinni sérstakri greiðslu eftir hlutafjárútboðið.

Marel í yfirtökum fyrir 99 milljarða

Frá árinu 2015 hefur Marel keypt sjö fyrirtæki. Það keypti TREIF fyrir 23 milljarða króna á dögunum. Fyrstu stóru kaup Marels eftir tvíhlíða skráningu á hlutabréfamarkað í Hollandi. Matvælaframleiðendur vilja ekki vera í viðskiptum við marga birgja.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Árni Sigurðsson framkvæmdastjóri hjá Marel segir kaupin á TREIF séu mikilvægt skref í vegferð fyrirtækisins. MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Marel hefur fjárfest í sjö fyrirtækjum frá árinu 2015 fyrir um 600 milljónir evra, jafnvirði um 99 milljarða króna. Um er að ræða heildarvirði fyrirtækjanna, það er virði hlutafjár og skulda (e. enterprise value). Þetta segir Árni Sigurðsson, framkvæmdastjóri stefnumótunar og stefnumarkandi rekstrareininga hjá Marel.

Upplýst var á föstudaginn um að Marel hefði keypt hið þýska TREIF fyrir um 140 milljónir evra, jafnvirði um 23 milljarða króna. Árið 2015 keypti Marel MPS fyrir um 382 milljónir evra, jafnvirði 63 milljarða króna. Umfang hinna fimm yfirtakanna var smærra í sniðum.

Kaupin á TREIF voru fyrstu stóru kaupin hjá Marel eftir að fyrirtækið var skráð tvíhliða á hlutabréfamarkað í Hollandi sumarið 2019. „Skráning hlutabréfa okkar í alþjóðlega kauphöll í evrum styður við vaxtastefnu Marel, þar sem seljendur fyrirtækja verða fyrir vikið áhugasamari um að fá hluta af greiðslunni með bréfum í Marel," segir Árni.

Markaðir fóru fram úr sér

Kaupverðið var um 140 milljónir evra sem er um það bil ellefu sinnum hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA). Nú eru hlutabréfamarkaðir í hæstu hæðum. Eruð þið að borga hátt verð fyrir TREIF?

„Segja má að síðustu tvö ár hafi okkur þótt hlutabréfamarkaðir hafa farið fram úr sér og því var orðið erfitt að finna góð kauptækifæri. Núna erum við hins vegar að sjá betra jafnvægi og við erum afar sátt við verðið sem við erum að borga fyrir TREIF, enda passar fyrirtækið TREIF afar vel við okkar rekstur, stefnu, markmið og framtíðarsýn. Um er að ræða mikilvægt skref í okkar vegferð.

Eigendum fjölskyldufyrirtækja, eins og TREIF, er oft umhugað um að finna þeim gott heimili og vilja tryggja að hugsað verði vel um starfsfólkið. Kaupverðið þarf því ekki að ráða úrslitum þegar ákveðið er hverjum skal selja. Fyrirtækin starfa oft í litlum samfélögum og því er seljendum mikið í mun að ekki verði ráðist í umfangsmiklar uppsagnir eða starfseminni verði hætt í náinni framtíð.

Við þessar aðstæður skiptir sköpum fyrir Marel að hafa kynnst eigendum fyrirtækjanna vel. Þeir þekkja okkur, vita að við höfum sameinast fjölda fyrirtækja og geta því spurst fyrir um hvernig til tókst."

Tók við TREIF 29 ára

Hvers vegna var ákveðið að greiða hluta af kaupverði TREIF með eigin bréfum sem keypt voru á markaði, í stað þess að reiða eingöngu fram reiðufé?

„Við bjóðum seljendum að fá greitt með reiðufé. Það er til þess að seljendur geti auðveldlega borið okkar tilboð saman við aðra möguleika. Í viðræðunum þróaðist samtalið á þá vegu að Uwe Reifenhäuser, forstjóra og eiganda TREIF, var boðið að fá hluta af kaupverðinu greitt með hlutabréfum í Marel sem hann þáði, fyrir rétt um tíu prósentum, þar sem hann er spenntur fyrir sameiginlegri framtíð Marels og TREIF.

Reifenhäuser hefur stýrt TREIF, sem faðir hans stofnaði, í þrjá áratugi. Hann tók við rekstrinum einungis 29 ára gamall þegar faðir hans féll skyndilega frá. Fram að því hafði hann lengi komið að fyrirtækinu. Reifenhäuser hefur því alla sína tíð starfað á þessu sviði og hefur trú á iðnaðinum og Marel."

Árni segir að yfirtökur Marels á fyrirtækjum séu liður í því að ná tvennu fram: Annars vegar að Marel geti boðið upp á vöruframboð heildarlausna, sem síðan er tengt saman með hugbúnaði til að tryggja hámarksafköst. Með hugbúnaðinum sé til dæmis hægt að afla gagna um það sem gerist snemma í framleiðsluferli matvæla og nýta þau til að bæta gæðin á síðari stigum framleiðsluferlisins.

Segja má að síðustu tvö ár hafi okkur þótt hlutabréfamarkaðir hafa farið fram úr sér og því var orðið erfitt að finna góð kauptækifæri. Núna erum við hins vegar að sjá betra jafnvægi.

Vilja fáa birgja

„Viðskiptavinir vilja að tækjabúnaðurinn í vinnslunni virki sem ein heild og þeir vilja ekki vera í viðskiptum við marga birgja. Það getur nefnilega haft í för með sér að framleiðendur bendi hver á annan ef það koma um bilanir og þá verður erfitt að leysa vandann hratt og örugglega," segir hann.

Auk þess sé mikið hagræði fólgið í því að fjölga vörum sem hver sölumaður geti boðið viðskiptavinum þegar þeir eru sóttir heim.

Hins vegar sé unnið að því að byggja upp víðfeðmt alþjóðlegt sölu- og þjónustunet. Það skipti orðið æ meira máli að hafa starfsmenn nálægt matvælaframleiðslunni vegna þess að tækjabúnaðurinn verði æ flóknari og öflugri sem geri það að verkum að starfsmenn viðskiptavina geti ekki sinnt viðhaldi sjálfir. „Verkefnið er því að færa okkur nær viðskiptavinum og hanna tækjabúnaðinn á þá vegu að hægt sé að þjónusta hann í fjarvinnu. Þessi stefna okkar og fjárfestingar í þessa átt hafa sannað gildi sitt sig núna í heimsfaraldrinum en við höfum getað sinnt okkar þjónustu til viðskiptavina þrátt fyrir landamæralokanir og ferðatakmarkanir," segir hann.

Kynslóðaskipti

Mörg fyrirtæki sem framleiða tæki fyrir matvælaiðnað voru stofnuð í kringum seinni heimsstyrjöldina og komið er að kynslóðaskiptum. „Það verður æ mikilvægara fyrir fyrirtæki í þessum iðnaði að geta þjónustað viðskiptavini um heim allan og búa yfir stafrænum lausnum og hugbúnaði til að stýra framleiðslunni í rauntíma og hámarka afköst.

Þau sem ekki eru í stakk búin til þess nú þegar þurfa að leggja út í mikinn fastan kostnað til að byggja þessa þætti upp. Þegar það hefur náðst kostar lítið að bæta við viðbótareiningum.

Af þeim sökum velta eigendur margra fyrirtækja, sem ekki hafa hafið umrædda vegferð, fyrir sér hvort beina eigi fyrirtækinu á þá braut eða selja fyrirtækið. Það gæti nefnilega tekið mörg ár að ná árangri á þessu sviði. Eigandi TREIF, sem er sextugur og stóð á tímamótum, kaus til að mynda að selja Marel fyrirtækið í stað þess að fjárfesta ríkulega í uppbyggingarstarfi."

Fyrirtækjamenning

Árni segir að það sé afar mikilvægt að fyrirtæki sem Marel kaupi séu með svipaða framtíðarsýn, svipaða vinnustaðamenningu og svipuð gildi. „Helsta ástæða þess að sameiningar ganga ekki upp er að menning fyrirtækjanna er ólík."

Hvernig metið þið hvort menningin og gildin séu lík því sem er hjá Marel þegar hugað er að yfirtökum?

„Við höfum verið lengi í iðnaðinum, hann er lítill og við höfum því átt í miklum samskiptum við eigendur og forstjóra fyrirtækjanna. Við það má öðlast góða tilfinningu fyrir fyrirtækjunum áður en rætt er alvarlega hvort sameining eða yfirtaka komi til greina.

TREIF er til dæmis svipað Marel á marga vegu og starfar eftir sömu gildum. TREIF er þekkt fyrir að selja hágæðavörur og veita góða þjónustu, rétt eins og Marel. Þegar við ræddum við stjórnendur fyrirtækisins komumst við í raun um að vinnustaðamenningin er áþekk."

Vaxandi ábyrgð

Árni hóf störf hjá Marel árið 2014 í því skyni að vinna að stefnumótun og yfirtöku á fyrirtækjum. Hann var fyrsti og eini starfsmaður deildar stefnumótunar og þróunar um skeið. „Hægt og rólega hefur deildin byggst upp og skiptist nú í þrjú svið: Stefnumótun, yfirtökur og teymi í Hollandi einbeitir sér að því að bæta samlegð fyrirtækjanna eftir yfirtöku. Verkefni deildarinnar er því hvergi nærri lokið eftir að yfirtöku á fyrirtæki lýkur.

Yfirtökur á fyrirtækjum og stefnumótun fara hönd í hönd, enda eru fyrirtæki ekki keypt nema þau passi við hugmyndafræði Marels, sem lýtur að því að umbreyta því hvernig matvæli eru unnin á heimsvísu með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi," segir hann.

Undir sviðið sem Árni stýrir og ber nafnið Stefnumarkandi rekstrareiningar, falla einingarnar Innova hugbúnaðardeild, Cross-Industry og tilbúin matvæli (e. Prepared Foods). Árni segir að þessar þrjár einingar styðji við stoðeiningar Marels, sem framleiði lausnir til vinnslu á kjöti, kjúklingi og fiski.

Áður en hann gekk til liðs við Marel vann hann fyrir AGC Partners, sem veitir ráðgjöf um kaup og sölu tæknifyrirtækja, í London. Árni veitti Marel ráðgjöf um kaup á Stork þegar hann starfaði hjá Landsbankanum. Hann er með MBA-gráðu frá Harvard Business School og BS-gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Vöruframboðið passar vel við Marel

Árni segir vöruframboð TREIF og Marels passa mjög vel saman. TREIF sé með sterka stöðu í skurðvélum sem skeri frosið kjöt og kjöt með beini. Marel hafi í raun ekki sinnt því sviði áður, heldur sé það leiðandi í tækjabúnaði til að skera ferskan kjúkling, kjöt og fisk. „TREIF leggur ríka áherslu á að smíða eigin hnífa, eitthvað sem við höfum ekki gert fram að þessu," segir hann.

Að hans sögn stefndi Marel að því að þróa vörur sem eru sambærilegar þeim sem TREIF selur, en nú þurfi þess ekki. Í því sé fólginn verulegur sparnaður. Auk þess verði hægt að heimfæra álitlegar tæknilausnir TREIF á kjúkling og fisk.

TREIF var stofnað 1948 í Oberlahr í Þýskalandi. Árstekjur eru yfir 80 milljónir evra, jafnvirði um 13 milljarða króna, og um 13 milljónir evra í EBITDA. Starfsmenn félagsins eru um 500 á starfsstöðvum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kína.

Von á góðri vínuppskeru í Frakklandi

Vínframleiðsla í frönskum vínhéruðum er talin munu aukast um sex prósent milli ára og hljóða upp á sex milljarða vínflaskna. Veðurfar í Frakklandi hefur orsakað að berjatínsla hefst allt að mánuði fyrr en vanalega. Þrátt fyrir betri uppskeru í Champagne-héraði verður dregið úr framleiðslu upprunavottaðs kampavíns, sökum hins fyrirsjáanlega efnahagssamdráttar á heimsvísu.

Hagfellt veðurfar í Frakklandi í sumar er talið munu skila myndarlegri aukningu í vínframleiðslu þar í landi í ár, að því er fram kom í tilkynningu frá landbúnaðarráðuneyti Frakklands á þriðjudag. Heildarframleiðsla mun aukast um sex prósent frá síðasta ári, en frostskemmdir að vori í fyrra höfðu nokkuð neikvæð áhrif á vínframleiðslu í Frakklandi þá. Áætluð framleiðsla í ár er þó nokkurn veginn á pari við fimm ára meðaltal áranna 2015 til 2019. Áætluð framleiðsla franskra vínbænda er 4.500 milljónir lítra í ár, sem samsvarar um sex milljörðum vínflaskna.

Tímasetning vínuppskeru ársins í ár er þó óvenjuleg í allflestum vínhéruðum. Þannig hófst berjatínsla í Búrgúndar-héraði þann 12. ágúst síðastliðinn. Tínslan hefur aldrei hafist jafn snemma, en til eru skráðar heimildir um fyrsta dag berjatínslu í héraðinu allt aftur til 14. aldar. Ástæðan er sögð mildur vetur og óvenjuhlýtt vor, sem orsakaði að þrúgur náðu réttu þroskastigi töluvert fyrr en ella. „Söfnun þrúga hófst í ágúst í nánast öllum héruðum, töluvert fyrr en á árinu 2019. Skýringin á þessu er að síðastliðið vor var hið næsthlýjasta síðastliðin 120 ár, auk þess sem vetur var mildur," segir í umfjöllun landbúnaðarráðuneytisins.

Í Champagne-héraði er svipaða sögu að segja, þar sem uppskera hófst um miðjan ágúst og hefur aldrei hafist svo snemma. Þrúguuppskera er talin munu aukast um sjö prósent milli ára. Hins vegar verður dregið úr framleiðslu á upprunavottuðu víni sem með réttu má kalla kampavín, enda telja vínbændur í Champagne að eftirköst COVID-19 muni draga úr eftirspurn á dýrara víni. Eiginleg kampavínsframleiðsla er þannig talin munu dragast saman um ríflega fimmtung og nema um 172 milljónum lítra. Það magn samsvarar engu að síður tæplega 230 milljónum flaskna af kampavíni, svo að unnendur hinna freyðandi, ljósgylltu veiga þurfa líklegast ekki að örvænta.

Í Loire-dalnum, þar sem vinsælar tegundir á borð við Sancerre og Pouilly-Fumé eiga uppruna sinn, er einnig von á sterkri uppskeru. Hressileg vætutíð í ágúst er talin munu orsaka að vínuppskeran aukist um 44 prósent frá síðasta ári upp í 315 milljónir lítra. Vinna við uppskeru hófst undir lok ágúst – um það bil mánuði fyrr en sumarið 2019.

Hlýrra veður getur bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á vínframleiðslu. Þannig hefur hærra hitastig gjarnan þau áhrif á þrúgur að sýrustig þeirra lækkar og magn sykra hækkar. Við gerjun hefur þessi breyting á þrúgunum svo þau áhrif að áfengismagn verður hærra samfara auknu sykurmagni. Í Rhone-dalnum eru þannig dæmi þess að vín hafi náð allt að 16 prósenta styrkleika, sem flestir myndu telja verulega í hærri kantinum fyrir léttvín.

Kampavínsframleiðendur hafa lagað sig að breyttum veðuraðstæðum með því að færa sig norðar. Franska kampavínshúsið Taittinger, sem stofnað var árið 1734, festi kaup á landareign í Kent-héraði á suðurhluta Englands á síðasta ári, en aðstæður þar eru nú taldar fullkomnar til freyðivínsframleiðslu. Áætlað er að fyrsta Taittinger-flaskan framleidd á Englandi rúlli út af færibandinu haustið 2023.

thg@frettabladid.is

Kampavín er af mörgum talið ómissandi við ýmis tilefni, svo sem um áramót, við hjónavígslur eða við innlausn hagnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þannig hófst berjatínsla í Búrgúndar-héraði þann 12. ágúst síðastliðinn. Tínslan hefur aldrei hafist jafn snemma, en til eru skráðar heimildir um fyrsta dag berjatínslu í héraðinu allt aftur til 14. aldar.

Stundar náttúruhlaup og prjónar

Svipmynd

Halla Lárusdóttir

Nám:
Ég er með meistarapróf í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík. Grunnurinn liggur í hagfræðinni en ég er með próf í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Störf:
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Securitas, tók við því starfi árið 2014 eftir að hafa starfað sem aðalbókari félagsins. Starfaði áður hjá Flugleiðahótelum sem fjármálastjóri.

Fjölskylduhagir:
Gift Guðmundi Gíslasyni matreiðslumanni og við eigum tvö börn.

Halla segist vera á réttum stað í lífinu, en líklega myndi nýr starfsframi fela í sér meiri sköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Halla Lárusdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Securitas, segist löngu búin að átta sig á að á ákveðnum tímapunkti verði neikvætt samband milli vinnuframlags og -gæða. Hún stundar mikla útiveru, fer á hestbak, veiðir og stundar náttúruhlaup en hefur líka gaman af því að prjóna.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál tengjast útiveru, fjölskyldan stundar hestamennsku og við verjum miklum tíma í hesthúsinu, við erum líka dugleg að ferðast um landið, hvort sem er til að skoða okkur um, ríða út eða veiða, en oftar en ekki liggur leiðin á heimaslóðirnar á Klaustri. Ég stunda svo náttúruhlaup og finnst gaman að prjóna, heilmikil slökun í því með góðu hlaðvarpi. Legg upp úr því að rækta garðinn minn, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Það getur verið áskorun þegar verkefnin eru skemmtileg, en ég er löngu búin að átta mig á að á ákveðnum tímapunkti verður neikvætt samband milli vinnuframlags og -gæða.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa How to get sh*t done eftir Erin Falconer, þó hún tali ekki beint inn í mínar aðstæður núna eru þarna punktar sem alltaf er gott að rifja upp. Mjög áhugaverð upprifjun í upphafi bókarinnar á því hve stutt er síðan staða kvenna var allt önnur en í dag og því má ekki afskrifa femínismann. Er svo með einn James Patterson til að kúpla mig frá eftir daginn.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Eins og hjá mörgum öðrum fyrirtækjum hefur verið áskorun að glíma við COVID-faraldurinn og því miður hafa stór verkefni horfið í þessu breytta rekstrarumhverfi, en sem betur fer hafa önnur komið í staðinn. Við erum svo búin að vera í skipulagsbreytingum sem miðuðu að því að auka fókus rekstrarsviðanna á þjónustu við viðskiptavininn, þær hafa verið áskorun en skilað miklum árangri.

> **Ég er löngu búin að átta mig á að á ákveðnum tímapunkti verður neikvætt samband milli vinnuframlags og -gæða.**

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Í kjölfar stafrænnar stefnumótunar réðumst við í endurskoðun á verkferlum og höfum í kjölfarið hafið uppfærslu og innleiðingu á nýjum kerfum til að styðja við stefnuna, auka sjálfvirkni og koma enn betur til móts við þarfir viðskiptavina okkar. Þó þessari vinnu sé ekki lokið þá hefur hún þegar skilað okkur árangri og hjálpað okkur í þeim áskorunum sem komið hafa upp með COVID.

Hvernig er rekstrarumhverfi Securitas að taka breytingum og hvaða tækifæri felast í þeim?

Securitas er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki en um leið hátæknifyrirtæki. Tækninni fleygir hratt fram og við erum í stöðugri þróun. Til þess að ná árangri í slíku umhverfi þarf að ná því allra besta fram í hverjum og einum. Við förum í stafræna stefnumótun og vinnan í kjölfarið hefur skilað miklum árangri. Tækifærin eru mörg og spennandi tímar fram undan í að móta þjónustu okkar með viðskiptavininn í forgangi.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég er nú á nokkuð réttum stað í lífinu, en líklega myndi nýr starfsframi fela í sér meiri sköpun.

Hærri greiðslur í fæðingarorlofi

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Sálmasmiðurinn Sabine Baring-Gould rakst eitt sinn á litla stúlku í barnaafmæli og spurði hana hverra manna hún væri. „Ég er dóttir þín, pabbi“, svaraði hún og skældi.

Þegar börnin eru orðin 15 talsins, eins og í tilviki Baring-Gould, getur svona lagað víst gerst, en það reynir sjaldan á það nú til dags. Í dag er fæðingarhlutfall kvenna talsvert undir tveimur börnum en var um þrjú snemma á áttunda áratugnum og fjögur á þeim sjötta.

Þessi þróun hefur átt sér stað samhliða bættum réttindum og aukinni atvinnuþátttöku kvenna en að sama skapi hefur stuðningur hins opinbera við barnafólk tekið nokkrum breytingum. Þannig er í tillögum starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum frá árinu 2014 lögð áhersla á að „tryggja jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði auk þess að skapa jöfn skilyrði fyrir foreldra til að annast börn sín í frumbernsku“. Liður í að ná slíku fram eru nýlegar breytingar á rétti til töku orlofs þar sem sameiginlegur réttur foreldra er styttur en réttur hvors um sig lengdur. Sjálfstæður réttur lengist svo enn frekar nú um áramótin.

> **Hjá þeim sem eru undir meðaltekjum og á þeim aldri sem greiðslubyrði er hvað hæst og mest munar um hverja krónu, er hætt við að heimilisfjármálin gangi hreinlega ekki upp ef foreldrar fullnýta rétt sinn.**

Markmið þeirra reglna sem nú gilda er að í tilviki tveggja foreldra skuli báðir nýta til fulls orlofsrétt sinn og sameiginlegan rétt til jafns. En önnur er nú aldeilis raunin. Mæður fullnýta vissulega rétt sinn sem fyrr og dreifa honum jafnvel yfir enn lengra tímabil. Undanfarinn áratug hefur orlofsdögum feðra þó frekar fækkað en hitt og nýta þeir sér í dag að jafnaði innan við helming þess orlofs sem mæður taka. Reglur um greiðslur Fæðingarorlofssjóðs, sem ætlað var að ná fram þessum sjálfsögðu markmiðum, hafa þvert á móti aukið bilið milli orlofstöku mæðra og feðra.

Það þarf ekki að leita langt að ástæðunni. Hámarksgreiðslur fæðingarorlofssjóðs eru að hámarki 80% launatekna. Hjá þeim sem eru undir meðaltekjum og á þeim aldri sem greiðslubyrði er hvað hæst og mest munar um hverja krónu, er hætt við að heimilisfjármálin gangi hreinlega ekki upp ef foreldrar fullnýta rétt sinn. Rétt eins og svo oft áður tekur móðirin þá á sig að vera heima með tilheyrandi tekju- og réttindamissi.

Umræðan um lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta og hækkun hámarksgreiðslna er nokkuð hávær þessa dagana. Ef raunverulegur vilji er til að jafna stöðu kynjanna við barnauppeldi og á vinnumarkaði og hvetja jafnvel til barneigna í leiðinni mætti spyrja hvort það gæti ekki munað heilmiklu um að hámarksgreiðslur fæðingarorlofs yrðu líka hækkaðar duglega.

Umferð um Höfðabakka
Yfir 31.000 bílar á sólarhring

Vagnhöfði 23 - frábær staðsetning

3.195 m², atvinnuhúsnæði
Miklir framtíðarmöguleikar

- Húsnæði til leigu eða sölu í heild eða minni einingum
- Vönduð jarðhæð sem er 1.264m², með góðum sýningarsölum og verslunarplássi
- Efri hæð sem er 867m², með skrifstofu og lager
- Kjallari með aðgengi frá Vagnhöfða er 637m² og hentar fyrir lager eða iðnað
- Dverghöfði, jarðhæð sem er 400 - 1000m².
  Hentar fyrir verslun, þjónustu, lager eða vinnslusali
- Mjög góð aðkoma og nóg af bílastæðum
- Mikið auglýsingagildi að Höfðabakka

Verslun 1
Jarðhæð - snýr að Vagnöfða og Höfðabakka

Sýningarsalur 2
Jarðhæð - snýr að Vagnhöfða

Sýningarsalur 3
Jarðhæð - snýr að Vagnhöfða

Aðkoma frá Vagnhöfða
Verslun, sýningasalir og skrifstofa



Sýningasalur 4
Jarðhæð - gengið inn frá Vagnhöfða

Skrifstofa 5
Efri hæð - gengið inn frá Vagnhöfða

Aðkoma frá Vagnhöfða
Verslun, sýningasalir og skrifstofa

ATVINNUHÚS EHF

Atli Vagnsson hdl.
Löggiltur fasteignasali
Sími: 698 4611
atli@atvinnuhus.is
atvinnuhus.is

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN 533 4200 FAX 533 4206 arsalir@arsalir.is

Björgvin Björgvinsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 892 0667
bjorgvin@arsalir.is
arsalir.is

Skotsilfur

Samrunatregða

Fjöldi fyrirtækja sprettur upp í atvinnugrein sem er í miklum vexti. Þegar greinin nær jafnvægi er tilhneiging sú, samkvæmt fræðunum, að það fækki á markaðinum. Fyrirtæki sameinast til þess að skapa stærðarhagkvæmni. Það virðist hins vegar lítið ganga að ná fram miklum samlegðaráhrifum í ferðaþjónustu. Ekkert varð af sameiningu Allrahanda og Reykjavík Sightseeing, sem var tilkynnt sumarið 2019 og samþykkt af Samkeppniseftirlitinu sex mánuðum síðar. Fyrirhuguð sameining fjárfestingafélagsins Eldeyjar og Kynnisferða, sem var tilkynnt í byrjun maí, á enn eftir að ganga í gegn. Hvort töfina má rekja til eftirlitsyfirvalda eða viðsemjenda er ekki á hreinu. **Styrmir Þór Bragason**, forstjóri Arctic Adventures, hitti naglann á höfuðið í viðtali við Markaðinn fyrir rúmu ári. Hann sagði að alltof margir væru fastir í því að hafa keypt fyrirtæki á ákveðnu verði og vildu nú fá sama verð þrátt fyrir að afkoman hefði hrunið. Persónur og leikendur þyrftu að leggja egóið sitt til hliðar.

Fjárfestavernd

Lífeyrissjóðir og aðrir innlendir stofnanafjárfestar þurfa brátt að taka ákvörðun um hvort þeir taki þátt í hlutafjárútboði Icelandair Group. Svo vægt sé til orða tekið er um að ræða mjög flókna ákvörðun. Þróun rekstrarskilyrða er ófyrirsjáanleg, meðal annars vegna aðgerða stjórnvalda, og erfitt er að leggja mat á áætlanir félagsins til næstu ára. Einstaklingum verður einnig gert kleift að kaupa hlutabréf í Icelandair fyrir minnst 100 þúsund krónur sem þykir nokkuð lág upphæð. Velta má upp þeirri spurningu hvort útboðið eigi yfirhöfuð að vera opið almenningi. Það eru ekkert sérstaklega góðar forsendur fyrir hinn almenna fjárfesti að meta Icelandair sem fjárfestingarkost. Hann nýtur til að mynda ekki sömu sérhæfðu ráðgjafar og sjóðirnir. Og jafnvel þótt hann fengi slíka ráðgjöf er óvissan gífurleg. Ákvörðun þess efnis er í höndum Fjármálaeftirlitsins, sem er stýrt af **Unni Gunnarsdóttur**, en stofnunin hefur, að minnsta kosti í orði, lagt áherslu á fjárfestavernd.

Ásgeir til ASÍ

Alþýðusambandi Íslands hefur borist öflugur liðsauki en **Ásgeir Sverrisson**, sem hefur verið hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra, mun taka þar til starfa á sviði samskiptamála. Ásgeir hefur mikla reynslu úr blaðamennsku en hann starfaði um langt skeið hjá Morgunblaðinu, meðal annars sem fréttastjóri erlendra frétta, og þá var hann ritstjóri Blaðsins. Ásgeir fer í tímabundið leyfi frá störfum sínum hjá ríkislögreglustjóra meðan hann verður hjá ASÍ.

Fyrsta kjarnorkuver Póllands á teikniborðinu

Grútskítugir verkamenn í kolanámu í Póllandi. Ríkisstjórn landsins stefnir á að fjárfesta fyrir 40 milljarða dollara til að reisa fyrsta kjarnorkuver Póllands. Það verður gangsett árið 2033. Um 74 prósent af rafmagni landsins var framleitt með kolum í fyrra. Hlutfallið er með því hæsta í Evrópu. Auk þess á að fjárfesta ríkulega í vindmyllum. Horft er til þess að árið 2040 verði 11-28 prósent raforku Póllands framleidd með kolum. MYND/EPA

Brostnar forsendur

Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Frá því í vor hefur ítrekað verið talað um að Ísland og aðrar þjóðir standi nú frammi fyrir mestu heimskreppu síðustu 100 ára. Samt sem áður virðist sem að það sé lítill skilningur á því hvað það þýðir raunverulega. Hvað er slík heimskreppa, hvaða afleiðingar hefur hún og hvernig er nauðsynlegt að takast á við hana?

Heimskreppa er í grunninn brostnar forsendur í efnahagslífi þjóða. Í upphafi ársins 2020 gerðu Íslendingar ráð fyrir ákveðnum aðstæðum í veröldinni næstu árin, að þær myndu þróast á ákveðinn hátt, að þar með yrðu til ákveðnar tekjur fyrir þjóðina, ákveðin verðmætasköpun í atvinnulífi og útflutningi, ákveðinn hagvöxtur og þar með ákveðin verðmæti sem hægt yrði að deila á milli þegnanna, til dæmis í gegn um samneyslu, kjarasamninga.

Nú er þetta allt farið út um gluggann. Horfið. Allar þessar forsendur eru brostnar. Nú er ljóst að ekkert af því sem við töldum eðlilega þróun eða eðlilega verðmætasköpun atvinnulífsins og þjóðarbúsins á þessu ári og næstu árum mun raungerast. Þess í stað stöndum við frammi fyrir áður óþekktu fjöldaatvinnuleysi, miklu minni verðmætasköpun lykilatvinnugreina og hruni stærstu útflutningsgreinarinnar.

Það er mikið talað um aukin útgjöld ríkisins vegna þessa ástands. Það er minna talað um minnkandi verðmætasköpun. Þó er sköpun nýrra verðmæta með atvinnustarfsemi og útflutningi vöru og þjónustu það eina sem getur lyft okkur sem þjóð upp úr kreppuástandinu. Það eina sem getur tryggt þau lífskjör og lífsgæði sem við höfum vanist.



Skimun keflavíkurflugvöllur ferðamenn prófun covid test undirbúningur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það er galið að ætlast til þess að launahækkanir samkvæmt núverandi kjarasamningum standi óhaggaðar. Allar forsendur fyrir launahækkunum í ferðaþjónustu eru brostnar.**

Hvað hefur verðmætasköpun að gera með kjarasamninga?

Kjarasamningar snúast um það að skipta þeim verðmætum sem verða til í samfélaginu. Á síðasta ári var skrifað undir kjarasamninga þar sem gert var ráð fyrir að ákveðin verðmæti yrðu til í samfélaginu á næstu árum og ákveðið hvernig laun skyldu hækka miðað við þær forsendur.

Ári síðar skall á mesta heimskreppa síðustu 100 ára. Þarf í alvöru að segja eitthvað fleira um forsendur kjarasamninga?

Undanfarið hafa stjórnmálamenn stigið fram og bent á að skynsamlegt sé að frysta eða fresta launahækkunum fram undan. Hvers vegna? Jú, vegna þess að forsendur þeirra eru brostnar. Þau verðmæti sem gert var ráð fyrir að yrðu til skiptanna eru ekki lengur til. Og það er ekki hægt að deila út til fólks því sem er ekki til – jafnvel þótt um það hafi verið samið. Í slíkri stöðu er það á ábyrgð samningsaðila að laga samningana að raunveruleikanum. Það er nefnilega ekki hægt að laga raunveruleikann að samningunum.

Nálgast þarf stöðuna út frá raunveruleikanum

Frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar er þetta mjög skýrt: Það er galið að ætlast til þess að launahækkanir samkvæmt núverandi kjarasamningum standi óhaggaðar. Allar forsendur fyrir launahækkunum í ferðaþjónustu eru brostnar. Verðmætin sem áttu að standa undir þeim eru horfin og fyrirtækin berjast fyrir lífi sínu. Aukinn launakostnaður núna mun bara draga úr viðspyrnukrafti fyrirtækjanna og atvinnugreinarinnar í heild á næstu misserum – sem mun seinka sköpun nýrra verðmæta og viðhalda atvinnuleysi.

Fólk í ferðaþjónustu hefur þegar tekið á sig miklar launalækkanir og þar er atvinnuleysi meira en í nokkurri annarri atvinnugrein. Til að verja verðmætasköpunarafl greinarinnar hefur ríkið stigið fram með styrki og lánaleiðir og meira mun þurfa til. Atvinnugreinin berst fyrir lífi sínu og möguleikar hennar og þjóðarinnar í heild til að ná hraðri viðspyrnu á næsta ári og minnka neikvæð kreppuáhrif á alla í landinu, liggja í því að hægt verði að koma henni hratt í gang. Það er því hrein óskhyggja að launahækkanir byggðar á horfnum forsendum geti staðið óhaggaðar.

Það er skylda samningsaðila á almenna og opinbera markaðnum að nálgast þessa stöðu af ábyrgð og út frá raunveruleikanum. Það er ekki hægt að nálgast þessa stöðu með einstrengingshætti og stórkarlalegum yfirlýsingum í fjölmiðlum. Það þarf að setjast niður og vinna úr stöðunni á skynsamlegan hátt þannig að niðurstaðan endurspegli raunveruleikann – mestu heimskreppu síðustu 100 ára.

FARTÖLVUR!

ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR

ASUS

ASUS VIVOBOOK 15

· Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
· Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
· Með ErgoLift löm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi

APPLE MACBOOK AIR 2020

· Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
· 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
· Skelinn er úr 100% endurunnu áli

APPLE MACBOOK PRO 2020

· Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
· Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
· Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni

acer

ACER NITRO 5

· Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjákorti
· Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
· KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu

ASUS

ASUS EXPERTBOOK

· Ein léttasta 14" fartölvan á markaðnum
· Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
· Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

acer

ACER PREDATOR TRITON 500

· Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
· Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
· 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum

tl.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

TÖLVU LISTINN

MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 9. september 2020

SKOÐUN

Þórður Gunnarsson

Opnum aftur

Í mars og apríl á þessu ári voru aðgerðir stjórnvalda til að draga úr útbreiðslu COVID-19 skiljanlegar. Um var að ræða nýjan sjúkdóm sem lítið var vitað um. Sjúkrahúsinnlögnum fjölgaði hratt. Réttlætanleg sjónarmið – sem sneru að afkastagetu heilbrigðiskerfisins – lágu til grundvallar ákvörðunum um samkomubönn og takmörkunum á atvinnustarfsemi.

Núna vitum við meira. Alls hafa 2.150 smit verið staðfest á Íslandi, en eflaust eru þau miklu fleiri þar sem stór hluti þeirra sem smitast af COVID-19 eru einkennalausir. Tíu hafa látist. Dánartíðnin er því í mesta lagi 0,46 prósent, en er þó sennilega lægri þar sem líklegt er að fjöldi einkennalausra hafi aldrei farið í skimun, vegna þess að ekkert amaði að þeim.

Þegar aðgerðir stjórnvalda voru hertar á ný síðsumars lágu aðrar ástæður til grundvallar en afkastageta heilbrigðiskerfisins. Þeir sem hafa lagst inn á sjúkrahús síðan þá eru örfáir. Fjöldi tilfella var nú mælikvarðinn sem horft var til. Þó var einsýnt að tilfellum myndi fjölga þegar skimum jókst.

Langtímaafleiðingar COVID-19 eru eðli málsins samkvæmt lítt þekktar, enda um nýja veiru að ræða. Svo virðist sem lítill hluti þeirra sem veikist glími við eftirköst um langt skeið. Eins og oft er tilfellið með hinar ýmsu veirusýkingar. Þetta á enn þá allt saman eftir að koma í ljós.

Samfélagslegar afleiðingar stóraukins, langvarandi atvinnuleysis eru hins vegar vel þekktar og þarf ekki að fjölyrða um. Fjöldi rannsókna sýnir að langvarandi atvinnuleysi og fátækt geti dregið mjög úr lífslíkum fólks. Sú efnahagslægð sem Ísland stefnir nú inn í er ekki vegna skorts á eftirspurn, heldur vegna þess að atvinnustarfsemi eru enn þá settar miklar skorður. Ísland er ekki eitt á báti í þessum efnum, en stjórnvöld hafa ekki gert neina tilraun til að synda á móti straumnum líkt og Svíar hafa gert með eftirtektarverðum árangri.

Í stað þess að fela okkur á bak við sófann heima hjá okkur undir dynjandi skilaboðum um lágmarksmannhelgi, sama hvort hún eru einn eða tveir metrar, þá þarf einfaldlega að setja traust í hendur einstaklinga um að haga sér með ábyrgum hætti. Sá sem mætir á fjölmennan viðburð ætti þannig að fresta heimsókninni til ömmu um nokkra daga. Þeir sem eru með undirliggjandi sjúkdóma ættu að sama skapi að forðast fjölmenni. Reynsla Nýja-Sjálands sýnir að það er ómögulegt að útrýma veirunni þó svo að öllu sé skellt í lás. Á einhverjum tímapunkti þarf bara að taka þetta á kassann.

ÁSTRÍÐA UMHVERFIÐ ÞJÓNUSTA HREINT GuðjónÓ VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Allrahanda afskrifað um 880 milljónir króna



Jóhannes Hauksson, framkvæmdastjóri Akurs.

Akur fjárfestingar, sem stýrt er af Íslandssjóðum, færði niður eign sína í rútufyrirtækinu Allrahanda/Gray Line um 880 milljónir króna, í núll krónur í fyrra, að því er fram kemur í ársreikningi.

Fjárfestingasjóðurinn, sem er einkum í eigu lífeyrissjóða, keypti rútufyrirtækið árið 2015. Það ár var 49 prósenta hlutur bókfærður á 1,4 milljarða króna.

Allrahanda/Gray Line tapaði 404 milljónum árið 2019 og 517 milljónum árið áður. Eigið fé var 360 milljónir króna við lok síðasta árs.

Rútufyrirtækið fór í greiðsluskjól í sumar vegna algers tekjufalls sem rekja má til COVID-19. „Rekstrarhæfi félagsins til framtíðar veltur á því hvort tekst að endurskipuleggja reksturinn," segir í ársreikningi þess.

Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna Allrahanda og Reykavík Sightseeing í desember síðastliðnum. Fyrirtækin reka bæði áætlunarakstur til og frá Keflavíkurflugvelli auk afþreyingarferða og hópferða. – hvj

05.09.2020

Réttilega er horft til landamæranna sem þurfa að vera eins opin og óhætt þykir, svo Ísland einangrist ekki efnahagslega og menningarlega.

Þórdís Gylfadóttir, ferðamálaráðherra

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195

Ný sending af strigum

Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði

Íblöndunarefni fyrir akrýl og olíuliti.

Listverslun.is

Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Gott í magann á morgnana

Staðgóður morgunverður er mikilvægur. Það er gott að byrja daginn með hollum mat sem gefur góða fyllingu í magann, en er samt léttur og góður. Hér koma nokkrar tillögur.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Morgunmatur er ekki fyrir alla. Sumir þurfa að gefa sér nokkra stund áður en maginn kallar á mat. Þessa rétti er auðveldlega hægt að taka með sér í vinnu eða skóla og borða þegar það hentar.

Ágætt ráð er að nota góðar krukkur með loki. Flestir ættu að borða meira af grænmeti og ávöxtum, fá í sig trefjar og vítamín. Forðast ætti sykur og minnka fitu snemma dags.

Hafragrautur með eplum og banana

Uppskriftin er fyrir einn skammt.

- 35 g haframjöl
- 5 möndlur, hakkaðar ef vill
- 2 dl vatn
- 0,5 dl mjólk
- 1 tsk. hunang
- ½ epli
- ½ banani
- 10 bláber
- 2 msk. kotasæla

Hitið haframjöl, möndlur og vatn í potti. Blandið mjólkinni saman við eftir að grauturinn hefur þykknað. Setjið hunang út í. Skerið epli og banana og raðið ofan á grautinn ásamt bláberjum og kotasælu. Grautinn er hægt að borða jafnt heitan sem kaldan.

Hafragrautur er alltaf góður með ávöxtum og berjum. Vel er hægt að taka hann með í vinnu eða skóla og borða hann heitan eða kaldan. MYND/GETTY

Hollur morgundrykkur

Uppskriftin miðast við eitt glas.

- 1 grænt epli
- 2 cm engifer
- 1 gulrót
- ½ sítróna
- 1 sellerístilkur
- 1 dl eplasafi
- 10 möndlur

Skerið niður epli og grænmeti. Setjið í blandara og kreistið safa úr hálfri sítrónu yfir. Bætið eplasafa út í og þeytið. Bætið við vatni ef þetta verður of þykkt. Möndlurnar eru borðaðar með drykknum ef fólk vill meiri fyllingu.

Hummus úr rauðrófum

Þessi hummus er mjög góður ofan á ristað brauð eða hrökkbrauð. Gott er að setja sneiðar af lárperu ofan á hummusinn og jafnvel chiafræ þar yfir og smá salt.

Hummus fyrir fjóra

- 1 rauðrófa, soðin eða bökuð
- 2 msk. tahini
- 1 hvítlauksrif
- 1 tsk. cumin
- Smávegis sítrónusafi
- Smávegis saltflögur og pipar
- 1 msk. jómfrúarolía

Skerið rauðrófuna í litla bita og setjið í matvinnsluvél. Bætið við tahini, hvítlauk, cumin og sítrónusafa. Blandið öllu vel saman í fallega bleikt mauk. Bragðbætið með salti og pipar.

Chia-grautur með skyri

Frábær réttur sem hentar vel sem morgunmatur eða til að taka með í vinnuna. Best er að gera grautinn kvöldið áður.

- 4 msk. chia-fræ
- 3 dl vatn
- 200 g hindber eða bláber
- 4 dl skyr án bragðefna
- 1 dl mjólk (má vera möndlumjólk)
- 2 tsk. vanillusykur

Granóla

- 8 msk. haframjöl
- 4 msk. fljótandi hunang

Setjið chia-fræ og vatn í krukku með loki. Hrærið aðeins, lokið krukkunni og geymið í ísskáp til næsta dags. Næsta dag er haframjöli velt upp úr hunangi og sett í 200°C heitan ofn í 10 mínútur. Kælið á bökunarpappír. Losið um granolað eftir að það kólnar. Maukið hindber með gaffli og blandið saman við chia-grautinn ásamt helmingnum af skyrinu. Bætið mjólk saman við ásamt vanillusykri. Byggið upp grautinn í skál eða krukku, smávegis grautur, granola og skyr í tveimur lögum. Skreytið með berjum.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

NÝJA BÍLAHÖLLIN
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is

FIAT Panda cross 4x4. Árgerð 2017, ekinn 162 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 690.000. Rnr.370301.

FIAT Tipo. Árgerð 2017, ekinn 119 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 990.000. Rnr.214355.

MAZDA 5 7 manna. Árgerð 2013, ekinn 144 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 990.000. Rnr.214529.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Hjólhýsi

POWRTOCH FREEDOM HJÓHÝSAHREIFIR.

Verð 179.000,—
Aðeins 2 eftir.
Upplýsingar í síma 863-4449 eða hjá kriben@simnet.is

Keypt & Selt

Til sölu

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Þjónusta

Garðyrkja

PROSTONE

» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Pökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Til sölu

VERSLUNARTÆKNI geiri STÓREIDHÚS
www.verslun.is
Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

Óðýrastur að kaupa og óðýrastur að eiga

Nýir
DACIA SANDERO

AÐEINS UM **21.750** Á MÁNUÐI*

VERÐ AÐEINS
1.790
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Framhjóladrifinn
- 90 hö.

Komið og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða

Dacia Sandero er óðýrasti bíllinn í rekstri samkvæmt mbl.is*
www.mbl.is/bill/frettir/2020/04/22/dacia_sandero_odyrastur_ad_eiga/

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Húsaviðhald

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 470fm atvinnuhúsnæði í Reykjanesbæ með möguleika á 2 einstaklingsíbúðum. Uppl. í s. 898 6902

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

Erum við að leita **að þér?**

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. og 40.gr Skipulagslaga nr.123/2010 er kynnt skipulags- og matslýsing eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Skálabrekka – Lýsing aðalskipulagsbreytingar – Landbúnaðarsvæði í frístundabyggð
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20.ágúst að kynninga lýsingu fyrirhugaðrar breytingu á aðalskipulags sveitarfélagsins. Í breytingunni felst skilgreining á 25 ha. svæði fyrir frístundabyggð innan jarðarinnar Skálabrekku L170163. Samhliða er lögð fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags.

2. Skálabrekka – Lýsing deiliskipulags – Frístundasvæði í landi Skálabrekku
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20.ágúst að kynninga lýsingu deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Skálabrekku L170163. Innan lýsingar er gert grein fyrir umfangi og helstu áherslum verkefnisins.

3. Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1 – Lýsing aðalskipulagsbreytingar – Frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.ágúst að kynninga fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins í landi Bjarnastaða 1 í kringum lóðir Heiðarbrúnar 2-10. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

4. Vatnsholt 1 L166395 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19.ágúst 2020 deiliskipulag fyrir Vatnsholt 1 L166395 og að það væri kynnt á grundvelli 4.mgr.40.gr.skipulagslaga. Í deiliskipulaginu felst sem felst skilgreiningu byggingarheimilda fyrir útihús, skemmu og gestahús. Markmið skipulagsins er að styrkja búsetu og atvinnu svæðisins .

Samkvæmt 41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum/breytingum:

5. Brúarhvammur lóð 1 L167225 og Brúarhvammur lóð 2 L174434 – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20.ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi að Brúarhvammi lóð 1 L167225 og Brúarhvammi lóð 2 L174434. Í breytingunni felst að felld er út byggingarheimild fyrir 30 fm geymsluskúr innan byggingarreits í samræmi við úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 112/2019 auk þess sem gert er ráð fyrir breyttri skiptingu lóða innbyrðis auk þess sem byggingarheimild er skilgreind á nýjan hátt án þess að heildar fm fjöldi sé aukinn. Samkvæmt núverandi skipulagi er gert ráð fyrir 500 fm gistiheimili á lóð 2. Með breyttu skipulagi verður heimild fyrir 10 smáhýsum allt að 50 fm að stærð innan lóðar.

6. Kjaransstaðir 2 L200839 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20.8.2020 deiliskipulag að Kjaranstöðum 2, L200839. Gert er ráð fyrir því að með samþykkt skipulagsins muni eldra skipulag falla úr gildi. Í nýju deiliskipulagi felst m.a. að notkun lóða breytist úr frístundalóðum í landbúnaðarlóðir, lóðum fækkar úr 7 í 6 og skilgreindir eru nýir byggingarskilmálar .

7. Þóroddsstaðir L168295, Langirimi – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.8.2020 breytingu á deiliskipulagi að Þóroddsstöðum L168295. Í breytingunni felst stækkun svæðisins og samræming götuheita og númerakerfis innan þess.

8. Breiðanes L201727 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19.8.2020 deiliskipulag að Breiðanesi L201727. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, vélaskemmu, gróðurhúsi og hesthúsi.

9. Tjarnarhólar – Deiliskipulag – Útivistar og göngusvæði
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.8.2020 deiliskipulag að Tjarnhólum eftir kynningu. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, gerð upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar.

10. Efra-Apavatn 1A L226187, Efra-Apavatn 1 lóð L167652 og L16765 – Deiliskipulag - Skipting landsvæðis
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 tillögu að deiliskipulagi Efra-Apavatni, Rollutanga. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins. Lýsing deiliskipulags var kynnt frá 10. júní - 1. júlí 2020.

11. Skálabrekkugata 1 L203318, deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skálabrekkugötu 1 L203318. Í breytingunni felst að skilgreindir eru breyttir byggingarskilmálar innan lóðarinnar vegna mikils landhalla innan byggingarreits. Mænis- og vegghæð mun miðist við hæsta punkt lóðar. Leyfilegt verði að byggja kjallara undir húsið allt að 200 m2 og að grafa frá húsinu til að skapa aðkomu fyrir bæði sumarhús og kjallara. Gert er ráð fyrir að umsótt breyting nái eingöngu til lóðar Skálabrekkugötu 1 vegna sérstakra aðstæðna innan hennar.

12. Laugarás L167381 – Deiliskipulagsbreyting - Lauftún garðyrkjustöð
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lauftún Garðyrkjustöð að Laugarári L167381. Í breytingunni felst að skipulagi lóðar er breytt þar sem komið er fyrir þremur gróðurhúsum, pökkunaraðstöðu, véla- og áhaldageymslu/bílskúr og tveimur starfsmannahúsum. Fyrir á lóðinni eru tvö íbúðarhús. Skilmálar deiliskipulags svæðisins frá 29. des. 2011 halda sér óbreyttir að öðru leiti. Málið var tekið fyrir á 195.fundi skipulagsnefndar þar sem það var samþykkt til kynningar. Skipulagið var kynnt frá 8.júlí til 29.júli. Engar athugasemdir bárust.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

13. Vaðstígur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Land Kringlu II; Breyting úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2007051
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.8.2020 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á grundvelli 2.mgr.36.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Í breytingunni felst að 5,5 ha svæði á jörðinni Kringlu 2 er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: , https://www.blaskogabyggd.is/, https://www.gogg.is, https://www.floahreppur.is/ og https://www.skeidgnup.is/

Skipulagslýsingar og tillaga deiliskipulags eru í kynningu frá 9.9.2020 til og með 30.9.2020 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 30.9.2020

Skipulagstillögur og breytingar eru auglýstar með athugasemdafrest frá 9.9.2020 til og með 22.október 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en **22.október 2020.**
Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

BORÐSTOFU DAGAR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM

ÞAÐ ER FÁTT SEM SAMEINAR FJÖLSKYLDUNA
BETUR EN GÓÐ SAMVERUSTUND Á HEIMILINU.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

9. SEPTEMBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1877 Þingeyrarkirkja er vígð.

1905 Sogsbrú er vígð að viðstöddum 1.000 manns.

1942 Breskum flugmanni tekst á síðustu stundu að beina flugvél sinni frá húsi í Elliðaárdalnum, en brotlendir í kartöflugarði.

1998 Háhyrningurinn Keikó kemur til Vestmannaeyja.

2015 Elísabet II. Bretlandsdrottning nær þeim áfanga að verða sá þjóðhöfðingi Bretlands sem lengst hefur setið.

†

Okkar ástkæri

Jón Ármann Árnason

Strandbergi, Húsavík,

lést á sjúkradeild HSN, Húsavík, 1. september. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 11. september kl. 14.00. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðu Húsavíkurkirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á hollvinasamtökin Heiltón eða Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

Þórhildur Sigurðardóttir
Árni Jónsson — **Sigríður Kristín Sverrisdóttir**
Margrét Kristín Jónsdóttir — **Árni Sveinn Sigurðsson**
Sigvaldi Óskar Jónsson — **Sigrún Birna Sigtryggsdóttir**
Anna Sigrún Jónsdóttir — **Magnús Hermannsson**
barnabörn og langafabörn.

†

Hjartahlýi eiginmaður minn, sonur, faðir, barnabarn, bróðir og afi,

Ævar Örn Jónsson

flugumferðarstjóri, Suðurgötu 20, Sandgerði,

verður jarðsunginn þann 11. september kl. 13.00 í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur og vinir vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á YouTube: Útför, Ævar Örn Jónsson frá Njarðvíkurkirkju (https://www.youtube.com/channel/UCz_TXHez-BzwGqln4AW_i-g/featured) Einlægar þakkir fyrir sýnda samúð, hlýhug og vináttu.

Sigrún Erla Hill
Valdís Tómasdóttir
Ívar Aron H. Ævarsson
Kristján Helgi O. Ævarsson — **Ellý María Hermannsdóttir**
Ísak John H. Ævarsson — **Andrea Ósk Júlíusdóttir**
Þórunn Hafdís H. Ævarsdóttir — **Thomas Þór Þorsteinsson**
Aron Rúnar H. Ævarsson
Tómas Oddsson
Ísak Leifsson — **Nanna Baldvinsdóttir**
Anton Karl Þorsteinsson — **Hanna Valdís Garðarsdóttir**
Björg Jónsdóttir
og barnabörn.

†

Systir okkar, mágkona og frænka,

Guðbjörg Stefanía Andrésdóttir

Borgarbraut 65,

lést í Brákarhlíð miðvikudaginn 2. september 2020. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju, fimmtudaginn 10. september kl. 14.00. Vegna aðstæðna í samfélaginu er athöfnin eingöngu fyrir boðsgesti en henni verður streymt á www.kvikborg.is

Ragnhildur Andrésdóttir — **Ölver Benjamínsson**
Bragi Andrésson — **Júlíanna María Nielsen**
Jóhann Óskar Sigurðsson
Friðbjörg Óskarsdóttir
og systkinabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Sagan er alltaf að gerast

Reyðfirðingurinn Vigfús Ólafsson kom færandi hendi í sinn gamla heimabæ nýlega. Hann hafði búið til 45 innbundin hefti um elstu húsin þar og afhenti þau bókasafninu.

Þessar bækur eru gerðar líkt og myndaalbúm nema að í hverri þeirra eru opinberar upplýsingar um eitt hús, út frá elstu íbúaskrá Reyðarfjarðar, frá 1890. Svo eru margar auðar síður þar sem fólk getur límt eigin frásagnir og myndir á, segir Vigfús Ólafsson, fyrrum útibússtjóri Landsbankans á Reyðarfirði, um 45 bækur sem hann afhenti Bókasafni Reyðarfjarðar til varðveislu á dögunum. Austurfrétt greindi frá.

Vigfús flutti suður fyrir 20 árum, en átti lengst af heima á Reyðarfirði og þekkti öll húsin sem hann skrifaði um. „En ég tek bara upplýsingar af skjalasöfnum, úr íbúaskrám, fasteignamati og lóðasamningum, ekkert persónulegt, nema í bókinni um hús fjölskyldu minnar, þar set ég sögur og myndir. Þeir sem tengjast hinum húsunum eiga að geta sett inn sínar minningar og myndir. Þær geta eins verið frá því í gær og fyrir fimmtíu árum, sagan er alltaf að gerast, hún er eins og á sem rennur."

Hugmynd að bókunum segir Vigfús hafa kviknað fyrir fjórum árum. „Þá kom mynd á fésbók af húsi heima og það vissi enginn neitt um það, en ég gat veitt upplýsingar. Þetta var snikkað hús, sá sem byggði það hét Jón Pálsson (1891-1988) og var dýralæknir. Eftir þetta fór ég að grúska í sögu húsanna á Reyðarfirði og bækurnar eru afraksturinn. Í einni þeirra eru þrjú hús sem hafa verið rifin."

Guðrún Rúnarsdóttir, bókavörður á Reyðarfirði, er ánægð með framtak Vigfúsar. „Þetta er hvatning til fólks um að sjá til þess að saga bæjarins lifi," segir hún. „Við séum ekki bara mötuð á öllu heldur tökum þátt í skráningunni. Þegar kominn er svona góður grunnur er það eiginlega skylda okkar."

Frágangurinn á bókunum vekur athygli, enda er Vigfús með bókbandsverkstæði heima hjá sér. „Afi minn var bókbindari, stundaði það á veturna og ég var í því með honum frá því ég man eftir mér. Hef því grunnkunnáttuna frá honum, en er alltaf að læra. Þetta er níundi veturinn minn í bókbandsfræðslu Reykjavíkurborgar á Vitatorgi. Hildur Jónsdóttir kennir, hún er bráðflinkur bókbindari og góður kennari," útskýrir Vigfús. Hann kveðst gera fleira en binda inn bækur, til dæmis framleiða minnisbækur og heillaóskamöppur.

Auk fræðistarfa og bókbands hefur Vigfús verið í hlutastarfi í Bauhaus í fjögur ár. „Reyndar ætla ég bara að vinna út september. Það er orðið svo mikið að gera hjá mér í pappírnum, ég verð að snúa mér að þeim verkefnum. Það er ágætt að breyta til. Ég er áttatíu og tveggja ára og hef aldrei verið hressari." Skyldi hann ætla að halda áfram að skrifa um húsin í Reyðarfirði? „Já, ég verð að gera það. Þetta eru bara íbúðarhús sem ég er kominn með, mig langar að gera atvinnuhúsum og sveitabæjum skil líka." **gun@frettabladid.is**

Á bókbandsverkstæði heima er Vigfús með allt sem þarf. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bókin um Dvergastein lítur svona út.

Það er orðið svo mikið að gera hjá mér í pappírnum, ég verð að snúa mér að þeim verkefnum. Það er ágætt að breyta til. Ég er áttatíu og tveggja ára og hef aldrei verið hressari.

†

Ástkær systir okkar og frænka,

Ásta Kristín Þorleifsdóttir

frá Naustahvammi, Neskaupstað, Hlévangi, Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi þriðjudaginn 1. september 2020. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju kl. 13.00, fimmtudaginn 10. september 2020. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsfélög.

Stefán Þorleifsson — **Guðbjörg Þorleifsdóttir**
Guðrún Þorleifsdóttir — **Vilhjálmur Norðfjörð Þorleifsson**
systkinabörn og fjölskyldur.

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Íris Ingibergsdóttir

Elliheimilinu Grund,

andaðist 3. september. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn þann 11. september kl. 11.00.

Ingibergur Óskarsson — **Anette Mogensen**
Oddfríður Ósk Óskarsdóttir — **Guðmundur Svavarsson**
María Óskarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

Guðmundar Rúnars Óskarssonar

löggilts endurskoðanda,

og að votta minningu hans virðingu.

Ragnheiður H. Sigurðardóttir
Kristján Guðmundsson — **Sigrún Hallgrímsdóttir**
Sigurður Guðmundsson — **Margrét María Grétarsdóttir**
Guðrún Inga Guðmundsdóttir
og barnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hulda Sólrún Gústafsdóttir

lést á Landspítalanum mánudaginn 31. ágúst. Útför fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 11. september kl. 15.00. Vegna aðstæðna í samfélaginu verður athöfnin einungis fyrir nánustu fjölskyldu og vini.

Hrafnhildur Proppé — **Guðmundur Sigurðsson**
Ágústa Björk Hestnes — **Eggert Arngrímur Arason**
Hólmfríður Erla Hestnes
barnabörn og barnabarnabörn.

20%-60%

FJÖRÐUR

8.-12. SEPT.

TILBOÐS DAGAR

/fjordur

GÖTUBITINN MÆTIR 10. SEPT - 16:00-20:00



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Hægari vindur og víða léttskýjað í dag, en dálitlar skúrir SV-lands. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig. Vaxandi sunnanátt og fer að rigna á S- og V-landi í kvöld.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10 °C | 3 ↑	5 °C | 4 ↗	7 °C | 3 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 4 ↘	8 °C | 1 ↑	2 °C | 6 ↑

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 5 ↑	5 °C | 9 ↖	9 °C | 4 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 3 ↓	9 °C | 6 ←	4 °C | 10 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 5 ↖	1 °C | 4 ↙	6 °C | 1 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 3 ↘	9 °C | 1 ↖	6 °C | 1 ←

LÉTT

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7		2	
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

MIÐLUNGS

	9	2		1			6	5
7		4		5			1	
		6	8					2
			9	4				1
	6				5			4
				3	8		2	
8			3				5	
	2				7			
	4	9						

ÞUNG

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3		7			
		4		6	8			
			2	3		8		
	7		9		5			1

Krossgáta

LÁRÉTT
1 veifa
5 hvíla
6 átt
8 málaleitun
10 átt
11 máleining
12 skiki
13 keppni
15 reiknirit
17 gúbba

LÓÐRÉTT
1 aflaga
2 blunda
3 miski
4 samtíða
7 snerting
9 dálitlu
12 æsa
14 hjartardýr
16 íþróttafélag



LÁRÉTT: 1 blaka, 5 rúm, 6 ný, 8 erindi, 10 na, 11 orð, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 brenglа, 2 lúra, 3 ami, 4 andrá, 7 við-koma, 9 nokkru, 12 slága, 14 elg, 16 ír.

Skák

Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson átti leik gegn Peter Svidler á netskákmóti um helgina.

28. Bh7+! 1-0.
Gunnar Erik Guðmundsson, sigraði á Meistaramóti Skákskóla Íslands, fyrir 15 ára yngri, sem fram fór um helgina í Viðey. Batel Goitom Haile varð í öðru sæti og Benedikt Briem í því þriðja.

www.skak.is: Meistaramót Skákskólans.

Hvítur á leik

8	7	5	9	4	6	2	1	3
9	4	1	7	3	2	5	6	8
2	3	6	1	8	5	9	7	4
1	5	7	4	2	8	3	9	6
3	6	8	5	7	9	1	4	2
4	2	9	3	6	1	8	5	7
5	8	4	2	9	7	6	3	1
6	9	3	8	1	4	7	2	5
7	1	2	6	5	3	4	8	9

9	3	1	7	8	6	5	4	2
2	8	5	4	1	3	7	9	6
4	6	7	9	2	5	8	3	1
3	2	8	5	6	1	4	7	9
5	9	6	8	7	4	1	2	3
7	1	4	2	3	9	6	8	5
6	7	3	1	4	2	9	5	8
8	5	2	6	9	7	3	1	4
1	4	9	3	5	8	2	6	7

9	4	2	7	8	3	1	6	5
3	6	7	5	9	1	4	2	8
1	8	5	2	4	6	9	3	7
7	9	6	8	1	2	5	4	3
5	1	8	6	3	4	2	7	9
2	3	4	9	5	7	6	8	1
4	5	3	1	6	8	7	9	2
6	7	1	3	2	9	8	5	4
8	2	9	4	7	5	3	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Stórtæk og útsjónarsöm

María Rún Þrándardóttir sýnir í Kling og Bang. Verk hennar á sýningunni er ljóðræn nálgun á náttúruspjöllum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

María Rún við voldugt og áhrifamikið verk sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hverfandi er yfirskrift sýningar Maríu Rúnar Þrándardóttur í Kling og Bang. Þetta er fyrsta einkasýning Maríu en hún útskrifaðist af myndlistarbraut Listaháskóla Íslands í fyrra.

„Hverfandi er nokkurs konar ljóðræn nálgun á náttúruspjöllum sem munu verða vegna virkjana á Hraunum, sem er hluti hálendisins á Austurlandi. Verði virkjanirnar að veruleika, hafa þær áhrif á öll vatnasvæðin og lífríkið þar í kring. Verk mitt á sýningunni er myndband af einum af fossunum í Fossá. Myndbandinu er varpað á plötu með vatni sem lekur stöðugt í hringrás í laug," segir María sem sést sjálf í myndbandinu og gerir hreyfingar sem bera við fossinn.

„Þetta verk á við svo miklu meira en bara þetta svæði. Það er verið að breyta landinu svo mikið með alls konar framkvæmdum, ekki bara virkjunum. Víðernin á Íslandi hafa minnkað um 70 prósent á síðustu 50 árum. Og alltaf stendur til að gera meira," segir hún.

Sýningarstjórar eru Elísabet Brynhildardóttir og Selma Hreggviðsdóttir. „María útskrifaðist í fyrra og við í Kling og Bang vorum strax þá mjög áhugasöm um verk hennar og það sem hún er að gera. Það er mjög gaman að sjá ungan listamann vera stórtækan í verkum sínum. Hún sýndi það til dæmis í útskriftarverki sínu, en þar var hún fljótandi á sjó inni í plastkúlu," segir Selma.

„Hún er stórtæk og útsjónarsöm, fer alltaf alla leið með verkum sínum þar sem hún fjallar mikið um náttúruvernd," segir Elísabet.

Sýning Maríu er opin til 27. september. Sýningin Porous Tomorrow eftir Aniara Omann er opin á sama tímabili. „Við erum með röð sýninga þar sem við teflum saman tiltölulega nýútskrifuðum listamanni og öðrum sem er lengra kominn," segir Elísabet. „Við fundum sterkan sameiginlegan þráð milli þeirra tveggja. Í verkum sínum fjalla þær um náttúruna, framtíðina og málefni sem brenna á okkur núna."

> **HÚN FER ALLTAF ALLA LEIÐ MEÐ VERKUM SÍNUM ÞAR SEM HÚN FJALLAR MIKIÐ UM NÁTTÚRUVERND.**
> Elísabet Brynhildardóttir

„Þær gera þetta á ólíkan hátt og bæta hvor aðra upp. Það virkar ekki endilega vel að verk listamanna sem sýna saman séu of lík," segir Selma.

Listamannaspjall verður um sýninguna fimmtudaginn 24. september klukkan 20.00.

Andri Snær Magnason tekur þátt í dagskrá í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Andri Snær í Berlín

Andri Snær Magnason verður gestur hátíðarinnar ilb (International Literature Festival Berlin) sem hófst í þessari viku og tekur þar þátt í dagskrá 11. september sem ber heitið Visions of Bioeconomy. Einnig verður hægt að fylgjast með viðburðinum í streymi á vef hátíðarinnar. Íslensk-palestínski rithöfundurinn Mazen Maarouf er líka gestur hátíðarinnar í ár og verður hann í spjalli um bókina sína, Brandarar handa byssumönnum, þann 17. september.

Í Bremerhaven opnar í október sýningin Hafið – Reflections of the Sea sem var í Felleshus, menningarmiðstöð norrænu sendiráðanna í Berlín, fyrr á árinu. Meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru rithöfundarnir Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Hallgrímur Helgason, Jón Kalman Stefánsson, Linda Vilhjálmsdóttir, Ragnar Helgi Ólafsson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Sjón og Steinunn Sigurðardóttir. Sýningarstjóri er Eva Þengilsdóttir.

Fyrstu útgáfur ljóðabóka

Fjölbreytt úrval bóka er á bókauppboði Foldar uppboðshúss, en því lýkur sunnudaginn 20. september kl. 14.00.

Að þessu sinni fer nokkuð mikið fyrir fáséðum fyrstu útgáfum ljóðabóka. Má þar nefna fyrstu bækur Þorsteins frá Hamri, Í svörtum kufli og bókina Tannfé handa nýjum heimi, sem er myndskreytt af Ástu Sigurðardóttur. Þá má nefna Svartar fjaðrir Davíðs Stefánssonar, verk Jónasar Svafár, Það blæðir úr morgunsárinu og Geislavirk tungl, bundnar í fallegt bókband eftir Sigurþór Sigurðsson auk þess sem eintökin eru áritуð af höfundi. Einnig verða boðnar upp tvær af fyrri bókum Jónasar Svafár, myndskreyttar af höfundi.

Kynningar Guðna og Höllu Oddnýjar voru líflegar og skemmtilegar.

Klassíkin okkar á tímum COVID

TÓNLIST

★★★★☆

Blönduð dagskrá í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Daniels Bjarnasonar. Bein útsending á RÚV.

Eldborg í Hörpu

föstudaginn 4. september

Einhver grínisti setti internetið á hliðina nýlega með því að leggja fyrir fólk eftirfarandi gátu: Það tekur 120 manna hljómsveit 40 mínútur að flytja níundu sinfóníu Beethovens. Hvað myndi 60 manna hljómsveit vera langan tíma að gera það sama? Fákunnandi netverjar svöruðu margir: 80 mínútur. En það er alrangt, sinfónía Beethovens tekur alltaf jafn langan tíma, sama hversu margir spila.

Mér datt þetta í hug á föstudagskvöldið, þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt árlegu tónleikana sína Klassíkin okkar undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Tónleikarnir voru í beinni útsendingu; vegna COVID-19 voru sárafáir í Eldborginni í Hörpu. Og ekki bara það, hljómsveitin var óvanalega fámenn, svo hægt væri að viðhalda tveggja metra reglunni. Samt voru verkin ekkert lengur að líða. Tónleikarnir sjálfir voru þó harla langir, en það má rekja til þess að báðar menningarstofnanirnar halda upp á stórafmæli á árinu. Sinfónían er sjötug, RÚV er nírætt.

Vinsæl klassík

Eins og vaninn er á Klassíkinni okkar samanstóð efnisskráin af vinsælli klassík, gjarnan köflum úr stærri verkum eins og fiðlukonsert Mendelssohns, sinfóníu nr. 2 eftir Sibelius og æsilegum þætti úr Eldfuglinum eftir Stravinskí, en þar gekk mikið á. Hljómsveitin var með besta móti, væntanlega vel hvíld eftir sumarið. RÚV var líka í góðu formi, upptakan var í senn hljómmikil og skýr og kynningar þeirra Guðna Tómassonar og Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur voru líflegar og skemmtilegar.

Of langt mál væri að telja allt upp sem hér var flutt, enda tónleikarnir sérlega langir eins og áður segir. Páll Palomares lék einkar fallega hæga kaflann úr fiðlukonsert Mendelssohns, tónmyndunin var hárnákvæm og voldug. Elmar Gilbertsson söng meðal annars Vöggukvæði Emils Thoroddsen af þokka og tilfinningu, og Dísella Lárusdóttir var sömuleiðis með allt sitt á hreinu í Íslensku vögguljóði á hörpu eftir Jón Þórarinsson.

Ruht wohl úr Jóhannesarpassíunni eftir Bach var himneskt. Þar söng Mótettukór Hallgrímskirkju (undir stjórn Harðar Áskelssonar) af næmri tilfinningu fyrir háleitum textanum; útkoman var dásamleg.

Kaldhæðni Emilíönu Torrini

Stemningin var heldur djöfullegri í Ha Ha eftir Emilíönu Torrini, þar sem hún söng sjálf. Lagið, sem er af plötunni Me and Armini frá 2008, byrjaði með sólói á selestu. Það var í fyrstu sakleysislegt, enda hljómar selestan eins og spiladós. En svo kom allt í einu ægilegt glamur. Þetta gaf tóninn fyrir sjálft lagið, sem var skemmtilega kaldhæðnislegt.

Eina sem var aðfinnsluvert á tónleikunum var kynningin á Dauða Ásu úr Pétri Gaut eftir Grieg. Kynnarnir sögðu frá því að kaflinn hefði verið fluttur utan dagskrár á Sinfóníutónleikum árið 1995, til að minnast þeirra sem höfðu látist í snjóflóði nokkrum dögum fyrr. Á meðan þau voru að tala heyrði maður óminn af verkinu. Þegar það svo raunverulega byrjaði á dagskránni var það ekki nærri því eins áhrifaríkt og það hefði getað orðið, vegna þess að því hafði verið þjófstartað. Flutningurinn sjálfur var þó fallegur, hann einkenndist af trega og hjartahlýju.

Í heild voru þetta flottir tónleikar og gefa góð fyrirheit um skemmtilegan vetur fram undan.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Vönduð útsending og fínn tónlistarflutningur.



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

Í kvöld kl. 20

Tíunda þáttaröð þessara margverðlaunuðu þátta sem vakið hafa athygli fyrir nýstárleg og frumleg efnistök og miðlun fjölbreytileika íslensks samfélags. Umsjónarmenn: Andri Freyr Hilmarsson, Ásgeir Tómas Arnarson, Elva Björg Gunnarsdóttir, Katrín Guðrún Tryggvadóttir, Magnús Orri Arnarson og Steinunn Ása Þorvaldsdóttir.

RÚV okkar allra

HRINGBRAUT

20.00 Þjóðleikhúsið í 70 ár Stóraf-mælis Þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leik-hússfólksins.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í þættinum er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með að-stoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á 21 er upplýsandi umræðu- og frétta-skýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og er-lendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 30 Klinikin Í þáttunum fylgir Helga María Guðmunds-dóttir konum í gegnum ferlið á fegrunaraðgerðum hjá Kára Knúts – atriði í þættinum geta valdið óhug viðkvæmra áhorfenda.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2004-2005
13.25 Á tali hjá Hemma Gunn 1993-1994
14.40 Gettu betur 2012
15.45 Kastljós
16.00 Menningin
16.10 Ljósmyndari ársins
16.40 Poppkorn 1987
17.20 Húsbyggingar okkar tíma
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hrúturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Með okkar augum Tíunda þáttaröð þessara margverð-launuðu þátta sem vakið hafa athygli fyrir nýstárleg og frumleg efnistök. Fólk með þroskahömlun vinnur þættina með fagfólki í sjónvarpsgerð og miðlar þannig fjölbreytileika íslensks samfélags. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir.
20.30 Kæra dagbók Kære dagbog Nokkrar hugrakkar manneskjur lesa upp úr dagbókum sínum frá unglingsárunum og deila með okkur dýpstu leyndarmálum ung-dómsins.
21.00 Versalir Versailles
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lifað í voninni Dokument inifrån. Roy måste leva Roy er aðeins nokkurra mánaða gamall þegar Maja fær þær upplýsingar að hann muni líklegast ekki lifa tveggja ára afmælið sitt – og að eina von hans sé tilraun með ný lyf. Sænsk heimildarmynd um baráttu fjölskyldunnar fyrir Roy litla.
23.20 Undirrót haturs Why We Hate
00.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 PGA Tour 2020
12.00 PGA Tour 2020
17.00 PGA Highlights 2020
17.55 Champions Tour Highlights 2020
18.45 The Amateur Championship Highlights
19.35 The Womens Amateur Championship Highlights
20.25 PGA Tour 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Unicorn
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife
20.00 The Block
21.00 Transplant Læknadrama af bestu gerð þar sem fylgst er með lækni bráðamóttöku, sem flýja þurfti heimaland sitt.
21.50 68 Whiskey
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Hawaii Five-0
01.00 Blue Bloods Dramatísk þáttaröð um yfirmann lög-reglunnar í New York og fjölskyldu hans.
01.45 Get Shorty
02.40 Mr. Robot
03.25 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Bleikmáninn rís - Líf og list Nicks Drake (1 af 4).
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta Eiríkur Bergmann
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (34 af 49).
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.30 Mamma Mia. Here We Go Again
12.20 Ice On Fire
14.00 The Devil Wears Prada
15.45 Mamma Mia. Here We Go Again
17.35 Ice On Fire
19.10 The Devil Wears Prada
21.00 Bad Moms
22.35 Widows
00.45 The Kid Who Would Be King
02.40 Bad Moms

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Hálendisvaktin
10.35 Masterchef USA
11.15 Brother vs. Brother
11.55 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
12.55 Falleg íslensk heimili
13.20 Á uppleið
13.45 Grand Designs
14.30 Gullli Byggir
15.05 Lóa Pind. Bara geðveik
15.40 Sporðaköst 6
16.10 Kórar Íslands
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Matarbíll Evu
19.35 First Dates
20.25 The Commons
21.15 Quiz
22.05 Absentia
22.45 Sex and the City
23.15 NCIS. New Orleans
00.00 Animal Kingdom
00.45 Animal Kingdom
01.30 Animal Kingdom
02.10 Counterpart
03.05 Counterpart

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Modern Family
21.05 Warrior
21.50 Watchmen
22.55 High Maintenance
23.20 Næturvaktin
23.50 Friends
00.10 Friends
00.35 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

09.10 Holland - Ítalía Útsending frá leik í Þjóðadeild UEFA.
10.50 Leiknir R. - Fram Útsending frá leik í Lengjudeild karla.
12.30 Rosengård - Djurgården Útsending frá leik í sænsku úrvals-deildinni.
14.15 Uppgjörsþáttur Evrópu-deildarinnar 2019/2020
15.05 Danmörk - Belgía Útsending frá leik í Þjóðadeild UEFA.
16.50 Selfoss - Valur Bein út-sending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
19.05 Breiðablik - Stjarnan Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
21.15 Seinni bylgjan - kvenna Markaþáttur Olísdeildarinnar.
22.25 Seinni bylgjan - karla Marka-þáttur Olísdeildarinnar.
23.55 Belgía - Ísland
01.40 Þjóðadeildarmörkin

STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Belgía - Ísland Útsending frá leik í Þjóðadeild UEFA.
09.40 Frakkland - Króatía
11.20 Danmörk - England
13.00 Þjóðadeildarmörkin
13.25 Spánn - Úkraína
15.05 Sviss - Þýskaland
16.45 PGA Highlights 2020
17.45 Frakkland - Króatía
19.25 Danmörk - England
21.05 Belgía - Ísland
22.50 Þjóðadeildarmörkin
23.10 Principal Charity Classic

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

BÓKA MARKAÐUR

Á FISKISLÓÐ 39

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19



99 kr. TILBOÐ

990 kr./stk.

Klassískar bækur eftir Guðrúnu Helgadóttur



9.990 kr.

990 kr.



1.290 kr.

990 kr.

1.490 kr.

1.990 kr.

990 kr.

1.990 kr.

1.490 kr.

HÁTT Í 5.000 TITLAR

ÓTRÚLEGT VERÐ!



*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

Drykkfelldur braskari hristir vel upp í Húsdýragarðinum

Í það minnsta tvær grímur og einn svínshaus renna á starfsfólk Húsdýragarðsins þegar drykkfelldur braskari eignast hann og kynnir háleitar hugmyndir um að breyta honum í einhvers konar Disney World undir merkjum Eurogarðsins.

Gamanþáttaröðin Eurogarðurinn gerist í Húsdýragarðinum og fjallar um dramatísk eftirmál þess að drykkfelldur braskari með háleitar hugmyndir kaupir garðinn til þess að breyta honum í einhvers konar Disney-World sem hann kallar Eurogarðinn.

Starfsfólkið gegnir mikilvægu hlutverki í stórkostlegum áætlunum athafnamannsins um framtíð Eurogarðsins, en þar er á ferðinni mislitur hópur með ólíkar hugmyndir um framtíðina og misjafnar væntingar til lífsins. Mannauðurinn á því erfitt með að sætta sig við nýja eigandann og framtíðarsýn nýja eigandans, þannig að fljótt verður ljóst að það verður á brattann að sækja og ekki verði komist hjá árekstrum.

Jón Gnarr leikur viðskiptamanninn vafasama en auk hans eru Anna Svava Knútsdóttir, Auðunn Blöndal, Steindi Jr. og Dóri DNA frek til fjörsins í stórum og litskrúðugum leikhópnum.

Það er Glassriver sem framleiðir Eurogarðinn fyrir Stöð 2 en Arnór Pálmi Arnarson leikstýrir auk þess sem hann skrifar handritið ásamt Önnu Svövu, Dóra, Steinda og Audda. **toti@frettabladid.is**

Jón Gnarr leikur braskarann sem rekst á ýmis ljón á vegi sínum frá Húsdýragarðinum til Eurogarðsins.

Anna Svava og Auðunn Blöndal fara með stór hlutverk í Eurogarðinum.

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir kaupir ekki hvaða dellu sem er í Eurogarðinum. MYNDIR/LILJA JÓNS

Mannauðurinn í Eurogarðinum lætur illa að stjórn.

Handritshöfundurinn Dóri DNA bregður einnig á leik fyrir framan tökuvélarnar og virðist nokkur ráðvilltur.

Stemningin í garðinum er á köflum grátbrosleg og ef til vill ekki von á öðru en sumir bugist og hengi haus.

Arnór Pálmi Arnarson leikstjóri þarf að leysa ýmsar flækjur og vandræði.



Steindi kemst að því hvar Davíð keypti ölið þegar Jón Gnarr eignast Húsdýragarðinn.

Í KVÖLD 19:10

Matarbíll Evu

Eva Laufey ferðast um á matarbíl, heimsækir bæjarfélög og heldur sína eigin matarhátíð. Hún fær hjálp heimafólks að finna bestu hráefnin sem annað hvort eru ræktuð eða framleidd á svæðinu. Hún heldur síðan veislu með bæjarbúum um kvöldið á hverjum stað.

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

TAX FREE
AF ÖLLUM VÖRUM* Í ÖLLUM DORMA VERSLUNUM
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði
Láttu drauminn rætast

www.dorma.is
SENDUM FRÍTT
* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.
NATURE'S REST LUXURY
heilsurúm með Classic botni
VERÐDÆMI

160 x 200 cm Nature's Rest Luxury heilsudýna á Classic botni: Fullt verð: 99.900 kr.
Aðeins 80.565 kr.
Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði
DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

Eftir að hafa rekist á meðal annars klámvegg og komist eftir alls kyns krókaleiðum að hjörtum íslenskra karlmanna, hefur Rósu Björk Bergþórsdóttur og Maríu Lilju Þrastardóttur loksins tekist að koma ástarsögum þeirra út á bók.

Ástarsögur karlmanna sóttar úr klámþokunni

Framhald bókarinnar Ástarsögur íslenskra kvenna eftir **Maríu Lilju** og **Rósu Björk** er loks komið, en subbulegar klámfantasíur þvældust fyrir þegar þær reyndu að fá karla til að opna hjörtu sín.

Fjögur ár eru liðin síðan María Lilja Þrastardóttir og Rósa Björk Bergþórsdóttir gáfu út bókina Ástarsögur íslenskra kvenna og nú er framhaldið, Ástarsögur íslenskra karla, loksins komið út, en vinkonunum reyndist mun erfiðara að draga innilegar frásagnir upp úr körlum en konum.

„Við byrjuðum að vinna þessa bók í kjölfar þess að kvennabókin kom út og það vannst ágætlega svona til að byrja með," segir María Lilja um nýju bókina sem hún segir vera „eðlilegt framhald" þótt seint sé.

Hún segir að til að byrja með hafi þeim gengið nokkuð vel að safna frásögnum frá karlmönnum. „Það kom alveg slatti af sögum en eftir smá tíma lentum við svolítið á vegg," segir María Lilja um það þegar einu sögurnar sem bárust þeim verður best lýst sem ógeðslegu og subbulegu klámi.

VIÐ VORUM FARNAR AÐ FÁ SVOLÍTIÐ MIKIÐ AF SÖGUM SEM VORU EINHVERN VEGINN FREKAR EINS OG FANTASÍUR UNGRA, GRAÐRA KARLA.

Klámveggurinn

„Við vorum farnar að fá svolítið mikið af sögum sem voru einhvern veginn frekar eins og fantasíur ungra, graðra karla."

María Lilja segir að þær hafi eiginlega ákveðið að hætta þarna, þar sem þær ætluðu sér ekkert að fara að ritstýra einhverjum fantasíusögum. „Og ef þetta var sá skilningur sem karlar ætluðu að setja í ástina þá nenntum við ekkert að vera eitthvað að breyta því. Þannig að við lentum bara, eins og ég segi, á vegg."

Þegar á reyndi voru vinkonurnar þó ekki alveg tilbúnar til að gefa ástarsögur karlmanna upp á bátinn. „Og við ákváðum að fara aðeins yfir þetta aftur og blása einhvern veginn smá lífi í þetta, vegna þess að þeir karlar sem við höfðum jú vissulega átt í góðu samstarfi við voru voðalega spenntir auðvitað fyrir því að sögurnar þeirra kæmu út í bók og svona. Eðlilega, því þetta er náttúrlega mjög persónulegt og þeir voru að deila rosalega fallegum og einlægum hlutum með okkur, þannig að við fórum að skoða þetta aftur, en þá kemur #MeToo-byltingin."

í reikninginn

María Lilja segir að þarna hafi þeim ekki þótt við hæfi að gefa út ástarsögur karla. „Þetta var bara einhvern veginn hvorki staðurinn né stundin og okkur fannst ekki að raddir karla þyrftu að heyrast akkúrat á þessum tímapunkti. Okkur leið eins og við værum þá að setja þetta byltingunni til höfuðs. Eða eitthvað. Þannig að þessi ágæta bók var sett aftur á ís."

Enn og aftur reyndust þær þó ekki tilbúnar til að slá verkefnið af endanlega og aftur var farið af stað. „Þá fannst okkur vanta svolítið upp á dýptina í bókinni. Kannski vegna þess að við höfðum ekki alveg náð til þessara eldri karla. Fimmtugra og eldri."

Þær ákváðu því að tefla fram karlmanni og töluðu við útgefandann sinn, Bjarna Þorsteinsson hjá Bjarti. „Við fengum hann til liðs við okkur og hann hjálpaði okkur eiginlega að finna sögurnar sem okkur vantaði þannig að nú er bókin loksins komin og er bara mjög fín."

Alls konar ást

Sögurnar í bókinni eru af öllu tagi og sumar eru, eins og það er orðað í káputexta, „rómantískar, aðrar dálítið groddalegar, sumar fyndnar, aðrar sárar og sorglegar. En í öllum sögunum er ástin yfir og allt um kring í öllum sínum margbreytileika."

Með samstilltu átaki þeirra þriggja og nokkuð skrautlegu vinnsluferli, rötuðu sögur úr lífi ungra manna og eldri, gagnkynhneigðra, samkynhneigðra og kynsegin í bókina.

„Við ræddum það svolítið okkar á milli og ég held að það hafi kannski bara verið ákveðin skekkja og bara naívismi í okkur sjálfum, eða hroki, að karlar vildu eitthvað endilega ræða þessi mál við okkur," segir María Lilja,

„Ég meina, ef maður ætlar að opna sig og vera voðalega mjúkur og væminn og eitthvað þannig og er gefinn vettvangur til þess, þá vill maður einhvern veginn eiga samtalið við jafningja sína.

Mörgum hefur örugglega bara hreinlega fundist það óþægilegt að eiga þetta samtal við okkur, og þær sögur sem Bjarni náði eru eitthvað sem við hefðum aldrei getað fengið, en svo aftur á móti eru sögurnar sem við fengum eitthvað sem Bjarni hefði heldur ekki náð, þannig að þetta var hið gullna samstarf."

En sluppu einhver sýnishorn af klámfantasíunum í bókina?

„Já, já. Já, já, já. Það eru bullandi brjóst sko," segir María Lilja og skellihlær. „Og bara grín, alvara og hjartasár og bernskubrek. Þetta er bara eins og fyrri bókin og bara mjög eðlilegt framhald af henni."

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

BORGARFERÐ
TIL AKUREYRAR

LÁTTU FARA VEL UM ÞIG OG ÞÍNA **Á BESTA STAÐ** Í HÖFUÐSTAÐ NORÐURLANDS

SAMKVÆMT TRIP ADVISOR

TILBOÐ

STÚDÍÓÍBÚÐ án potts	STÚDÍÓÍBÚÐ með potti	HÚS með heitum potti
2 nætur kr. 22.000	2 nætur kr. 29.000	2 nætur kr. 56.000
3 nætur kr. 32.000	3 nætur kr. 41.500	3 nætur kr. 81.000

Þetta tilboð skal staðgreiða og er óafturgreiðanlegt.
Hægt er að breyta dagsetningum bókunar með minnst 5 daga fyrirvara.

TAKMARKAÐ FRAMBOÐ

SÆLUHÚS
AKUREYRI HOTEL

Búðartröð 2 / www.saeluhus.is / info@saeluhus.is / Sími 412 0800

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR
ÁRMÚLA 42
Stóraukið úrval af gömlu!
OPIÐ mán.-lau. kl. 11-18
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar

Tvö vandamál

Við stöndum frammi fyrir tveimur meiriháttar vandamálum á sama tíma, sem ógna lífsgæðum okkar og þar með heilsu: loftslagshlýnun og kórónaveirukreppunni. Kórónaveirukreppan þarfnast ekki bara bráðaaðgerða eins og þeirra sem stjórnvöld hafa þegar gripið til, heldur einnig tafarlausra aðgerða sem snúa að efnahagsbata til lengri tíma. Þótt hlýnandi loftslag sé ekki nýtilkomið, og verði ekki leyst með töfralausnum, þá þarfnast það tafarlausra aðgerða. Tíminn vinnur ekki með okkur.

Í ljósi stöðunnar megum við ekki grípa til aðgerða vegna annars vandans án þess að meta hvaða áhrif þær hafa á hinn. Það vill svo vel til að lykillausnir að báðum vandamálunum eru þær sömu: nýsköpun og fjárfesting. Ein alvarlegasta afleiðing kórónaveirukreppunnar er atvinnuleysi, sem var 8,8% í síðustu mælingu. Nýsköpun og fjárfesting er lykillinn að sköpun starfa.

Það er nauðsynlegt að skapa jákvæða hvata til að markmið um kolefnishlutleysi náist. Fjárfesting þarf að eiga sér stað í til dæmis nýsköpun til að þróa nýja tækni. Orkuskipti þurfa að eiga sér stað í samgöngum með fjárfestingu í innviðum og samgöngutækjum. Fyrirtæki þurfa að fjárfesta í nýjum tækjum, bílum og skipum sem nota minni orku og fjárfesta þarf í flutningskerfi raforku svo að atvinnulíf um land allt hafi greiðan aðgang að grænni orku. Græn fjármögnun er lykilþáttur í að tryggja að allt þetta gerist.

Þótt lausnirnar séu augljósar er ekki augljóst að okkur lánist að nýta þær. Til þess að svo megi verða þarf að búa atvinnulífinu gott umhverfi með jákvæðum hvötum, lágum sköttum og lagaumhverfi sem er ekki óþarflega íþyngjandi.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

AVA SKÓGARBERJA/ APPELSÍNU - 330 ML
129 KR/STK
391 KR/L

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Enski boltinn hefst á laugardag!

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir komandi tímabil sem hefst á laugardag á **Síminn Sport**. Tómas Þór og félagar sjá til þess að þú fáir allt það helsta heim í stofu til þín. Nú er boltinn hjá þér.

Þú færð áskrift að Síminn Sport á siminn.is